



**SKOÐUN** Margrét Júlfa Rafnsdóttir skrifar um fátækt barna á Íslandi. **13**



**MENNING** Vinna með Þjóðinni. Listamiðstöð opnuð í Tjarnarbíói. **22**



**LÍFIÐ** Hamborgarabúlla Tómasar verður opnuð í Berlín í apríl. **30**



**SPORT** Íslenska kvendagsliðið í handbolta mætir Frökkum í kvöld. **26**

**SUMAR**  
í  
**BARCELONA**  
FRÁ  
**19.990** kr.



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

26. mars 2014  
72. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## MARKAÐURINN



### Vefurinn fellur undir fjarskiptalög

Fjarskiptalög ná yfir þjónustufödu Vodafone sem ráðist var á í lok nóvember. Félagið hefur ekki ákveðið hvort ákvörðun PFS verði áfrýjað.

### FRÉTTIR

**Séreisparnaður í íbúðir** Þráttu þúsund heimili án húsnæðisskuldna mega nota séreisparnað til kaupa á fyrstu íbúð. Um 70 þúsund heimili fá skuldaleiðréttingar. **6**

**Framandi laxastofn** Erfðanefnd landbúnaðarins segir fulla ástæðu til að huga að áhrifum norsks eldisstofns á villta íslenska stofna. Lagaákvæði þurfi um vöktun á erfðablöndun. **8**

**Dæmdir til dauða í hópum** Dauðadómar yfir 529 manns á einu bretti í Egyptalandi vekja hörð viðbrögð. Dómstóll frestaði í gær dómupplýðingunni yfir nærri 700 manns. **11**



Bolungarvík	4°	S	11
Akureyri	4°	SV	8
Egilsstaðir	6°	SSA	11
Kirkjubæjarkl.	5°	SA	7
Reykjavík	6°	SSA	9

**Rigning** Í dag má búast við S- og SA-strekkingi víða um land en lægir er líður á daginn. Töluverð rigning sunnan og suðvestan til um tíma. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk



# Bakslag í kennaraviðræður

Afar þungt hljóð er í samninganefndum framhaldsskólakennara og ríkisins. Kennarar undrast hve lengi tekur að semja og segja ábyrgðina liggja hjá ríkinu. Skoða á tilboð ríkisins ofan í kjölinn á fundi klukkan tíu í dag.

**KENNAVERKFAÐ** Kjaraviðræðum ríkisins og Kennarasambands Íslands lauk á sjötta tímanum í gærkvöldi.

Samninganefnd kennara hafði óskað eftir því að ríkið legði fram raunhæfa málamiðlun í launadeilu aðilanna í gær. Þær launatölur sem ríkið gat boðið voru lagðar fram seinnipart dags og farið yfir þær á fundi. Það endaði á þann veg að samninganefnd kennara sleit fundi fyrir en tíðkast hefur síðustu daga.

Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður samninganefndar kennara, vildi ekki tjá sig um það tilboð sem ríkið hafði borið á borð. „Við settumst yfir málin seinnipartinn og vorum búin að nefna að það væri

mjög æskilegt að ríkið myndi tjá sig um launatölur, það var gert á fundi seinnipartinn. Ég vil ekkert tjá mig um stöðuna fyrir en við erum búin að funda aftur með ríkinu í fyrramálið.“

Samninganefnd kennara var bjartsýn eftir samningafund á mánudag en svo virðist sem bakslag hafi komið í viðræðurnar í gær.

„Það eru engar fréttir af deginum í dag. Við erum undrandi á því hvað þetta dregst lengi og lýsum fullri ábyrgð á hendur ríkisvaldinu að halda skólunum og nemendum svona lengi í verkfalli,“ segir Ólafur



**AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR**

Hjörtur Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda í framhaldsskólum. „Við áttum von á því að þetta myndi ganga betur í dag en gerði. Það er frekar þungur tónn í okkur.“

Ólafur vildi bíða eftir áframhaldandi fundi samninganefndar og ríkis í dag. „Við áttum von á því að þetta myndi ganga betur í gær en svona er þetta. Það gengur stundum fram og til baka.“

Gunnar Björnsson, formaður samninganefndar ríkisins, tekur undir að róður viðræðnanna sé þungur.

„Ég lifi á því að vera bjartsýn

„Ég lifi á því að vera bjartsýn en það er mjög alvarleg staða uppi.“

Gunnar Björnsson, formaður samninganefndar ríkisins

en það er mjög alvarleg staða uppi. Við erum að reyna að gera allt sem við getum til að koma því þannig fyrir að hægt sé að hefja skólastarf að nýju.“ Hann þorir ekki að segja til um hvort aðilum gæti tekist að semja fyrir vikulok.

Fulltrúar framhaldsskólakennara og samninganefnd ríkisins halda viðræðum áfram klukkan tíu í dag. Þá verður tilboð ríkisins skoðað ofan í kjölinn.



**HÖRD BARÁTTA** Íslenska kvendagsliðið í íshokki lék við Slóveníu í 2. deild heimsmeistaramóts kvenna í Laugardal í gærkvöldi. Ísland tapaði leiknum 2-5 en vann Tyrkland á mánudag og mætir Króatíu á fimmtudag.



**SLÉTTBAKUR** Helstu tímgunarstöðvar Íslandssléttbaksins eru við Nova Scotia.

## Íslandssléttbakur í vanda: Tímgast á afar erfiðri skipaleið

**VÍSINDI** Helstu tímgunarstöðvar Íslandssléttbaksins eru á fjölförnum skipaslóðum út af ströndum Nova Scotia. Þetta hafa líffræðingar nú staðfest og skýra frá niðurstöðum sínum í vísindatímaritinu PLOS One.

Náttúruverndarsinnar hafa lengi haft illan grun um að einmitt á þessum erfiðu slóðum sé tímgunarstöðvar sléttbaksins að finna.

Sléttbakurinn á Norður-Atlantshafi hefur lengi verið metinn í útrýmingarhættu og veiðar á honum þar af leiðandi bannaðar, enda ekki vitað nema um 400 til 500 dýr.

Systkinin Michaela Angela og Alexander Oliver týndust í Svíþjóð í desember:

## Interpol leitar íslenskra barna

**SAKAMÁL** Auglýst er eftir tveimur íslenskum börnum á vefsíðu alþjóðalögreglunnar Interpol. Þau eru systkini og heita Michaela Angela, tíu ára, og Alexander Oliver, tólf ára.


Samkvæmt tilkynningu frá Interpol hvarf Michaela 17. desember síðastliðinn en Alexander tíu dögum síðar. Bæði voru þau numin á brott í Svíþjóð.

Móðir barnanna, Gína Júlfa

Waltersdóttir, er 36 ára og búsett erlendis. Faðirinn, Goran Grcic, er 35 ára og búsettur í Nacka sem er úthverfi Stokkhólms. Hann er kvæntur Linneu Grcic en þau gengu í hjónaband fyrir tæpu ári.

Móðurafi og -amma barnanna heita Alma Ólafsdóttir og Walter Tryggvason. Þau búa erlendis.

Bróðir Walters, sem býr á Íslandi, vildi ekkert ræða málið við Fréttablaðið í gærkvöld. - fb



**TÝND BÖRN** Michaela Angela og Alexander Oliver.

next

MIKIÐ ÚRVAL AF JAKKAFÖTUM FYRIR FERMINGUNA

Verð frá kr. 19.980.-

NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

Fyrri sending seldist upp

Ný sending komin í verslanir!

natures aid  
Raspberry Ketones ADVANCE 400mg with Green Tea  
60 CAPSULES

gengurvel.is

## SPURNING DAGSINS



Vilhelm, þjóðið þið í eftirpartí?

Ætli þetta breytist ekki í pottapartí. Vilhelm Þór Neto er meðlimur Stúdentaleik-hússins en leikhópurinn setur upp verkið Djammíð er snilld í einum af gömlu vatns-tönkum Perlunnar.

Síbrota maður þarf að sitja í gæsluvarðhaldi fram í miðjan apríl:

## Grunaður um skotárás og ofbeldi

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur staðfesti á mánudag gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manni sem grunaður er um skotárás, líkamsárás og þjófnaði.

Þann 10. janúar síðastliðinn leit aði maður á slysadeild með skotsár í andliti eftir loftbyssu. Hringt hafði verið í hann um nóttina í þeim tilgangi að kaupa af honum fíkniefni en þegar á staðinn var komið var maðurinn skotinn í andlitið með loftbyssu og því næst gengið í skrokk á honum. Lögregla hringdi til baka í það númer sem hringt hafði verið úr


til að kaupa fíkniefnin og þá svaraði hinn grunaði. Hann neitar sök í málinu.

Maðurinn var aftur handtekinn að morgni þriðjuddagsins 18. mars. Þá var hann í félagi við annan mann að elta þann þriðja með hafnaboltakylfu. Sá sem varð fyrir líkamsárásinni sagðist hafa verið sleginn tvisvar í andlitið af mann-

inum sem nú situr í gæsluvarðhaldi.

Maðurinn er jafnframt grunaður um fjóra þjófnaði, meðal annars á fartölvum, bíllyklum og ávisanahefti. Hann á að baki langan brotaferil sem nær til ársins 2006.

- ssb



**LOFTBYSSA** Vitni bera að maðurinn hafi haft í förum sínum svarta skammbyssu áþekka þessari.

MYND/GETTY

## Tugir látnir í ebólufaraldri: Ebólusjúklingar settir í sóttkví

**GÍNEA** Allt að sextíu manns hafa látið lífið í ebólufaraldri í Gíne. Tuttugu ár eru frá því síðast kom upp ebólufaraldur, en ebóla er bráðsmítandi og einn banvænasti veirusjúkdómur heims.

Sjúklingar, smitaðir af ebólu, hafa verið settir í sóttkví á sjúkrahúsi í borginni Gueckedou í sunnanverðri Gíne. Tveir aðrir eru undir læknishendi annars staðar í landinu. Að jafnaði verður ebóluveiran um 90 prósentum smitaðra að bana.

- gb



**TELUR NÝJU RÚBLURNAR** Eftirlaunaþegar á Krímskaga fengu eftirlaunin sín í fyrsta sinn greidd út í rúblum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varnarmálaráðherra Úkraínu sagði af sér og nýr tók við:

## Gagnrýndur fyrir sein viðbrögð

**ÚKRAÍNA, AP** Igor Tenjúk, varnarmálaráðherra Úkraínu, sagði af sér í gær. Hann hafði verið gagnrýndur fyrir að hafa ekki brugðist nógu röggsamlega við aðgerðum Rússa á Krímskaga.

Tenjúk sagði þó ekkert hæft í því að hann hefði ekki gefið úkraínskum hermönnum á Krímskaga skýr skilaboð.

Þingmenn hugðust í fyrstu ekki fallast á afsögn hans, en létu síðar gott heita að Mikhaíl Kóval tæki við embættinu.

Úkraískir hermenn héldu í gær áfram að yfirgefa Krímskaga. Um 4.400 hermenn og 2.200 aðstandendur þeirra hafa óskað eftir að fara þaðan, en það er um þriðjungur úkraínska herliðsins á Krímskaga.

- gb

Selja eftirlitsmyndavélakerfi:

## Loka athvarfi vændiskvenna

**FÉLAGSMÁL** Stígamót hafa auglýst til sölu fjórar eftirlitsmyndavél- ar sem áður gegndu eftirlitshlut- verki við Kristínarhús.

Húsnæðið var rekið af sam- tókunum og hýsti vændiskonur sem vildu flýja aðstæður sínar og komast út úr vandanum með aðstoð Stígamóta. Aðstöðunni var lokað 1. janúar síðastlið- inn vegna þess að Stígamót sáu fram á að geta sinnt hópnun betur með öðrum og ódýrari leiðum.

Eftirlitsmyndavélakerfið var keypt á 800 þúsund krónur og var notað um mjög skamma hríð. Stígamót óska tilboða í kerfið.

- sss

Kjarnorkufundur í Haag:

## Vilja efla varnir gegn kjarnorku

**HOLLAND, AP** Tugir ríkja hafa komið sér saman um að fara nýjar leiðir við að verjast kjarnorkuógn.

Mark Rutte, forsætisráðherra Hollands, segir lokayfirlýsingu kjarnorkuráðstefnunnar í Haag vera metnaðarfulla, og hafa Japanir, Ítalir og Belgar meðal annars samþykkt að minnka til muna birgðir sínar af afdguðu úrani og plútóni, sem hægt væri að nota í kjarnorkuvopn. Fundir af þessu tagi hafa verið haldnir reglulega síðan 2010, að frumkvæði Barack Obama Bandaríkjaforseta. Síðan þá hefur þeim ríkjum, sem ráða yfir efnum til að smíða kjarnorku- vopn úr, fækkað úr 35 í 29.

- gb

# Ráða Seljavallalaug án afskipta annarra

Formaður Ungmennafélagsins Eyfellinga, sem á Seljavallalaug, segir moldviðri í kringum laugina; hún sé í ágætu standi og viðhald ekki aðkallandi. Byggðaráð Rangárþings eystra og Minjastofnun telja brýna þörf fyrir endurbætur á lauginni.

**MENNINGARMÁL** „Í gegnum tíð- ina hefur lauginni verið haldið við af sjálfboðaliðum en ljóst er að nú þarf að leggja í talsverðan kostnað við mannvirkin til að þau líti sem best út og til að tryggja endingu þeirra,“ segir í tillögu um viðhald á Seljavallalaug sem sam- þykkt var í byggðaráði Rangár- þings eystra.

„Laugin og húsið eru ekkert í slæmu ástandi,“ segir hins vegar Ármann Fannar Magnússon, formaður Ungmennafélagsins Eyfellinga sem á og annast Seljavalla- laug. „En auðvitað þarf að halda öllu við en það er ekkert aðkall- andi eins og þetta sé að skemmast eða hrynja.“

Seljavallalaug var friðlýst árið 2006. Árið 2012 veitti húsafríð- unarsjóður tvö hundruð þúsund króna styrk til endurbóta á laug- inni en styrkurinn var ekki nýttur og féll niður í janúar í fyrra.

Í nýlegu bréfi til formanns Ungmennafélagsins segir Minja- stofnun Íslands brýnt að tryggja „varðveislu þessa einstæða mann- virkis“, eins og segir í bréfinu. „Er starfsmenn Minjastofnunar komu að lauginni síðastliðið sumar var ástand hennar bágborið og augljós þörf á viðhaldi, þá ekki síst í bún- ingsklefahúsi.“

Byggðaráðið tekur undir áhyggjur Minjastofnunar af Selja- vallalaug sem hafi mikið aðdrátt- arafli fyrir ferðamenn. „Eftir- sóknarvert er að viðhalda þessu einstæða mannvirki og ljóst þykir að stjórnvöld hafa sýnt varðveislu menningarminja aukinn áhuga síðastliðið ár, sem er vel. Er til- gangur tillögunnar að farið verði



SELJAVALLALAUG Pannig var staðan við Seljavallalaug í október í fyrra.

MYND/PÁLL ANDRÉSSON

markvisst í að kanna hvort og þá hvernig sveitarfélagið og opin- berir aðilar geti lagt þessa þarfa verkefni lið,“ segir byggðaráðið.

Fundað var með forsvarsmön- num laugarinnar fyrir rúmri viku. Ármann segir enga sérstaka nið- urstöðu hafa verið af þeim fundi. „Sveitarstjórnin er tilbúin að aðstoða Eyfelling með það sem við viljum en þeir eru náttúrulega ekkert að grípa fram fyrir hendurnar á okkur; við erum með þessa laug og eigum hana,“ segir hann.

Aðspurður segir Ármann mjög mikla aðsókn vera að Seljavalla- laug. „Þú getur rétt ímyndað þér. Það er orðið allan ársins hring. Þetta er í öllum bæklingum fyrir erlenda ferðamenn,“ svarar hann. Ármann segir næstu skref ekki



Peir eru náttúrulega ekkert að grípa fram fyrir hendurnar á okkur; við erum með þessa laug og eigum hana.

Ármann Fannar Magnússon, formaður Ungmennafélagsins Eyfellinga.

ákveðin annað en að sjá um það viðhald sem þurfi. „Í rauninni er ekkert sem bráðlígur á. Þetta er nú hálfgerð moldviðri sem er búið að skapa í kringum þessa laug.“

gar@frettabladid.is

Tillögu Ómars Stefánssonar vísað til forsætisnefndar Kópavogs í gær:

## Vill bæjarfulltrúa í fullt starf

**SVEITARSTJÓRNIR** Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi, lagði í gær fram tillögu um að starfshlutfall bæjarfulltrúa yrði hækkað úr 27 prósentum í 100 prósent. Fyrri til- laga Ómars, sem ekki var lögð fram í bæjarráði, hljóðaði upp á að hlutfallið yrði 100 prósent af þing- fararkaupi sem hefði þýtt hækkan launa úr 170 þús- und krónum á mánuði í 630 þúsund. Fyrir vikið varð mikið fjáðrafok á bæjarstjórnarfundum í gær eftir að sú tillaga hafði birst fyrst á síðunni Kjarninn.is.

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Ómar hafa gert mistök þegar hann afritaði texta frá skýrslu starfs- hóps um bætt vinnubrögð bæjarstjórnar Kópavogs þar sem orðið „þingfararkaup“ var að finna. Það hefði aldrei átt að vera í tillögu hans. „Það var aldrei hugsunin að hækka launin, heldur fyrst og fremst að skilgreina starfið sem fullt starf. Maður á ekki að drýgja tekjurnar með því að vera í bæjar- stjórn heldur eiga menn að vera þar í fullu starfi,“ segir Ómar, sem taldi réttast að leggja tillöguna fram núna þar sem meirihluti bæjarstjórnarfull- trúa hverfi frá störfum á næstunni. Breytingin á að taka gildi um næstu áramót.



Á BÆJARSTJÓRNARFUNDI Hart var deilt um tillögu Ómars Stefánssonar á bæjarstjórnarfundum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aðalsteinn Jónsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðis- flokksins, gagnrýndi tillöguna harðlega. „Ef við samþykkjum að breyta þessu hlutfalli erum við að opna á óútfylltan tækka.“

Á fundi bæjarstjórnar var samþykkt að vísa til- lögu Ómars til forsætisnefndar Kópavogs.

- fb


Skrifstofur Ölgerðarinnar eru lokaðar frá kl. 12 í dag, 26. mars, vegna útfarar Eyrúnar Ingvaldssdóttur.



Grjóthálsi 7-11 110 Reykjavík  
Sími 412 80 00 Fax 412 80 01  
olgerdin@olgerdin.is www.olgerdin.is

# Í dag skilum við 20 milljarða arði til samfélagsins

## Traust fjárhagsstaða




Hlutfall lausafjár af innlánnum er langt yfir lágmarkskröfum eftirlitsstofnana sem er 20%.

## Lægri rekstrarkostnaður

10,1%

Raunlækkun rekstrarkostnaðar á árinu 2013 var 10,1% sem skilar sér í betri kjörum til viðskiptavina.

## Eiginfjárhlutfall umfram kröfur



Eiginfjárhlutfall bankans er langt umfram kröfur eftirlitsstofnana sem nú er 16,7%.



Það er mikilvægur hluti af stefnu Landsbankans að skapa samfélagi og eigendum ávinning af starfsemi sinni.


**Það er stefna Landsbankans að vera til fyrirmyndar á íslenskum fjármálamarkaði. Með því að ávinna okkur traust og ánægju viðskiptavina, stunda hagkvæman en arðsaman rekstur, vera hreyfiafl í íslensku samfélagi og byggja á góðu siðferði náum við því markmiði.**

**Í dag greiðir Landsbankinn hf.** arð til eigenda sinna í annað sinn. Rekstur Landsbankans stendur traustum fótum og ber vitni hagkvæmum rekstri og hóflegri áhættu. Þetta er sérlega ánægjulegt enda er það stefna okkar að með sterkri fjárhagsstöðu geti Landsbankinn skilað samfélaginu ávinningi af starfseminni með þessum hætti.

Hagnaður bankans hefur allur lagst við eigið fé þar til á síðasta ári. Eigið fé er mjög hátt, eða rúmlega 241 milljarður króna. Jafnframt er lausafjárstaða bankans mjög sterk og mætir hann vel kröfum eftirlitsaðila að því leyti. Bankinn hefur því verulegt svigrúm til arðgreiðslna.

Arðgreiðslan er í samræmi við samþykkt aðalfundar Landsbankans hf. 19. mars og nemur 70% af hagnaði síðasta árs. Það er okkur mikil ánægja að tilkynna að arður er rétt tæpir 20 milljarðar króna og útborgunardagur er í dag, 26. mars.

## Ráðstöfun hagnaðar



Arðgreiðslan í dag nemur 70% af hagnaði bankans á síðasta ári. Afgangurinn, eða 30%, bætist við eigið fé bankans og styrkir því enn fjárhagslega stöðu Landsbankans.



SVONA ERUM VIÐ



**Á SÍÐUSTU PRETTÁN ÁRUM HAFA VERIÐ FLUTT INN 5.200 TONN AF SÍGARETTUM TIL ÍSLANDS.**

Árið 2000 voru tonninn 419 en þau voru 414 árið 2013.

Undanþágunefnd fulltrúa framhaldsskólakennara og ríkisins hóf störf í gær, viku eftir að verkfall hófst:

# Engar undanþágur veittar vegna fatlaðra

**KJARAMÁL** Nefnd sem afgreiða á umsóknir um undanþágur vegna verkfalls framhaldsskólakennara hóf störf í gær.

„Það höfðu borist nokkrar umsóknir vegna fatlaðra nemenda en ekki var fallist á nein- ar undanþágubeiðni,“ sagði Sigurður Ingi Andrésson, fulltrúi framhaldsskólakennara í nefndinni og annar nefndarmanna, í gær.

Sigurður var skipaður í nefndina á mánu- dag í síðustu viku en ríkið skipaði ekki sinn fulltrúa fyrr en á föstudag, að sögn Sigurðar. Hann kveðst ekki vita hvers vegna sú skipan dróst. „Við lögðum áherslu á að það yrði gert sem fyrst.“

Fatlaðir nemendur hafa hvorki fengið aðstoð við nám né þjónustu vegna fötlunar sinnar á meðan á verkfallinu hefur staðið. Stjórnvöld í Reykjavík hafa hingað til ekki boðið þeim lengri viðveru í Hinu húsinu vegna verkfallsins. Sveitarfélögin hafa beðið eftir afgreiðslu undanþágunefndarinnar.

„Við vorum búin að vara sveitarfélög á Stór-Reykjavíkursvæðinu við og ég veit að þau biða eftir því að fara að koma inn með aðgerðir. Ég vona að þessir nemendur fái úrlausn sem fyrst hjá sveitarfélögunum,“ sagði Sigurður Ingi.



**Í VERKfalli** Framhaldsskólakennarar fjölmenna í verkfallsmiðstöð sína á hverjum degi.

- ibs

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**REIÐIR AÐSTANDENDUR** Kínverskir aðstandendur farþega vélarinnar fyrir utan sendiráð Malasíu í Peking.

NORDICPHOTOS/AFP

## Flugvélin ekki fundin enn: Kínverjar vilja fá að sjá gögnin

**MALASÍA, AP** Kínversk stjórnvöld krefjast þess nú að fá afhent frá Malasíu gervitungslöggn, sem sögð eru hafa tekið af allan vafa um að týnda flugvélin hafi hafnað í hafinu suðvestur af Ástralíu.

Gera þurfti hlé á leitinni að braki úr vélinni í gær vegna óveðurs, en stefnt er að því að halda leitinni áfram í dag.

„Við erum ekki að leita að nál í heystakk, heldur erum við ennþá að reyna að komast að því hvar heystakurinn er,“ sagði Mark Binskin, yfirmaður í ástralska hernum.

Enn er heldur ekkert vitað um orsakir þess að vélin fórst.

### HALDIÐ TIL HAGA

Staða landsins hvað varðar nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa er betri en fram kemur í nýbirtum tölum Samorku. Í stað þess að hér sé hlutfallið 67 prósent líkt og fram kom í blaðinu í gær er það 76 prósent. Í gögnum Samorku var notast við hlutfall sem lagt var fram í tengslum við samningsafstöðu Íslands í aðildarviðræðum við ESB, þar sem hlutfallið er 14,1 prósent. Breytinguna skýrir bæði aukin hlutdeild endurnýjanlegrar orku og breyttar reikniáðferðir tilskipunar ESB, hefur Samorka eftir atvinnuvegaráðuneytinu.

# Ráðherra sagður refsa LBHÍ

Staða LBHÍ verður rædd á fundi Ágústs Sigurðssonar, rektors skólans, með þingmönnum kjördæmisins í dag. Uppbygging sem ráðast átti í var bundin sameiningu við HÍ. Bændasamtökin segja ráðherra refsa skólanum.

**STJÓRNSÝSLA** Þingmenn Norðurlandskjördæmis vestra funda í dag með Ágústi Sigurðssyni rektor Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) og ræða stöðu skólans og framtíðarhorfur.

Blaðið greindi frá því í gær að vegna þess að ekki verður af sameiningu LBHÍ og Háskóla Íslands (HÍ) hefði verið slegin af innviðafjárfesting sem ráðast átti í á Hvanneyri næstu tvö ár upp á um 300 milljónir króna. Þá þyrfti skólinn að hefja þegar endurgreiðslu uppsafnaðrar framúrkeyslu fjárheimilda upp á 763 milljónir króna.

Með þessu segja Bændasamtökin búna til óvissu um framtíð LBHÍ og um þróun í íslenskum landbúnaði. Þetta kemur fram í yfirlýsingu samtakanna sem Sindri Sigurgeirsson, formaður þeirra, skrifar undir. „Útspil ráðherra vekur furðu í ljósi þess að hann var áður reiðubúinn til þess að byggja upp starfsemi á Hvanneyri og Reykjum. Í stað þess dregur hann nú fram refsivindinn þegar hann nær ekki fram fyrirhugaðri sameiningu,“ segir þar.

Sjálfstæðir og öflugir landbúnaðarháskólar eru jafnframt sagðir mikilvægur hlekkur í framþróun og framtíð landbúnaðarins og forsenda sóknar í matvælaframleiðslu. „Standa þarf vörð um sjálfstæði landbúnaðarháskólanna og ástæða er til að óttast að ef yfirlýsing þeirra færast til Reykjavíkur, fjari fljótlega undan skólum staðsettum á landsbyggðinni.“

Bent er á að í greiningu

ráðgjafa KPMG fyrir vinnuhóp sveitarstjórnar Borgarbyggðar um framtíð háskóla í sveitarfélaginu hafi komið fram að rekstrarfyrirkomulag sjálfs- eignarstofnunar gæti haft marga kosti fyrir LBHÍ. Í hópnum áttu sæti fulltrúa sveitarfélagsins, Bændasamtakanna, atvinnulífs og rektorar LBHÍ og Bifrastar.

Samtökin segja brýnt að skólinn fái heimild til að þróa starf sitt og eignir sem honum tengjast en áætlað verðmæti þeirra sé um 3,5 milljarðar króna. Tillögur sem Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hafi kynnt um tilfærslur og ný verkefni henti þrýðilega sjálfseignarstofnun eða sjálfstæðum ríkisháskóla.

Ásmundur Einar Daðason, einn þingmanna Framsóknarflokks í Norðvesturkjördæmi, segir skoðanir hafa verið mjög skiptar um hvort sameina ætti LBHÍ og HÍ eða auka og þetta samstarf við aðra skóla. Að baki ákvörðun um að sameina ekki liggi úttektir ekki sýni fram á að henni hafi ekki fylgt fjárhagsleg hagræðing.

„Mín persónulega skoðun hefur verið að háskólarnir tveir í



**Á HVANNEYRI** Ráðagerðir yfirvalda menntamála í landinu um uppbyggingu og nýjar stofnanir hjá LBHÍ á Hvanneyri voru tengdar hugmyndum um faglega uppbyggingu samfara sameiningu LBHÍ og HÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fjárlaganefnd um framkvæmd fjárlaga

Í áliti fjárlaganefndar Alþingis um skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga á fyrri helmingi síðasta árs, frá 22. janúar síðastliðnum er fjallað sérstaklega um LBHÍ. Vitnað er til skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem segir: „Landbúnaðarháskóli Íslands hefur um langt skeið stofnað til útgjalda umfram fjárheimildir og safnað upp skuldum við ríkissjóð af þeim sökum. Rekstur skólans á fyrri hluta árs bendir til þess að framhald verði á hallarekstri. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki brugðist með fullnægjandi hætti við þessum vanda. Fyrir liggur að Alþingi hefur ekki aukið fjárveitingar til skólans til samræmis við umfang rekstrar og ber því ráðuneytinu skylda til að sjá til þess að dregið verði úr starfsemi skólans þannig að hún rúmist innan núverandi fjárveitinga.“ Nefndin beindi því til menntamálaráðuneytisins að taka afstöðu til og hrinda í framkvæmd, þegar í febrúar 2014, tillögum um breytingar á Hvanneyri þannig að starfsemin rúmist innan heildarramma ráðuneytisins til háskólamála.

Borgarfirði eigi að horfa til miklu nánara samstarfs og veruleg sóknarfæri séu í því fólgin. Jafnvel mætti líka hafa Háskólann á Hólum með í þeirri mynd,“ segir Ásmundur. Að auki mætti auka samstarf við Menntaskólann í Borgarnesi. „Af hálfu heimamanna hafa verið ýmsar hugmyndir uppi

sem ég er ekki frá því að geti skilað meiri fjárhagslegri hagræðingu og eflt þessar stofnanir.“ Um leið segir Ásmundur Einar, sem situr í fjárlaganefnd þingsins, liggja ljóst fyrir að allar stofnanir verði að standast fjárlög. Sú hlíð hljóti að verða rædd í fjárlaganefnd þingsins, auk þess sem málið í heild verði tekið upp á fundi þingmanna kjördæmisins með rektor LBHÍ í hádeginu í dag.

olikk@frettabladid.is

**ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON**



**SINDRI SIGURGEIRSSON**

**Dansaðu þig í form!**

Fjölbreyttir tímar þar sem bæði er dansað ZUMBA Fitness og ZUMBA Toning. Einföld og skemmtileg dansspor.

- Hefst 1.apríl
- Þri. og fim. kl. 16:30
- Þjálfari: Hjördís Zebitz
- Verð kr. 13.900.-

**HEILSUBORG**

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík  
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

**Veðurspá**

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 19°	Friedrichshafen 12°	New York 3°
Apéna 19°	Gautaborg 6°	Orlando 17°
Basel 13°	Kaupmannahöfn 6°	Ósló 4°
Berlín 11°	Las Palmas 22°	París 12°
Billund 6°	London 9°	San Francisco 15°
Frankfurt 12°	Mallorca 13°	Stokkholmur 4°

**Á MORGUN**  
Yfirleitt SV 3-8 m/s, hvassara allra vestast.

**FÖSTUDAGUR**  
Hægviðri og víða bjart. Kólnar í veðri.

**Soffía Sveinsdóttir**  
veðurfréttamaður

**RIGNING Í DAG** Búast má við töluverðri rigningu um tíma S- og SV-til í dag og einhver úrkoma reiknast í öllum landshlutum. Á morgun eru horfur á rigningu eða súld allra austast og skúrum vestan til. Á föstudag verður hægviðri og úrkumulíði.

**AUGLÝSINGAÐELDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jon@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is

**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson koll@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrrannar Helgason hrrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is



470.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 4.190.000 kr.

**Ford Kuga Titanium S AWD** TKV42  
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.  
Ekinn 71.000 km.  
Ásett verð: 4.660.000 kr. Í ábyrgð

**BÍLADÍLL DAGSINS!**  
Hafðu samband  
strax!



490.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.990.000 kr.

**Ford Escape XLT AWD** PMM87  
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 77.000 km.  
Ásett verð: 3.480.000 kr.



290.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.390.000 kr.

**Ford Explorer Limited 4x4** RB054  
Skráður júní 2007, 4,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 108.000 km.  
Ásett verð: 2.680.000 kr.



300.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.690.000 kr.

**KIA Ceed EX** RYZ21  
Skráður sept. 2012, 1,6Di dísil, sjálfsk.  
Ekinn 4.000 km.  
Ásett verð: 3.990.000 kr. Í ábyrgð

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*



150.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.240.000

**Ford Focus Trend** UVA01  
Skráður nóv. 2012, 1,0i bensín, beinsk.  
Ekinn 21.000 km.  
Ásett verð: 3.390.000 kr. Í ábyrgð



Verð: 1.790.000 kr.

**Mazda3 Touring Plus** LVB32  
Skráður ágúst 2008, 1,6i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 88.000 km.



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.790.000 kr.

**Ford Edge SEL+** EHH56  
Skráður des. 2007, 3,5i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 97.000 km.  
Ásett verð: 2.990.000 kr.

### FINNDU BÍLINN ÞINN



### TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN  
ÞINN OG VIÐ GERUM  
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.  
ENGIN SKULDBINDING

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 5.590.000

**Toyota Land Cruiser 120 VX** ADH19  
Skráður des. 2007, 3,0TDCi dísil, sjálfsk.  
Ekinn 133.000 km.  
Ásett verð: 5.790.000 kr.



260.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.490.000 kr.

**Ford Focus Titanium** OLF07  
Skráður mars 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.  
Ekinn 36.000 km.  
Ásett verð: 3.750.000 kr. Í ábyrgð



Verð: 4.120.000 kr.

**Mazda6 Vision** IEG75  
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 32.000 km.  
Í ábyrgð



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.990.000 kr.

**Toyota Auris** MXJ73  
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.  
Ekinn 70.000 km.  
Ásett verð: 2.190.000 kr.



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 990.000 kr.

**Citroën C4 Saloon Comfort** R0789  
Skráður febrúar 2007, 1,6i bensín, beinsk.  
Ekinn 81.000 km.  
Ásett verð: 1.190.000 kr.



300.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.390.000 kr.

**Nissan X-Trail Elegance** KN151  
Skráður maí 2006, 2,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 127.000 km.  
Ásett verð: 1.690.000 kr.



Verð: 2.590.000 kr.

**Nissan Qashqai LE** HEA59  
Skráður okt. 2007, 2,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 74.000 km.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg



Tilboðsbílar fara  
beint á Facebook!

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á

## VEISTU SVARIÐ?



1. Í hvaða vatni mælast silungastofnar í sögulegu lágmarki?
2. Hvaða íslenski tónlistarmaður er til nefndur til Bafta-verðlaunanna?
3. Hvert er hlutfall nýtingar á endurnýjanlegum orkugjöfum hér á landi?

SVÖR:

1. Mývatn. 2. Ólafur Arnalds. 3. 67 prósent.

## Steingrímur J. Sigfússon gagnrýnir Orkustofnun hart fyrir að leggja fram úreltar virkjanahugmyndir: Vekja „brjálæðislegar“ virkjanahugmyndir

**NÁTTÚRA** Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, lýsti furðu sinni á vinnubrögðum Orkustofnunar við að leggja fram nýja virkjanakosti til meðferðar 3. áfanga rammaáætlunar á Alþingi í gær. Hann telur að vinnu verkefnisstjórnarinnar, staðfestingu Alþingis á þeirri vinnu og lögum um rammaáætlun sé allt í senn „gefið langt nef“ og sett í fullkomna óvissu.

Steingrímur segir frumlegt af Orkustofnun að leita aftur í 20

ára gömul gögn iðnaðarráðuneytisins, svokallaða Hvítbók, til að tiltaka virkjanakosti til skoðunar. „Vita menn hvað er í þessari bók? Það eru fjórar mismunandi útgáfur t.d. af virkjun Hvítár, með eða án Gullfoss. Þannig er þessi bók. Það eru brjálæðislegar hugmyndir um að tæta niður fjölmargar fallegustu laxveiðir landsins, t.d. að veita vatni úr fjórum laxveiðiám í Þistilfirði og á Langanesströnd yfir í eina þeirra, þurrka upp sumar þeirra,

taka vatn úr Selá og Vesturdalsá og skutla því vestur í Hofsá. Það eru tillögurnar í þeirri bók sem Orkustofnun notar sem röksemdir fyrir því að tína út úr henni ýmsar brjálæðislegar 20 ára gamlar hugmyndir um virkjanir af því tagi. Eg tel þetta þvílíkt hneyksli að mér finnst að hæstvirtur umhverfis- og auðlindaráðherra eigi að lágmarki að standa Alþingi skil á þeirri stöðu sem komin er upp,“ sagði Steingrímur í ræðu sinni.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Lýsir furðu sinni á því að upp sé vaktar 20 ára gamlar hugmyndir um virkjanakosti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI** Framhaldsskólanemar sleppa við persónuleikamat. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Persónumat framhaldsskóla:

## Væri íhlutun í einkalíf nema

**SKÓLAMÁL** Persónuvernd segir ekki heimild í lögum til að vinna persónuupplýsingar um framhaldsskólanemendur um annað en námsmat og vitnisburð þeirra.

Skólameistari ónefnds framhaldsskóla benti Persónuvernd á kröfur menntamálaráðuneytisins um að þeir sem lykju framhaldsskólaprófi fengju prófskrifteini með upplýsingum um almenna þekkingu, leikni og hæfni sína. Persónuvernd segir vinnslu slíkra upplýsinga geta falið í sér íhlutun í stjórnarskráð varið einkalíf nemandans. Ráðuneytið féll frá áformunum eftir að Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sagði slíkar umsagnir ekki koma til greina. - hrs

Stuttu eftir gíraffadrápið:

## Drápu fjögur ljón í dýragarði

**DANMÖRK, AP** Starfsfólk Dýragarðsins í Kaupmannahöfn hefur drepit fjögur ljón, tvö gömul og tvo hvolpa. Tilgangurinn var sá að rýma til fyrir nýju karldýri, en fyrir eru tvær ljónynjur sem fengu að halda lífi. Starfsfólk-ið segir að hvolparnir tveir hafi verið drepnir vegna þess að þeir myndu hvort eð er ekki geta varið sig gegn nýja ljóninu.

Ekki er langt síðan tveggja ára gamall gíraffi var drepinn í sama dýragarðinum, en ljónin fengu síðan að gæða sér á honum að viðstöddum áhorfendum. - gb

## Séreignarsparnaður notaður í íbúðakaup

Þrjátíu þúsund heimili sem ekki eru með húsnæðisskuldir fá heimild til að nota séreignarsparnað til kaupa á fyrstu íbúð. Um 70 þúsund heimili fá skuldaleiðréttingar. Skuldaleiðréttingafrumvarp og frumvarp um séreignarsparnað kynnt.

**EFNAHAGSMÁL** Um 70 þúsund heimili í landinu ættu að geta notið góðs af skuldaleiðréttinga- aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Að auki ættu 30 þúsund heimili sem ekki eru með húsnæðisskuldir að geta fært sér í nyt nýtt ákvæði um séreignarsparnað.

Það felur í sér að sá sem ekki á fasteign getur notað allt að eina og hálf milljón króna af séreignarsparnaði sínum skattfrjálst til kaupa á fasteign á næstu fimm árum. Aðrir sem eiga séreignarsparnað geta notað hann til að greiða niður húsnæðislán sín um jafnháa upphæð, allt að eina og hálf milljón, og án þess að greiða skatt af upphæðinni.

Frumvarp til lækkunar á höfuðstól verðtrygðra lána og frumvarp um séreignarsparnað voru kynnt og samþykkt í ríkisstjórn í gær. Þau verða kynnt í þingflokki um ríkisstjórnarfröðkanna í dag og að því loknu lögð fyrir Alþingi.

Bjarni Benediktsson, efnahags- og fjármálaráðherra, sagði að viðamesta aðgerðin væri lækkun höfuðstóls húsnæðislánanna. Um 20 milljarðar króna eru eyrna- merktir á fjárlögum í það verkefni á þessu ári og áætlað er að upphæðin verði svipuð næstu þrjú ár þar á eftir, alls um 80 milljarðar króna. Samkvæmt þeim tillögum sem kynntar hafa verið verður hámark á niðurfærslu skulda fjórar milljónir króna á heimili.

Um 70 milljarðar koma koma inn í kerfið með nýtingu séreignar- arlífeyrissparnaðar. Alls eru þetta því 150 milljarðar króna.



**15. MAÍ** Ef áform ríkisstjórnarinnar ganga eftir verður hægt að sækja um skuldaleiðréttingar frá og með 15. maí og til 1. september. Ríkisskattstjóra verður falið að taka á móti umsóknum og hafa umsjón með þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

“Það stuðlar að aukinni sparifjäreign og gerir fólki betur kleift að eignast húsnæði.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

„Það felur í sér nýja hugsun og nýja nálgun að geta eignast sína fyrstu fasteign með því að nota til þess séreignarsparnaðinn.“

Bjarni Benediktsson

„Það stuðlar að aukinni sparifjäreign og gerir fólki betur kleift

“Það felur í sér nýja hugsun og nýja nálgun að geta eignast sína fyrstu fasteign með því að nota til þess séreignarsparnaðinn.

Bjarni Benediktsson

að eignast húsnæði,“ segir Sigmundur Davíð.

Bjarni segir að ekki sé hægt að segja til um endanlegt umfang aðgerðanna fyrr en allar umsóknir liggja fyrir.

Ef allt gengur að óskum verður opnað fyrir umsóknir um leiðréttingu á höfuðstól 15. maí og verður opið fyrir umsóknir í þrjá og hálfan mánuð eða til 1. september. Það kemur í hlut ríkisskattstjóra að halda utan um umsóknir en embættið mun opna sérstaka vefgátt þar sem fólk getur sótt um með rafrænum hætti.

johanna@frettabladid.is



**HJÁ RÍKISSÁTTASEMJARA** Samkomulag var undirritað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hjúkrunarfræðingar sömdu: Samið til næstu fjórtán mánaða

**KJARAMÁL** Hjúkrunarfræðingar undirrituðu í gær kjarasamninga hjá ríkissáttasemjara.

Ólafur G. Skúlason, formaður félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir um að ræða stuttan og einfaldan kjarasamning til fjórtán mánaða með einni launahækkun. Hjúkrunarfræðingar fá einnig hækkun á desember- og orlofsuppbót en nánar á að greina félagsmönnum frá smáatriðum samningsins á næstunni. - sáþ

Breytingar verða í Firðinum:

## Nokkur rými í stað Vínubúðar

**VIÐSKIPTI** Verslunarhúsnæðinu í Firðinum í Hafnarfirði, þaðan sem Vínubúðin var flutt á brott á mánudag, verður skipt upp í þrjú til fjögur rými sem verða boðin til leigu. Þetta segir Albert Már Steingrímsson, framkvæmdastjóri verslunarmiðstöðvarinnar, aðspurður. Heildarstærð rým- ins er yfir 300 fermetrar.

Hann segist ekki vita hvenær nýjar verslanir geta flutt inn. „Þeir [Vínubúðin] eiga leigu í smátíma enn þá. Það fer eftir því hvenær þeir tæma endanlega en þetta er tilbúið til skoðunar fyrir hvern sem er.“

Vínubúðin hafði verið í Firðinum frá því miðstöðin var opnuð fyrir tuttugu árum en er nú flutt í Helluhraun. - fb

## Verkjastillandi + bólgueyðandi

Veldur síður lyfjaáhrifum um allan líkamann eins og þegar töflur eru teknar inn

**Voltaren**

Fæst án lyfseðils

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af diklófenakvætiylamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgueyðandi. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meióslí í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringum. Frábendingar: Ófærni fyrir einhverju innihaldsefnum, asetylsalísílsýru og öðrum bólgueyðandi gígartylfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetylsalísílsýru eða annarra bólgueyðandi gígartylfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglungum 14 ára og yngri. Sérstök varnaáráð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hættu á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á niðu. Við þrjústagið eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ



# KOMDU OG REYNSLUAKTU

---

## PEUGEOT 3008 OG 5008



### PEUGEOT 3008

kostar frá kr. **3.990.000**

Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá 4,7L/100km  
CO<sub>2</sub> útblástur frá 110g



### PEUGEOT 5008 - 7 manna

kostar frá kr. **4.190.000**

Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá 4,8L/100km  
CO<sub>2</sub> útblástur frá 113g



Peugeot 3008



Peugeot 5008 - 7 manna.

MOTION & EMOTION




PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagördum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is  
Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akronesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

 Þú finnur okkur á  
**Facebook**  
facebook.com/PeugeotIceland



Gæðaflísar á sanngjörnu verði



LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is  
Kletthálsi 7 Reykjavík - Fuglavík 18 Reykjanesbæ

## Píratar samþykkja stefnu: Bein kosning borgarstjóra

**STJÓRNMÁL** Samþykkt hefur verið innan félags Pírata í Reykjavík grunnstefna stjórnsýslu og lýðræðis, sem er byggð á sam-eiginlegri stefnu félagsins um stjórnsýslu á sveitarstjórnarstigi.

Tillagan er í sjö liðum. Í þeim fyrsta segir að eðlilegast sé að borgarstjóri verði kosinn í beinni kosningu af borgarbúum. Þess vegna skuli hann á næsta kjörtímabili verða ráðinn til tveggja ára til að byrja með.

Í tilkynningu frá Pírötum segir að málavinna í öðrum flokkum sé á fullum skriði og búast megi við að öll helstu stefnumál liggja fyrir formlega um miðjan apríl.



HALLDÓR  
AUÐAR  
SVANSSON



**ELDISLAX** Spurt er af hverju Norðmenn setji lög um að gelda eigin eldislax en það sé ástæðulaust hér á landi. STÖÐ2/SIGURJÓN

## Norski laxinn er framandi stofn á Íslandi

Erfðanefnd landbúnaðarins telur fulla ástæðu til að huga að áhrifum norsks eldisstofns á villta íslenska stofna. Lagaákvæði þurfi um vöktun á erfðablöndun.

**NÁTTÚRA** Líta ber á norskan eldislax sem framandi stofn á Íslandi. Full ástæða er til að huga að áhrifum af auknu laxeldi hérlandis á villta íslenska laxastofna. Brýnt er að innleiða í lög og reglur vöktun á erfðablöndun.

Þetta er afstaða Erfðanefndar landbúnaðarins sem kemur fram í svari til Óðins Sigbórssonar, formanns Landssambands veiðifélaga (LV). Óðinn vildi að nefndin tjáði sig um áhættu sem fylgir auknu laxeldi hér á landi og hvort hægt væri að líta á kynbættan norskan eldislax sem erfðabreytta lífveru í íslensku vistkerfi. Norski laxinn hefur verið notaður í eldi við Ísland í áratugi.

Nefndarmenn fallast ekki á að norskur eldislax sé erfðabreytt lífvera, en erfðaeftni í kynbættum norskum eldislaxi hefur ekki verið breytt með öðrum hætti en kynbótum. „Hins vegar sýna erfðarannsóknir að íslenskur lax er mjög frábrugðinn norskum laxi og má því líta á norskan eldislax sem framandi



ÓÐINN  
SIGBÓRSSON

stofn,“ segir í bréfinu. Laxeldi í sjókvímum sé í dag ein helsta ógnin við villta laxastofna. Rannsóknir sýni að nálægð við laxeldi geti leitt til hnignunar laxa- og urriðastofna. „Erfðanefnd landbúnaðarins telur að erfðablöndun við norskan eldislax geti ógnað íslenskum laxastofnum í grennd við laxeld-  
isstöðvar en mögulegt áhrifasvæði er ekki þekkt,“ segir þar einnig.

Óðinn segir niðurstöðu nefndarinnar afgerandi. Ekki síst að nefndin telji brýnt að innleiða í lög og reglur vöktun á erfðablöndun og á erfðafraeðilegum áhrifum laxeldis og gera viðbragðsáætlanir.

„Þeir benda líka á það sem er að gerast í Noregi þar sem staðið er fyrir tilraunum á ófrjóum eldislaxi til að koma í veg fyrir blöndun eldisstofnsins norska við villta laxinn. Fyrst Norðmenn ala sína eigin stofna í laxeldi og bregða á þetta ráð til að verja náttúrulega stofna, þá segi ég að Íslendingar ættu að læra af þessu með framandi stofni í eldi hér við landið.“ svavar@frettabladid.is

## Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu

### Suðurland

#### Bílaþjónusta Péturs

Vallholti 17 · 800 Selfoss  
Sími 482 2050

#### Bifreiðaverkstæði Klettur

Hrísmýri 3 · 800 Selfoss  
Sími 482 2050



**Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



S A F T

Ábendingahnappinn má  
finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## Tækifæri til heildstæðrar lagasetningar

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um breytingar laga um fiskeldi á Íslandi. LV telur að nú gefist tækifæri til að endurskoða löggjöfina heildstætt.

Undir þetta tekur Orri Vigfússon, formaður Verndarsjóðs villtra laxastofna, og hefur sent nefndarsviði Alþingis og atvinnuveganefnd erindi þar sem hvatt er til þess að umsagnarfræstur vegna frumvarpsins verði lengdur í ljósi mikilvægis málsins. Þar segir að íslenskum stjórnvöldum bjóðist nú einstakt tækifæri til að læra af mistökum nágrennaþjóða okkar og byggja upp nútímalegt og umhverfisvænt fiskeldi.



#### Gigaset Símtæki A120

Upplýstur skjár. Númerabirting og númeraminni. Fáanlegt í svörtu og hvítu.

Tækifærisverð:  
**5.310 kr. stgr.**  
(Fullt verð: 6.245 kr.)



#### SIEMENS Uppþvottavél SN 45M205SK

13 manna. Fimm kerfi. Hljóð: 44 dB (re 1 pW). Barnalæsing.

Tækifærisverð:  
**129.900 kr. stgr.**  
(Fullt verð: 169.900 kr.)



#### SIEMENS Þvottavél WM 12B261DN

Vindur upp í 1200 sn./mín. Tekur mest 6 kg.

Tækifærisverð:  
**89.900 kr. stgr.**  
(Fullt verð: 119.900 kr.)



#### SIEMENS Kæli- og frystiskápur KG 36VNW20

Hvítur „crisperBox“-skúffa sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.

Tækifærisverð:  
**99.900 kr. stgr.**  
(Fullt verð: 129.900 kr.)



#### SIEMENS Expressó-kaffivél TK 53009

Byr til ýmsa kaffidrykki með einstakri bruggtækni. Malar baunir. 15 bara þrýstingur. Losanlegur vatnstankur.

Tækifærisverð:  
**82.900 kr. stgr.**  
(Fullt verð: 109.900 kr.)



## Tækifæri

Mars 2014

**SMITH &  
NORLAND**

Noátúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)



# Njóttu glæsilegrar hönnunar og framúrskarandi myndgæða

SAMSUNG SJÓNVÖRPIN ERU EINSTÖK GÆÐATÆKI OG MARGVERÐLAUNUÐ UM HEIM ALLAN

**SAMSUNG**



UExxF8005ST

8005 LÍNAN  
LED SMART TV



Glæsilegt  
verðlaunataeki

Nújasti 1000 riða (CMR) Samsung skjárin er í öllum 8000 tækjunum.

Stærðir: 40"/46"/55"/65"/75"

7005 LÍNAN  
LED SMART TV

Frábær myndvinnsla  
í afburða 800 riða (CMR) skjá.  
Stærðir: 46"/55"/60"



UExxF7005ST

**HLJÓMTÆKI**

HW-F751

**SAMSUNG**



 **Bluetooth**

Hágæða heimabíóstæða – "Soundbar" við sjónvarp  
- einnig hljómtæki með afspilun frá USB og snjallsíma.  
Frábær hljómgæði. Stútfull af hátækni.  
Til í mörgum stærðum.

Samsung  
**SMART TV**  
The Future of Smart TV, Now

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18  
LAUGARDAGA FRÁ 12-16

**SAMSUNG SETRIÐ**

**ORMSSON**

Verlanir um land allt

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · [samsungsetrid.is](http://samsungsetrid.is)

HYUNDAI | NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.

# HYUNDAI NOTAÐIR

Gott úrval notaðra bíla á staðnum.  
Komdu í heimsókn eða skoðaðu heimasíðuna;  
www.hyundai.is / notaðir bílar.

**ALLT AÐ 80% FJÁRMÖGNUN**



**TOYOTA PRIUS HYBRID**  
Nýskr 08/2012, ekinn 32 þús.  
bensín, sjálfskiptur

**VERÐ  
4.650 þús.**



**RENAULT MEGANE SPORT T**  
Nýskr 05/2013, ekinn 30 þús.  
dísil, sjálfskiptur  
**VERÐ:  
3.390.000 kr.**



**TOYOTA RAV4 X**  
Nýskr 02/2012, ekinn 17 þús.  
bensín, sjálfskiptur  
**VERÐ:  
4.890.000 kr.**



**SUBARU LEGACY SPORT WAGON**  
Nýskr 02/2008, ekinn 71 þús.  
bensín, sjálfskiptur  
**VERÐ:  
2.290.000 kr.**



**NISSAN PATROL GR 35"**  
Nýskr 09/2000, ekinn 216 þús.  
dísil, sjálfskiptur  
**VERÐ:  
1.090.000 kr.**



**FORD FOCUS TREND**  
Nýskr 06/2012, ekinn 36 þús.  
dísil, beinskíptur  
**VERÐ:  
2.850.000 kr.**



**BMW 545i**  
Nýskr 12/2003, ekinn 233 þús.  
bensín, sjálfskiptur  
**VERÐ:  
1.990.000 kr.**

HYUNDAI

Kauptúni 1- (Beint á móti IKEA)

Sími 575 1200

## Afleiðingar kreppunnar í aðildarríkjum ESB koma hart niður á ungmennum: Of blönk til að flytja að heiman

**SAMFÉLAG** Alls búa 48 prósent ungra Evrópusambandsborgara undir 29 ára aldri heima hjá foreldrum sínum. Á vef Jyllands-Posten, sem vitnar í skýrslu Eurofound, segir að ástæðan sé aukid atvinnuleysi meðal ungmenna í kjölfar hrunsins.

Þetta sé ekki aðeins vandi í Suður-Evrópu þar sem efnahags-ástandið er verst heldur fjölgi full-orðnum heima hjá foreldrum líka í Danmörku og Svíþjóð. Í Danmörku sé hlutfallið yfir 20 prósent.

Í öllum Evrópusambandslöndun-um búa fleiri ungar karlar heima hjá foreldrunum en konur. Yfir 65 prósent allra ungra manna á aldrinum 18 til 24 ára búa hjá foreldrunum en hjá konum á sama aldri er fjöldinn undir 60 prósentum.

Hætta þykir á að þeir sem hafa ekki efni á að flytja að heiman glími við ýmis félagsleg vandamál. Atvinnuleysi og lítil virkni geti leitt til þess að ungu fólk finnst það útilokað frá samfélaginu.



**MÓTMÆLI** Ungt fólk á Spáni mótmælir atvinnuleysi.  
NORDICPHOTOS/AFAP

## Greina rót vandans í stað þess að ásaka

Landspítalinn innleiðir nýja aðferð í gæðaeftirliti. Aðferðin heitir rótargreining og með henni á að opna umræðuna um mistök í stað þess að skamma og ásaka starfsmenn. Stjórn spítalans fagnar aukinni umræðu um sjúklingaöryggi.

**HEILBRIGÐISMÁL** Hópur starfsmanna Landspítalans sat námskeið í rótargreiningu í síðustu viku. Sérfræðingar frá bresku heilbrigðisþjónustunni, Donna Forsyth og Susan Suliman, héldu námskeiðið.

„Við kennum rannsóknaraðferð við greiningu á alvarlegum atvikum. Þetta kerfi er notað víðs vegar um heiminn,“ segir Donna. Aðferðin snýst um að ræða vandamál sem koma upp í heilbrigðiskerfinu á opinskáan hátt og finna rót vandans.

„Á námskeiðinu kennum við hvernig góðar rannsóknir eru gerðar. Það er ef til vill eitthvað í umhverfinu, vinnuferlum eða – aðstæðum sem valda því að mistök eru gerð. Því þarf að gefa smáatriðunum gaum, því oft eru þau rót vandans, og koma þannig í veg fyrir að næsta manneskja geri sömu mistök. Það á að breyta vandanum, ekki manneskjunn. Með því að skamma og ásaka starfsmenn er hætta á að vandinn verði frekar falinn.“

Donna segir íslenska heilbrigðiskerfið hafa seint tekið upp þessa aðferðafræði en að hún hafi mikla trú á hröðum breytingum.

„Það tekur fimm til tíu ár að breyta vinnuvenningunni. En ég fann á námskeiðinu að stjórnendur spítalans eru mjög áhugasamir um að efla gæðaeftirlitið og það smitast niður til starfsmanna spítalans. Það mun að mínu mati flýta ferlinu.“

Elísabet Benedikz, yfirlæknir



**SÉRFRÆÐINGAR Í ÖRYGGI SJÚKLINGA** Donna Forsyth og Susan Suliman héldu námskeið fyrir hóp starfsmanna á Landspítalanum.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Leiðrétting á frétt um óvænt andlát

Þann 17. mars sl. birtist í Fréttablaðinu umfjöllun um skráningu óvæntra andláta á Landspítala. Þar misfórust af hálfu Fréttablaðsins tölfræðilegar staðreyndir um fjölda innlagðra sjúklinga og bandarískar rannsóknir á þessu sviði voru mistúlkaðar sem leiddi til rangrar fullyrðingar um að óvænt andlát á Landspítala gætu verið um 84 á ári. Hið rétta er að á Landspítala verða um 700 andlát árlega og skráð óvænt andlát eru um 1%, eða sjö andlát á ári, sem er sambærilegt við Norðurlöndin og Bretland. Landspítali telur þó að mögulega sé um vanskráningu að ræða, eins og í umræddum löndum.

gæða- og sýkingavarnadeildar Landspítalans, segir tuttugu stjórnendur og starfsfólk frá hinum ýmsu sviðum hafa setið námskeiðið. Þannig sé hægt að fá aðstoð við rótargreiningu alls staðar á spítalanum.

Elísabet fagnar aukinni umræðu um sjúklingaöryggi enda sé það í anda rótargreiningar.

„Við viljum umfram allt opna á heiðarlega umræðu og höfum ekkert að fela gagnvart samfélaginu. Við viljum koma í veg fyrir alvarleg atvik eins og við getum. Því hvetjum við fólk til að tilkynna atvik og koma áleiðis kvörtunum því aðeins þannig lærum við og bætum gæðin.“

erlabjorg@frettabladid.is



**HEIÐUR BJÖRNSDÓTTIR**  
Hefur ræktað mat- og kryddjurtir til eigin nota árum saman. Á þessu vinsæla námskeiði kennir hún hve auðvelt það er, kunnir menn réttu handtökin.

## RÆKTUN MATJURTA OG KRYDDJURTA MEÐ LÍTLI FYRIRHÖFN

Tvö námskeið í boði:  
**2. & 9. apríl**  
**6.900 kr.**

**NÁMSKEIÐ**  
 Kennend eru grundvallaratriði ræktunar svo nemendur öðlist þá þekkingu og sjálfstraust sem þarf til að rækta allt það sem hugurinn girnist. Námskeiðið nýtist jafnt byrjendum sem lengra komnum.

- Sáning og forræktun mat- og kryddjurtar
- Hvernig plantað er út
- Ræktun í flátum og beðum
- Hvernig útbúa á matjurtagarð
- Hvernig má fá uppskeru allt sumarið
- Hvaða jurtir eru fjölærar
- Ræktun jarðarberja og hindberja
- Námskeiðsgögn innifalinn

Nánari upplýsingar og skráning: heidur.bjornsdottir@gmail.com og í síma 6187559.

**HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 19:30 - 22:30**



SVARIÐ BYR Í NÁTTÚRUNNI



1979

# Egyptskir dauðadómar vekja hörð viðbrögð

Egyptskur dómstóll frestaði í gær dómuppkvaðningu yfir nærri 700 manns, daginn eftir að 529 voru dæmdir til dauða á einu bretti. Dauðadómarinnir hafa vakið hörð viðbrögð, enda einsdæmi á síðari tímum. Verjendur mótmæltu í gær.

**EGYPTALAND** Verjendur nærri sjö hundruð sakborninga létu ekki sjá sig í gær í dómssal í bænum Minja, skammt suður af Kaíró, þegar kveða átti upp dóm eftir harla hraðsoðin réttarhöld.

Dómarinn, Saíd Jússef Elgazar, brást við með því að fresta dómuppkvaðningu til 28. apríl, en sagði jafnframt að réttarhöldunum yrði hraðað eftir megni.

Á mánudaginn dæmdi sami dómari 529 manns á einu bretti til dauða, eftir álfka hraðsoðin réttarhöld þar sem verjendum var meinað að tala máli skjólstæðinga sinna.

„Ég hef aldrei séð annað eins á allri minni tíð sem lögfræðingur,“ hefur breska dagblaðið The Guardian eftir Adel Aly, einum af lögmönnum sakborninganna.

Réttarhöldin hafa vakið hörð viðbrögð, jafnt innanlands sem erlendis. Mannréttindasamtök á borð við Amnesty International hafa fordæmt réttarhöldin og segja dauðadómana vera „fáranlegt dæmi um annmarka á egyptsku réttarfari og óhlutdrægni þess“. Bandarísk stjórnvöld segjast hafa miklar áhyggjur af dauðadómunum og Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, segir á Twitter-síðu sinni réttarhöldin afkárleg: „Meira en 500 manns dæmdir til dauða eftir eitt einasta dómþing í Egyptalandi. Það versta sem sést hefur á heimsvísu.“



**GÆTA DÓMS-HÚSSINS**  
Egyptskir lögreglumenn á verði í borginni Minja í Egyptalandi í gær.  
NORDICPHOTOS/AFP

## Látnir, særðir og handteknir

**18.000** manns hafa verið handteknir í Egyptalandi í tengslum við mótmæli og átök frá því Mohammed Morsi var steypt af stóli þann 3. júlí í fyrra.

**3.000** manns hafa látið lífið í átökum og árásum tengdum pólitískum deilum í landinu á sama tímabili.

**2.500** þeirra hið minnsta voru almennir borgarar, en að minnsta kosti 60 voru lögreglumenn eða hermenn.

**17.000** manns hafa slasast eða særst í átökunum á þessum tíma.

Sakborningarnir eru flestir liðsmenn eða stuðningsmenn Bræðralags múslima og tóku þátt í mótmælum til stuðnings Mohammed Morsi, sem egyptski herinn steypti af stóli forseta í júlí á síðasta ári.

Nýja stjórnin, sem tók við völdum eftir að Morsi hafði verið bolað burt, hefur gengið hart fram gegn stuðningsmönnum Morsis. Um 16 þús-

und manns hafa verið handteknir síðan síðasta sumar. Dómarinn Elgazar er sagður hafa áður kveðið upp umdeilda dóma. Þar á meðal er nefndur til dómúrskurður hans frá í janúar í fyrra, þegar hann sýknaði lögreglumenn sem sakaðir voru um að hafa myrt mótmælendur í byltingunni gegn Hosni Mubarak árið 2011.

gudsteinn@frettabladid.is

## Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á HönnunarMars, fimmtudaginn 27. mars, gefur Íslands-póstur út fjögur frímerki tileinkuð íslenskum arkitektúr. Einnig koma út Evrópufrímerkin 2014, en þema þeirra er hljóðfæri og Norðurlandafrímerki þar sem myndefnið er siglingar.



Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölu. Sími: 580 1050. Netfang: stamps@stamps.is  
Heimasíða: www.stamps.is  
facebook.com/icelandicstamps



www.volkswagen.is

## Volkswagen Tiguan



## Fullkominn ferðafélagi

Í Volkswagen Tiguan sameinast fullkomið fjórhjóladrif, sparneytin dísilvél og einstakir aksturseginnleikar sem veita þér algjört ferðafrelsi. BlueMotion tæknin frá Volkswagen leggur áherslu á lágmarks eyðslu eldsneytis og hámarks umhyggju fyrir umhverfinu. Kynntu þér kosti Volkswagen Tiguan og veittu þér sannkallað frelsi til að ferðast.

Volkswagen Tiguan eyðir aðeins frá 5,8l /100 km

Tiguan kostar aðeins frá **5.360.000 kr.**



Das Auto.

Sérhagsmunir hindra sameiningu háskóla:

## Ráðdeild eða refsivöndur?

Í rekstri Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri hefur árum saman átt sér stað gegndarlaus útaustur á fé skattgreiðenda í heimildarleysi. Skólinn hefur ár eftir ár farið langt fram úr fjárlögum frá Alþingi og safnað skuldum við ríkissjóð, sem nema nú um 700 milljónum króna. „Ríkisendurskoðun bendir á að hér er um að ræða fjármuni sem Alþingi hefur aldrei samþykkt að verja til skólans,“ sagði í einni af mörgum skýrslum þessarar eftirlitsstofnunar Alþingis um ástandið í rekstri LBHÍ.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Menntamálaráðuneytið, og landbúnaðarráðuneytið þar á undan, hafa ekki tekið á vanda-málunum í rekstri Landbúnaðarháskólans. Af hverju ekki?

Aðallega vegna þess að sterk hagsmunaöfl hafa lagzt gegn því. „Heimamenn“ í Borgarfirði sem vilja að þar séu sköpuð sem flest störf fyrir fé skattgreiðenda, og hagsmunaöfl í landbúnaðinum, sem telja að þessi „undirstöðuáttvinnugreir“ verðskuldi góða þjónustu, hafa ráðið meiru en þeir sem vilja tryggja ráðdeild og hagnæma nýtingu peninga skattgreiðenda.

Undanfarið ár hefur verið unnið að sameiningu LBHÍ við Háskóla Íslands. Það er sameining sem að mörgu leyti er vit í; báðir skólar eru í eigu ríkisins og samlegðaráhrifin milli fræðasviða eru talsverð. Jafnframt væri hægt að ná fram umtalsverðri hagræðingu í yfirstjórn. Engu að síður var áformað að sameiningunni fylgdi 300 milljóna króna fjárfesting í nýjum innviðum á Hvanneyri og uppbygging nýrrar stofnunar í matvælarannsóknunum.

Rektor LBHÍ var fylgjandi sameiningunni við HÍ. Þetta var hins vegar ekki nógu gott fyrir sérhagsmunaöflin. Nú hefur verið hætt við sameininguna vegna harðrar andstöðu sveitarstjórnarmanna í Borgarbyggð, þingmanna Norðvesturkjördæmis og Bændasamtaka Íslands. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sagði í Fréttablaðinu í gær að þarna hefðu skammsýn sjónarmið orðið ofan á, sem hvorki styrktu héraðið né vísindastarfsemi í búvísindum.

Bændasamtökin brugðust við hart og sendu í gær frá sér yfirlýsingu, þar sem ráðherrann er sakaður um að „draga nú fram refsivöndinn“. Þar er væntanlega átt við að Illugi hefur nú gert skólanum að skera niður starfsemi sína til að standast fjárlög og byrja að greiða til baka skuldina við ríkissjóð. Það er ekki refsing; það heitir ráðdeild í ríkisrekstri og einhver af forverum ráðherrans hefði átt að hafa bein í nefinu til að gera kröfu um hana, í stað þess að lúffa fyrir sérhagsmunum bænda og Borgfirðinga.

Fjárlaganefnd Alþingis hefur sagt skýrt að tryggja verði að LBHÍ haldi sig innan ramma fjárlaga og boðað sérstaka eftirfylgni nefndarinnar með því verki. Upp á þau tilmæli skrifuðu Ásmundur Einar Daðason og Haraldur Benediktsson, þingmenn Norðvesturkjördæmis. Þeir eru báðir í hópi þeirra sem hafa lagzt gegn sameiningunni – en þeir geta ekki verið á móti því að rekstri skólans verði komið inn fyrir fjárlagarammann og hann látinn endurgreiða féð sem var eytt í heimildarleysi. Það væri of grímulaus sérhagsmunagæzla.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Sleipt af grænni sliktu

Oddnýju G. Harðardóttur, þingkonu Samfylkingarinnar, ofbauð ástandið þegar hún heimsótti Þjóðskjalasafnið á mánudag í grenjandi rigningu. Þar gekk hún um hripleka ganga. „Margt kom upp í hugann við þessa göngu um rakaskemmt húsnæðið þegar ég klofaði yfir pollana á göngunum og hélt mér fast í handriðin niður blautan stigann, enda tröppurnar sleipar af grænni sliktu lífvera sem lifa góðu lífi í rak-anum,“ sagði Oddný á þingi. Hún benti réttilega á að húsið hefði ekki farið að leka allt í einu. Safnið eins og margar stofnanir ríkisins hefði ekki notið góðs af góðærinu meðan það var og hét, svo kom hrúnið og síðan hefur ríkið ekki átt pening. Það má hins vegar spyrja hvort það sé

réttlætlanlegt að hluti þjóðararfsins sé geymdur í húsi sem hvorki heldur vatni né vindi eða hvort hægt væri að finna eitthvað skára þó þröngt sé í búi.

#### Sumarþing í þípunum

Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, segist afar ánægður verði sumarþing að veruleika og tekur þar undir með nokkrum framsóknarmönnum. Jón Þór hvetur fleiri þingmenn til að ganga til liðs við þá sem vilja sumarþing. Þingmaðurinn leggur til að stuðningsmenn sumarþings leggi fram þingsályktunartillögu um málið. Mörg stór og erfið mál eiga enn eftir að koma fram í þinginu, mál sem þarfnastrá umræðu og íhugunar.

Þingmenn ættu kannski að velja því fyrir sér hvort ekki sé rétt að gefa sér tíma til að gaumgæfa málin í stað þess að afgreiða þau enn eitt árið í miklu tímahraki áður en þingmenn fara í sumarfrí.

#### Skemmtileg mismæli

Fréttamenn biðu ópolinmóðir í Stjórnarráðinu í gær eftir að fá nánari fregnir af skuldaleiðréttingarfrumvörpum ríkisstjórnarinnar. Fundurinn dróst á langinn en skömmu áður en honum lauk þurfti Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra að fara af fundi. Fréttamaður hljóp á eftir Eygló til að spyrja hana um skuldaleiðréttingarmálin. Eygló vildi ekki tjá sig en kallaði til fréttamannsins: „Það eru Sigmundur og Davíð sem svara til um það.“

johanna@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Þingið bregst og almenningur borgar

### FJÁRMÁL



Karl Garðarsson þingmaður Framsóknarflokksins

Skattgreiðendur hafa borgað um 1.300 milljónir króna vegna þriggja skýrslna sem rannsóknarnefndir Alþingis hafa gert. Endanleg upphæð verður örugglega nær 1.400 milljónum. Engar fjárhagsáætlanir lágu fyrir þegar þingmenn samþykktu gerð þeirra.

Rannsóknarskýrslan um aðdraganda og fall bankanna, sem kynnt var árið 2010, kostaði rúmar 453 milljónir króna. Nokkur umræða varð um skýrsluna en síðan hefur hún rykfalið ofan í skúffu. Skýrslan um Íbúðalánasjóð kostaði um 250 milljónir. Hún er enn í meðförum þingsins. Nefndin um sparisjóðina átti að skila af sér í lok árs 2012. Síðan hefur gjaldmælirinn gengið og í síðustu viku var kostnaður við skýrslugerðina kominn í um 600 milljónir króna. Enn er beðið eftir skýrslunni. Engin fjárveiting er í fjárlögum ársins 2014 vegna verksins og stefnir í að 100 milljóna króna reikningur bætist við fjárukalög ársins.

Ljóst er að þingið hefur algjörlega brugðist í þessu máli. Eftirlit hefur ekkert verið og reikningar hafa verið borgaðir þegjandi. Þetta er ekkert annað en sjálftaka. Hluti vandamálsins er síðan að verkefni hafa ekki verið nógu vel afmörkuð í byrjun og

### → Þingið hefur nú skipað rannsóknarnefnd til að rannsaka rannsóknarnefndirnar.

Því hafa skýrsluhöfundar lent í vandræðum. Það er líka á ábyrgð þingsins.

Forsætisnefnd á að sinna fjárhagslegu eftirliti á Alþingi. Hér hefur það ekki verið til staðar og reikningurinn, upp á allt að 1.400 milljónir króna, er á endanum sendur á skattgreiðendur.

Íbúðalánasjóðsskýrslan er harðlega gagnrýnd í áliti meirihluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, sem Ögmundur Jónasson formaður nefndarinnar ritar líka undir. Þannig hefur stjórnskipunarnefnd kallað fyrir fjölmarga aðila sem aldrei voru kallaðir fyrir rannsóknarnefndina, þó full ástæða hefði verið til. Ómaklegar árásir og pólitískar dylgjur er víða að finna. Ljóst er að kostnaður tryggir ekki gæði. Vonum að sparisjóðsskýrslan verði vandaðra plagg.

Þingið hefur nú skipað rannsóknarnefnd til að rannsaka rannsóknarnefndirnar. Bíðum spennu eftir niðurstöðunni en fyrsta mál hlýtur að vera að samþykkja ekki óútfyllta tékka.

**Fíkjubitar**  
35% gráflíkjur  
Góðgæti frá Frón  
www.fronkex.is

# Eru börn dregin í dilka vegna fátæktar?

„Þarna var stéttaskiptingin algjör. Þarna var búið að skipuleggja framtíðina fyrir börnin og ég var oft eins og illa klemmdur hlutur á milli stétta, komin af óregluheimili og átti stundum ekki fyrir nesti í skólann en samt í besta bekk með yfirstéttarbörnum.“

Þannig skrifar Anna Kristjánsdóttir í blogg-færslu 7. mars um veru sína í Laugarnesskóla árið 1963. Á þessum árum voru nemendur flokkaðir í bekki eftir námsgetu eða námsárangri, sem gjarnan fór saman við bakgrunn nemenda og þann stuðning og aðstæður sem þeir bjuggu við. Stéttaskipting og flokkun barna var augljós og þótti jafnvel eðlileg á þeim tíma. Þau börn sem bjuggu við erfiðar aðstæður og fátækt voru berskjaldaðri fyrir ofbeldi og urðu gjarnan fórnarlömb ofbeldismanna, eins og dæmin sanna.

Nú er árið 2014 og mikið vatn hefur runnið til sjávar hvað varðar réttindi barna og viðhorf til þeirra. Rúmum 25 árum eftir veru Önnu í Laugarnesskóla var Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna undirritaður af flestum þjóðum heims þann 20. nóvember 1989. Samningurinn hefur verið lögfestur á Íslandi og er það mikil réttarbót fyrir börn.

Í Barnasáttmálanum er kveðið á um öll þau réttindi sem börn eiga að njóta og ekki má mismuna börnum eftir stöðu þeirra eða stöðu eða athöfnum foreldra þeirra. Börn eiga rétt á að lifa og þroskast og fá

## SAMFÉLAG



Margrét Júlía Rafnsdóttir  
verkefnastjóri hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

að þroska hæfileika sína. Þau eiga rétt á umönnun og vernd, menntun, heilsgæslu, hvíld og tómstundum.

Það er mikið framfaraspur að til skuli vera sáttmáli sem á að tryggja börnum mannsæmandi líf og þroskavænleg lífsskilyrði.

## Sorglegur raunveruleiki

En það þýðir því miður ekki að stéttaskipting barna sé ekki lengur til staðar á Íslandi. Það eru enn börn sem ekki eiga fyrir nesti í skólann. Staðreyndin er sú að árið 2014 er þetta sorglegur raunveruleiki of margra barna. Sökum fátæktar fá þessi börn ekki að njóta grundvallarmannréttinda.

Börn sem búa við fátækt eiga oft erfitt með að fylgja skólafélögum sínum eftir í tómstundastarfi, eða taka þátt í leikjum eða skemmtunum. Þau geta jafnvel ekki haldið upp á viðburði og áfanga í lífi sínu eins og afmæli eða farið í afmæli hjá öðrum. Þau geta því ekki tekið virkan þátt í samfélaginu með öðrum börnum. Þau fara á mis við að kynna þvi fjölbreytta samfélagi menningar, íþróttar og lista, sem gæti vakið áhuga þeirra, göfgað líf og styrkt sjálfsmynd. Þau fá ekki að nýta hæfileika sína, jafnvel ekki að uppgötva eigin hæfileika og hætta er á að þau verði félagslega einangruð.

Íslenskt samfélag getur ekki skorast undan því að horfast í augu við barnafátækt og ójöfnuð barna

→ Íslenskt samfélag getur ekki skorast undan því að horfast í augu við barnafátækt og ójöfnuð barna á Íslandi. Það verður að vera þjóðarsátt um að útrýma fátækt og að tryggja að öll börn á Íslandi geti lifað með reisn, fái að þroskast og nýta hæfileika sína. Slíkt er fjárfesting til framtíðar. Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru mannréttindasamtök og vilja stuðla að vitundarvakningu um að fjöldi barna nýtur ekki þeirra réttinda sem þeim ber sökum fátæktar.

á Íslandi. Það verður að vera þjóðarsátt um að útrýma fátækt og að tryggja að öll börn á Íslandi geti lifað með reisn, fái að þroskast og nýta hæfileika sína. Slíkt er fjárfesting til framtíðar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru mannréttindasamtök og vilja stuðla að vitundarvakningu um að fjöldi barna nýtur ekki þeirra réttinda sem þeim ber sökum fátæktar. Samtökin vinna að verkefni um stöðu barna á Íslandi með tilliti til stöðu og efnahags foreldra þeirra og verða niðurstöður verkefnisins kynntar í lok apríl.

# Brennivín og hjálpartæki

Um síðustu áramót voru gerðar breytingar á gjaldskrár sjúkratrygginga sem hafa þær afleiðingar að þeir sem þurfa á hjálpartækjum að halda greiða meira fyrir þau en áður. Þessi breyting skerðir augljóslega ráðstöfunartekjur þeirra sem þurfa að nýta sér hjálpartæki, svo sem öndunarvélar, bleyjur, öryggiskallkerfi, gervi-brjóst, hjálpartæki í bifreið eða í baði, stafi eða hækjur. Breytingin á að skila ríkissjóði 150 milljónum króna.

Til stendur að lækka áfengis- og tóbaksgjald um 1% samkvæmt frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra sem nú er til umræðu í þinginu, sem þýðir tekjulækkun hjá ríkissjóði sem nemur um 190 milljónum króna.

Lækkun á tóbaki og áfengi er sögð gerð vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga í desember á síðasta ári. Þeir sem nýta sér þær vörur munu væntanlega verða lítið varir við 1% lækkun á gjaldi sem er aðeins hluti af útsöluverðinu og spyrja má hvort öruggt sé að lækkunin leiði til lægra verðlags. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að ef þessum lækkunum ásamt samsvarendi lækkun á bensíngjaldi og orkuskatti verði að öllu leyti velt út í verðlag, þá gæti vísitala neysluverðs lauslega metið lækkað samtals um 0,08%.

## Aukinn ójöfnuður

Þeir einstaklingar sem nýta sér

## FJÁRMÁL



Oddný G. Harðardóttir  
þingmaður Samfylkingarinnar

hjalpartæki þurfa flestir nauðsynlega á þeim að halda til að bæta skert lífsgæði. Svo er aldeilis ekki farið hjá þeim sem nota tóbak eða áfengi. Þvert á móti getur aukin neysla valdið heilbrigðisvanda með miklum kostnaði fyrir sjúklinga og samfélagið.

Til viðbótar við 150 milljóna króna hækkun á kostnað þeirra sem þurfa að nota hjálpartæki, þá er gjaldskrá fyrir sjúkra-, tal- og iðjuþjálfun einnig hækkuð verulega og á að skila samtals 100 milljónum króna til að bæta hag ríkissjóðs. Hækkarnir eru langt umfram verðlagsþróun.

Ég vil minna á í þessu sambandi að veiðigjöld voru lækkuð um 6.400 milljónir króna í ár, gjöld á atvinnugrein sem hefur aldrei skilað eins miklum arði til þeirra sem hafa sérleyfi til nýtingar á auðlind í eigu þjóðarinnar. Þá var fyrirhuguð hækkun á neysluskatti sem erlendir ferðamenn greiða að mestu einnig afþökkuð en áætlað var að hún skilaði um 1.500 milljónum króna til ríkissjóðs í ár.

Eitt af fyrstu verkum núverandi ríkisstjórnar er hækkun gjalda á þá sem veikir standa fyrir og þurfa á stuðningi hjálpartækja eða þjálfun að halda. Á sama tíma hafna stjórnvöld eðlilega gjaldi af auðlindum þjóðarinnar, sjávaraflla og náttúruperlum. Það má vera öllum ljóst að forgangsroðun ríkisstjórnarinnar leiðir til aukins ójafnaðar og óréttlætis. Er það ásættanlegt? Hvað finnst þér, lesandi góður?

## KEMUR ÞÚ AF FJÖLLUM?

landrover.is





## ÞAÐ ER KOMINN NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4

210 hestafla dísilvél, 8 þrepa sjálfskipting með takaskiptingunni í stýri og loftþúfaþjöðrun með Terrain Response drifbúnaði á öllum hjólum gera Land Rover Discovery 4 að einum öflugasta og þægilegasta jeppa sem völ er á. Meðal nýjunga er nýr framandi með nýjum aðalljósum, breytt afturljós, start/stopp ræsibúnaður og Meridian 380W hljómtæki.

**Discovery 4 S – verð frá: 11.890.000 kr.**  
Eldneytisnotkun 8,8 l/100 km\* í blönduðum akstri.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á [www.landrover.is](http://www.landrover.is)



# Fyrir sumarhús, hótel & heimili



**KRONOTEX** er einn stærsti framleiðandinn í Evrópu á harðparketi og framleiðir yfir 60 milljón fermetra á ári. Kronotex harðparketið er með 25-30 ára ábyrgð, örugg þýsk gæði.

Birgisson ehf. býður 30 tegundir af planka harðparketi af lager, 8, 10 og 12 mm þykkt. Einnig getum við sérpantað yfir 100 aðrar tegundir frá Kronotex. Planka harðparketið frá Kronotex hefur reynst vel við íslenskar aðstæður, um það vitnar fjöldi ánægðra viðskiptavina.




#### **D-4176 Avance eik rustik**

Gæðaflokkur AC4  
8 mm þykkt.  
25 ára ábyrgð.  
Borða stærð 1380x193 mm með V-nót.  
**Verð: 1.990 kr. m<sup>2</sup>**



#### **R-1002 Loft eik ljós**

Gæðaflokkur AC5  
10 mm þykkt.  
30 ára ábyrgð.  
Borða stærð: 1380 x 193mm með V-nót.  
**Verð: 3.690 kr. m<sup>2</sup>**




#### **R-1003 Loft eik grá**

Gæðaflokkur AC5  
10mm þykkt.  
30 ára ábyrgð.  
Borða stærð: 1380x193 mm með V-nót.  
**Verð: 3.690 kr. m<sup>2</sup>**




#### **D-3081 Everest eik ljós**

Gæðaflokkur AC5  
12 mm þykkt.  
30 ára ábyrgð.  
Borða stærð: 1845x188 mm með V-nót.  
**Verð: 5.490. kr. m<sup>2</sup>**



#### **R-1005 Loft eik natur**

Gæðaflokkur AC5  
10 mm þykkt.  
30 ára ábyrgð.  
Borða stærð: 1380x193 mm með V-nót.  
**Verð: 3.690 kr. m<sup>2</sup>**



#### **R-1006 Loft eik rustik**

Gæðaflokkur AC5  
10 mm þykkt.  
30 ára ábyrgð.  
Borða stærð: 1380x193 mm með V-nót.  
**Verð: 3.690 kr. m<sup>2</sup>**



#### **D-3570 Exquisit Harbour eik**

Gæðaflokkur AC4  
8 mm þykkt.  
25 ára ábyrgð.  
Borða stærð: 1380x244 mm með V-nót.  
**Verð: 2.990 kr. m<sup>2</sup>**



#### **D-3572 Exquisit Habour eik grá**

Gæðaflokkur AC4  
8 mm þykkt.  
25 ára ábyrgð.  
Borða stærð: 1380x244 mm með V-nót.  
**Verð: 2.990 kr. m<sup>2</sup>**



## Sértilboð á undirlagi

**Athugið, allt harðparket frá  
KRONOTEX er afrafmagnað.**

**kronotex**  
FLOORS FOR LIVING

HÖRKU  
**PLANKA**  
HARÐPARKET  
VERÐ FRÁ 1.990 kr. m<sup>2</sup>

**Birgisson**

## MERKISATBURÐIR



**1707** Skoska þingið er lagt niður.

**1796** Napoléon Bónaparte tekur við stjórn Ítalíuhers Frakka í Nice.

**1871** Parísarkommúnan er formlega stofnuð í París.

**1876** Lúðurþeytarafélag Reykjavíkur er stofnað. Það er talin vera fyrsta hljómsveit á Íslandi.

**1920** Fyrsta varðskip Íslendinga, Þór, kemur til Vestmannaeyja.

**1947** Knattspyrnusamband Íslands er stofnað.

**1971** Austur-Pakistan lýsir yfir sjálfstæði frá Pakistan og Bangladess er stofnað.

**1995** Schengen-sáttmálinn gengur í gildi.

**1997** Lík 39 meðlima í sértrúarsöfnunum Heaven's Gate finnast í Kaliforníu.

**PETTA GERÐIST: 26. MARS 2000**

## Vladimír Pútín kosinn Rússlandsforseti

Vladimír Pútín var annar forseti Rússlands en fyrirrennari hans var Borís Jeltsín. Pútín starfaði áður hjá KGB eftir að hann lauk lögfræðinámi frá ríkisháskólanum í Leníngrad árið 1975. Á árunum 1985-1990 starfaði hann í Austur-Pýskalandi og eftir það gegndi hann ýmsum embættum, til dæmis við ríkisháskólann í Leníngrad og við borgarstjórn St. Pétersborgar, áður Leníngrad.

Hann vann hjá stjórnvöldum í Kreml frá árinu 1996 og var skipaður yfirmaður FSB, arftaka KGB, og gegndi einnig starfi ritara Öryggisráðs Rússneska sambandslýðveldisins.

Pútín var settur forseti Rússneska sambandslýðveldisins í desember 1999. Hann var endurkjörinn árið 2004, í skjóli mikils uppgangs í efnahagslífinu sem að mestu mátti þakka hækkandi verði á olíu. Hann hélt vinsældum sínum en stjórnarskráin bannaði honum að fara fram í þriðja sinn.

Árið 2008 fékk Pútín traustasta bandamann sinn, Dimitry Medvedev aðstoðarforsætisráðherra, til að bjóða sig fram. Hann vann kosningarnar og gerði Pútín að forsætisráðherra. Medvedev kláraði kjörtímabilið og steig til hliðar, en Pútín bauð sig aftur fram. Medvedev varð forsætisráðherra undir Pútín.



FRÉTTABLAÐIÐ/AFPNORDIC

## Fyrstu íslensku dægurstjörnurnar

Hátíðartónleikar verða í tilefni aldarafmælis Jóns frá Ljárskógum í Vídalínskirkju í kvöld.

„Jón frá Ljárskógum og félagar hans í M.A.-kvartettinum mætti sennilega telja sem fyrstu dægurstjörnur Íslands,“ segir Sigurður Helgi Oddsson, listrænn stjórnandi og skipuleggjandi hátíðartónleika í tilefni aldarafmælis Jóns frá Ljárskógum sem fara fram í Vídalínskirkju í Garðabæ klukkan átta í kvöld.

Að sögn Sigurðar verður boðið upp á afar fjölbreytta dagskrá. „Þetta eru bæði þekkt lög við hans eigin ljóð, og svo frumsamin lög eftir hann sem hafa lítið eða ekkert heyrst. Mörg þeirra eru einstaklega falleg,“ útskýrir hann, en atriðin eru af ýmsum toga. Á tónleikunum verður einsöngur, dúett, kvartett og kór en meðal flytjenda má nefna Karlaðór Reykjavíkur og nýstofnaðan söngkvartett í anda M.A.-kvartettsins.

„Ég setti mig í samband við öflugt listafólk og stofnaði kvartett við þetta tilefni,“ bætir hann við, en lög sem M.A.-kvartettinn gerði fræg á sínum tíma munu heyrast í upprunalegri útsetningu þeirra í fyrsta sinn í 70 ár.

Sigurður er sjálfur að vinna að rannsókn um M.A.-kvartettinn. „Eins og ég segi eru þetta fyrstu dægurstjörnur Íslands – þeir voru fyrstir til að koma fram og slá svona rækilega í gegn. Á þessum tíma var útvarpið nýkomið og ég hef stundum sagt að M.A.-kvartettinn hafi verið fyrir Ísland á fjórða áratugnum það sem Bítlarnir voru fyrir heiminn



LISTRÆNN STJÓRNANDI Sigurður Helgi Oddsson vinnur að rannsókn um M.A.-kvartettinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

á þeim sjöunda,“ segir Sigurður og hlær. „Svo rækilega sló kvartettinn í gegn að fá hliðstæð dæmi er að finna í íslenskri tónlistarsögu. Jón var þar jafnan fremstur í flokki, bæði þeirra aðalsmerki og höfuðskáld. Í gegnum rannsóknir mínar um þessa merku tónlistarmenn komst ég að því að hann ætti hundrað ára afmæli um þessar mundir og vildi heiðra þá

„Ég held að M.A.-kvartettinn hafi verið fyrir Ísland á fjórða áratugnum það sem Bítlarnir voru fyrir heiminn á þeim sjöunda.“

minningu og halda tónleika honum til heiðurs,“ segir Sigurður að lokum. olof@frettabladid.is



Okkar elskulegi

**SIGTRYGGUR VALDEMARSSON**  
Furulundi 15c, Akureyri,

lést laugardaginn 22. mars.



Valborg Gunnarsdóttir  
Svanhildur Sigtryggisdóttir  
Gunnar Sigtryggsson  
Gunnar Kristjánsson  
Anna Ásgeirsdóttir  
Frosti Meldal  
Rósa Sveinbjörnsdóttir  
Ingibjörg Tómasdóttir  
afa- og langafabörn.



Eiginmaður minn,

**ARI G. HALLGRÍMSSON**

lést föstudaginn 21. mars síðastliðinn, á Sundabúð, Vopnafirði. Útförin fer fram frá Vopnafjarðarkirkju mánudaginn 31. mars kl. 14.00. Jarðsett verður í Hofskirkjugarði.



Kristín Ingólfssdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**ELLI RUNÓLFUR GUÐMUNDSSON**  
frá Skáldabúðum,

lést á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði sunnudaginn 23. mars.



Guðný Gunnarsdóttir  
Aðalbjörg Runólfssdóttir  
Gunnar Runólfsson  
Sigurgeir Runólfsson  
barnabörn og langafabarn.  
Guðni Arnarsson  
Þórunn Ágústa Þórsdóttir  
Þórey Ragnheiður Guðmundsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LILJA HALLDÓRA GUÐNADÓTTIR**  
Hæðargarði 35,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 23. mars.



Sóldís Kjartansdóttir Russel  
Benjamín M. Kjartansson  
Bryndís Kjartansdóttir  
Helgi Kjartansson  
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.  
Marty Russel  
Anna Kristín Guðbrandsdóttir  
Sturla Halldórsson  
Kristín Sigurðardóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, stjúpfi, afi og langafi,

**TORFI ÓLAFSSON**  
fv. deildarstjóri,  
Melhaga 4, Reykjavík,

lést föstudaginn 21. mars á Landspítalanum í Fossvogi. Sálumessa verður sungin í Dómkirkju Krists konungs í Landakoti föstudaginn 4. apríl kl. 13.00 og verður útför hans þaðan.

Ólafur H. Torfason  
Helgi Torfason  
Anna G. Torfadóttir  
Baldur Hermannsson  
afabörn og langafabörn.  
Sigríður Dóra Jóhannsdóttir  
Ella B. Bjarnarson  
Gunnar J. Straumland  
Jóna I. Guðmundsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**BJÖRG JAKOBSDÓTTIR**  
síðast til heimilis á  
Hjúkrunarheimilinu Eir,

lést föstudaginn 14. mars. Hún verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju, föstudaginn 28. mars kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð.

Bjarni Árnason  
Jakob Árnason  
Kristinn R. Árnason  
Bjarni Örn Kristinsson  
Rakel Lind Kristinsdóttir  
Lucinda Hjalmtýsdóttir  
Dagmar Magnúsdóttir



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ALOIS RASCHHOFER**  
kjötíðnaðarmeistari,

andaðist á dvalarheimili Hrafnistu við Brúnaveg í Reykjavík mánudaginn 24. mars. Þeim sem vildu minnst hans er bent á Fríðuhús rekið af FAAS, Félagi áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga, og Hrafnistu í Reykjavík. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 4. apríl kl. 13.00.

Róbert Jón Raschhofer  
Birgit Raschhofer  
Jakob Jón Raschhofer, Matthías Kjartan Raschhofer, Anna Margrét Hjaltdal Jóhannsdóttir  
Margarete Schrems  
Jóhann Pétur Guðvarðarson



Elsku eiginmaður minn og vinur, faðir, sonur og bróðir,

**LOGI JÓNSSON**  
Ásvegi 11, Reykjavík,

lést sunnudaginn 16. mars. Hann verður jarðsöngin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði 27. mars kl. 15.00.

Zhong Yan Wang  
Ívar Skúli Logason  
Valur Snær Logason  
Xu Yan  
Jón Ásgeirsson  
systkini.  
Valdís Jónsdóttir



**TILBOÐSDAGAR**  
legsteinar og fylgihlutir  
10-50% afsláttur

Mikið úrval - Vönduð vinna



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



Marmari  
Granit  
Blágrýti  
Gabbro  
Liparit





OYSTER PERPETUAL  
DATEJUST

**ROLEX**

**M**

**MICHELSÉN**  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. mars 2014 | 25. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ KOMUM  
VIÐA VIÐ!



**Guðjón Ó**  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



## MÍNAR SÍÐUR VODAFONE FALLA UNDIR FJAR- SKIPTALÖG

- Vodafone hefur ekki ákveðið hvort ákvörðun PFS verður áfrýjað.
  - Ákvörðun um arðgreiðslur verður tekin á aðalfundi í dag.
  - Viðtal við Ómar Svavarsson, forstjóra Vodafone á Íslandi.
- SÍÐA 6

## Flutti út fyrir 95 milljarða

Fjarðaál flutti út vörur fyrir um 95 milljarða króna í fyrra. Það samsvarar um 260 milljónum króna á dag.

Í svokölluðu staðreyndaskjali eða yfirliti yfir starfsemi álversins í fyrra segir að um 35 prósent af útflutningstekjum Fjarðaáls hafi orðið eftir á Íslandi. Þá voru starfsmenn fyrirtækisins 470 talsins á árinu og þar af konur 22 prósent. Fjarðaál greiddi 5,1 milljarð króna í laun og launatengd gjöld á árinu. Meðalárslaun voru um 8,3 milljónir króna og starfsfólk Fjarðaáls greiddi um 1,4 milljarða króna í tekjuskatt og útsvar.

- skó

## Herdís stýrir Framtakssjóði

Herdís Dröfn Fjeldsted hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands. Hún mun taka við af Brynjólfi Bjarnasyni þann 1. apríl næstkomandi. Hann óskaði nýlega eftir því að láta af störfum.

Herdís hefur verið fjárfestingastjóri hjá FSÍ frá árinu 2010. Hún hefur viðamikla reynslu úr sínum störfum af fjárfestingum og umbreytingaverkefnum. „Herdís er afar vel undir það búin að leiða þau verkefni sem fram undan eru hjá Framtakssjóðnum,“ segir Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður FSÍ, í tilkynningu frá sjóðnum.



**HERDÍS DRÖFN  
FJELDSTED**  
framkvæmdastjóri  
Framtakssjóðs  
Íslands, FSÍ

- fbj

## Neytendur bjartsýnni

Íslenskir neytendur eru mun bjartsýnni á ástand og horfur í efnahags- og atvinnumálum samkvæmt Væntingavísitölu Gallup fyrir marsmánuð sem birt var í morgun.

Vísitalan hækkaði um níu stig á milli febrúar og mars og mælist 94,8 stig. Samkvæmt greiningu Íslandsbanka er það hæsta gildi hennar frá því í júní í fyrra. Íslandsbanki segir að þar sem vísitalan fari ekki yfir 100 stig teljist Íslendingar þó ekki almennt bjartsýnnir á ástandið.

Allar undirvísitölur hækkuðu á milli mánaða, en mest hækkaði mat neytenda á núverandi ástandi. Það hækkaði um 18 stig og mældist 54,8 stig, sem er hæsta gildi vísitölu frá því fyrir hrún.

- skó

# Sjónmælingar í Optical Studio

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**5**  
**Á UPPLÉIÐ**  
Félög sem hækkðu í verði

**5**  
**Á NIÐURLEIÐ**  
Félög sem lækkuðu í verði

**4**  
**STÓÐU Í STAÐ**  
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**FJARSKIPTI**

**11,6%** frá áramótum

**FJARSKIPTI**

**2,5%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**MAREL**

**-20,3%** frá áramótum

**VÁTRYGGINGA-FÉLAG ÍSLANDS**

**5,7%** í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Atlantic Airways (DKK)	144,00	-5,9%	0,0%
Bank Nordic (DKK)	106,50	-18,1%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	236,50	-9,7%	1,9%
Fjarškipti (Vodafone)	30,40	11,6%	2,5%
Hagar	41,70	8,6%	2,1%
Icelandair Group	18,50	1,6%	1,1%
Marel	106,00	-20,3%	-1,9%
N1	18,35	-2,7%	0,3%
Nýherji	3,55	-2,7%	0,0%
Reginn	16,45	5,8%	-0,3%
Tryggingamiðstöðin	29,70	-7,3%	-5,7%
Vátryggingafélag Íslands	9,41	-12,8%	-5,7%
Össur	250,00	9,2%	0,0%

### Úrvalsvísitalan OMXI6

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Century Aluminum	1150,00	0,0%	0,0%
Hampþíjan	20,90	57,7%	5,0%
HB Grandi	31,00	40,9%	-3,1%
Sláturfélag Suðurlands	1,22	0,0%	0,0%

## Dagatal viðskiptalífsins **keldan** dagatal viðskiptalífsins

### Fimmtudagur 27. mars

- N1 – Aðalfundur 2014
- Ársfundur Seðlabanka Íslands
- Fjöldi útgefna vegabréfa
- Nýskráningar og gjaldþrot í febrúar 2014
- Eimskip – Aðalfundur 2014

### Föstudagur 28. mars

- Vísitala framleiðsluverðs í febrúar 2014

### Mánudagur 31. mars

- Vöruskipti við útlönd

### → Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni

### Miðvikudagur 2. apríl

- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

### Fimmtudagur 3. apríl

- Vöruskipti við útlönd í mars 2014, bráðabirgðatölur
- Aðalfundur Atlantic Airways

### Föstudagur 4. apríl

- Gistinætur á hótélum í febrúar 2014

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

# Háðari útflutningi en hin Norðurlöndin

Ísland flutti út vörur fyrir 3,9 milljarða evra árið 2012, sem er tæplega 8% aukning miðað við 2008. Útflutningur til nýrra hagvaxtarsvæða jókst talsvert á tímabilinu samkvæmt nýrri skýrslu.

### VIÐSKIPTI

Fanney Birna Jónsdóttir | fanney@frettabladid.is

Ný skýrsla sem norrænu hagstofurnar unnu fyrir Norrænu ráðherranefndina sýnir fram á að mikil aukning er í sölu á íslenskum vörum til BRIK-landanna svokölluðu, Brasilíu, Rússlands, Indlands og Kína eða um 59 prósent. Útflutningur til hinna svokölluðu Next-11 landa, sem eru nýjustu hagvaxtarsvæðin í heiminum, jókst um 157 prósent á sama tíma. Skýringuna er að finna í sölu á fiski. Fiskafurðir voru 71 prósent af útfluttum vörum til BRIK-landanna og 86,1 prósent útflutnings til Next-11 markaðanna. Útflutningsverðmæti vara á Bandaríkjamarkað dróst saman um 16 prósent.

Evrópa er langmikilvægasti markaður Íslendinga þar sem 70 prósent af vöruútflutningi þjóðarinnar árið 2012 voru til Evrópulanda, og var Holland stærsti einstaki markaðurinn. Vöruútflutningur þangað nam 30 prósentum af heildarútflutningi og hlutur Þýskalands, sem er í öðru sæti, var 12,9 prósent eða 506 milljónir evra.

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru í lykilhlutverki, sérstaklega á nýju hagvaxtarsvæðunum. Hlutdeild þeirra í heildarvöruútflutningi Íslands var 42 prósent en ef einungis er litið til BRIK-landanna og Next-11 markaðanna var hlutdeildin um 80 prósent.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að staða Norðurlandanna á útflutningsmörkuðum hafi versnað hlutfallslega á tímabilinu. Heildarútflutningur landanna árið 2012 var 402 milljarðar evra, en hefði verið 31 milljarði hærri



ALPJÓDAVÆDING Evrópa er langmikilvægasti markaður Íslendinga.

FRETTLABLAÐIÐ/GVA

ef markaðshlutdeild þeirra hefði haldist óbreytt. Störfum hjá norrænum útflutningsfyrirtækjum fækkaði um 157.000 frá 2008 til 2012.

„Það verður að viðurkennast að þrátt fyrir að Norðurlöndin í heild komi betur út úr kreppunni en flest önnur lönd þá er talsverð pressa á okkur á útflutningsmörkuðunum. Norræna ráðherranefndin hefur síðustu ár lagt áherslu á grænan hagvöxt og aukna samvinnu

„[Það] er talsverð pressa á okkur á útflutningsmörkuðunum.

landanna til þess að mæta þeim áskorunum sem felast í alþjóðavæðingunni. Við vonumst meðal annars til þess að sú vinna skili sér í auknum útflutningi,“ segir framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, Dagfinn Høybråten.

Alls hefur verið fjárfest fyrir um 60 milljónir í Startup Reykjavík-fyrirtækjum:

## Áttatíu prósent fyrirtækja virk

Viðskiptahraðallinn Startup Reykjavík verður nú haldinn þriðja sumarið í röð en að honum standa í sameiningu Klak Innovit nýsköpunar- og frumkvöðlasetur og Arion banki.

„Markmiðið með Startup Reykjavík er að hraða ferlinu sem sprotafyrirtæki fara í gegnum þannig að þau nái að koma í verk á tíu vikum því sem annars tæki mánuði eða jafnvel ár,“ segir Stefán Þór Helgason, verkefnastjóri hjá Klak Innovit.

Tíu fyrirtæki taka þátt í Startup Reykjavík hverju sinni og stendur verkefnið yfir í tíu vikur. Fyrirtækin fá sameiginlega skrifstofu- aðstöðu, aðstoð og leiðbeiningar frá tugum mentora auk þess sem Arion banki leggur hverju og einu fyrirtæki til 2 milljónir í hlutafé gegn 6 prósentu eignarhlut.

Hingað til hafa 20 fyrirtæki tekið þátt í Startup Reykjavík. Sextán þeirra eru ennþá virk, þrjú hafa verið sett í biðstöðu og eitt hefur hætt starfsemi. Hjá þessum fyrirtækjum vinna hátt í 70 manns í 49 fullum stöðugildum. Alls hefur verið fjárfest í þessum fyrirtækjum fyrir 60 milljónir króna og þau hafa hlotið styrki upp á 225 milljónir. Hluti styrkuppþæðanna er háður framvindu verkefnanna.

„Startup Reykjavík er eitt af



GRILLAÐ FYRIR FRUMKVÖÐLA Ragnheiður Elín Árnadóttir viðskiptaráðherra og grillmeistari var með í gleðinni hjá Startup Reykjavík í fyrrasumar.

fáum afmörkuðum fjárfestingaverkefnum sem snúa að sprotafyrirtækjum en það er ljóst að þörfin fyrir verkefni af þessu tagi er mikil. Á milli tvö og þrjú hundruð hugmyndir og fyrirtæki sækja um inngöngu í Startup Reykjavík á hverju ári,“ segir Stefán.

Þær hugmyndir sem tekið hafa þátt í Startup Reykjavík eru fjölbreyttar. Má sem dæmi nefna viskíframleiðslu, hönnun og uppsetningu á sleðarennibraut niður

Kambana, þróun og framleiðslu á sjálfvirkum lyfjaskammtara, fatahönnun, upplýsingar um söngtexta og gítargrip og margt fleira.

Öllum sem hafa snjalla hugmynd eða hafa stofnað fyrirtæki er frjálst að sækja um að taka þátt í Startup Reykjavík. Einfalt er að sækja um en það er gert rafrænt á vefnum startupreykjavik.com og umsóknarfrestur er til og með 30. mars 2014.

-fbj

## Glerfínar gluggafilmur

– aukin vellíðan á vinnustað

3M

gluggafilmur

– fyrir skóla, sjúkrahús, skrifstofur, verslanir og aðra vinnustaði

Fagmenn RV sjá um uppsetningu!

Rekstrarvörur

– vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



Grænt leigusamband Reita er samstarf um vistvænan rekstur atvinnuhúsnæðis.



## Reitir bjóða grænt leigusamband

Reitir fasteignafélag býður viðskiptavinum sínum upp á grænt leigusamband. Við hjálpum þér að breyta þínu atvinnuhúsnæði í vistvænan vinnustað.

Reitir fasteignafélag er stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Markmið okkar er að vera leiðandi í mótun umhverfisvitundar í íslensku atvinnulífi.

Kynntu þér Græna Reiti á [www.reitir.is](http://www.reitir.is).

Kringlan 4–12

103 Reykjavík

[www.reitir.is](http://www.reitir.is)

575 9000

**REITIR**

*Velkomin til starfa*

# Rafmiðillinn Auroracoin kominn í umferð á Íslandi

Á bak við þennan nýja gjaldmiðil er huldumaður sem segir miðillinn leið fyrir Íslendinga til að komast hjá verðbólgu og gjaldeyrishöftum. Stjórnvöld vara við notkun sýndarfjár.

## PENINGAMÁL

Fanney Birna Jónsdóttir | fanney@frettabladid.is

Dreifing á rafmyntinni Auroracoin hófst á miðnætti aðfaranótt þriðjudags en frá og með þeim tíma gat hver einasti Íslendingur fengið úthlutað 31,8 einingum af myntinni endurgjaldslaust. Heildarfjármagn Auroracoin er 21 milljón en 10,5 milljónir eru nú til dreifingar til Íslendinga og mun dreifingin standa í eitt ár.

Um er að ræða það sem íslensk stjórnvöld hafa kallað sýndarfé og í síðustu viku sendu Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið, Neytendastofa ásamt innanríkis- og fjármálaráðuneytinu frá sér aðvörun þar sem varað var við notkun myntarinnar.

Rafmyntir, stundum kallaðar dulmálgjaldmiðlar, eru frábrugðnar venjulegum gjaldeyri að því leyti að í slíku hagkerfi er enginn seðlabanki sem gefur út fjármuni og eykur með því peningamagn í umferð. Ekki er því hættá á verðbólgu í slíku umhverfi en að sama skapi er verðgildið óstöðugt. Kerfinu er haldið upp á netinu en þar er hver notandi með færsluskra, með nafnleyn, og allar færslur eru

opnar öllum. Verðmæti gjaldmiðilsins byggist upp með eftirspurn og eign á bak við miðillinn.

Stærsti rafmiðillinn er Bitcoin sem ákveður nýjan fjölda mynta á tíu mínútna fresti og afhendir svokölluðum „náamönnum“ fyrir að leysa dulköðunarþraut. Bitcoin er því ekki gefin út sem skuldbinding gegn vöxtum. Samkvæmt íslenskum lögum um gjaldeyrismál er óheimilt hér á landi að eiga gjaldeyrissviðskipti með Bitcoin. Fjöldi mynta sem byggja á svipuðum grunni og Bitcoin er til, þar má nefna til dæmis Litecoin sem Auroracoin byggir á. Munurinn á milli myntanna tveggja er algímið (algóritminn) sem notaður er.

Maðurinn á bak við Auroracoin kallar sig Baldur Friggjar Óðinsson. Það er hins vegar dulnefni en engan með slíku nafni er að finna í þjóðskrá. Hann segir myntina vera tækifæri til að segja skilið við verðbólgu, gjaldeyrishöft og gengisfellingu hins hefðbundna fjármagnskerfis.

Á heimasíðu myntarinnar segir að tilgangur miðilsins sé að gefa Íslendingum kost á að nota annan gjaldmiðil en ís-



RAFEYRIR Virði einnar Auroracoin er um 11 Bandaríkjadalir eða 1.250 krónur.

FRÉTTABLAÐID/AURORACOIN.ORG

lensku krónuna og myntin geti verið leið til að komast hjá gjaldeyrishöftum. Upphafið gekk ekki áfallalaust fyrir sig en heimasíða myntarinnar hrundi um stund eftir að Íslendingum

gafst kost á að sækja myntina. Því var hins vegar komið í lag en síðan hefur þó verið mjög hæg-virk. Auðkenni sem notast er við eru símanúmer og Facebook-aðgangur.

## Stjórnvöld vara við notkun sýndarfjár

Íslensk stjórnvöld sendu í síðustu viku frá sér aðvörun vegna hugsanlegrar áhættu sem tengist kaupum, varðveislu á eða viðskiptum með sýndarfé af tilefni úthlutunar Auroracoin.

Í aðvöruninni segir að gildandi lög á Íslandi verndi neytendur ekki gegn tapi á sýndarfé, til dæmis ef „markaðstorg“ sem skiptir eða varðveitir sýndarfé bregst skyldum sínum eða ef greiðsla misferst eða kemst í hendur óviðkomandi aðila.

Handhafi sýndarfjár eigi ekki kröfu á útgefanda sambærilega því sem við á um peningaseðla og mynt, rafeyri, innlán og annars konar inneign á greiðslureikningi í skilningi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu. Verðgildi og óhindrað aðgengi að sýndarfé er alls ótryggt frá einum tíma til annars.

Að aðvöruninni standa Fjármálaeftirlitið, Seðlabanki Íslands, Neytendastofa, innanríkisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

## Byggir allt á trausti

„Ef þú ætlar að taka við svona mynt þá verður þú að vera viss um að þú getir notað hana eitthvað áfram,“ segir Marías Gestsson, aðjúntur við hagfræðideild Háskóla Íslands um Auroracoin.

Hann segir viðskipti með gjaldmiðla snúast um traust á bak við myntina, að menn láti verðmæti af höndum og vilja fá verðmæti í staðinn.



MARÍAS GESTSSON

„Þetta hrygur um sjálft sig ef þú veist ekki og getur ekki treyst því að einhver vilji taka við myntinni af þér. Til dæmis þarf að ríkja traust á því að búðir sem taki við myntinni geti gert eitthvað við hana áfram, eins og að greiða birgjum eða borga laun. Launþegarnir þurfa síðan að treysta því að þeir geti greitt reikningana sína með myntinni. Þetta byggir allt á trausti,“ segir Marías.

Skortur á samræmingu milli opinberra aðila og rekstraraðila í ferðaþjónustunni:

## „Lykilatriði að gera áætlun“

### EFNAHAGSMÁL

Fanney Birna Jónsdóttir | fanney@frettabladid.is

Brýnt er að innviðir ferðaþjónustu og skipulag hennar verði styrktir til samræmis við aukningu í þjóðhagslegu mikilvægi ferðaþjónustunnar á skömmum tíma. Þetta var meðal þess sem fram kom á ráðstefnu Landsbankans um ferðaþjónustu í gær.

Hagfræðideild bankans tekur árlega saman ferðaþjónustugreiningu en þar kemur meðal annars fram að heildarstaða ferðaþjónustunnar sé síðri en hefðbundinna atvinnugreina hér á landi. Þar komi til að árstíðabundnar sveiflur séu enn miklar, þó vel hafi tekist að draga úr þeim, og enn séu mjög mörg fyrirtæki afar smá og vanmáttug. Þá sé gagnasöfnun um mikilsverða þætti ferðaþjónustu af skornum skammti, rannsóknar- og þróunarstarf takmarkað og nauðsynlega samræmingu milli opinberra aðila og rekstraraðila í greininni skorti.

Aðalræðumaður á ráðstefnunni í gær var Rick Antonson sem farið hefur fyrir ferða-



TÚRISTAGILDRA Framsögumenn á fundinum í gær voru sammála um að Ísland mætti ekki verða túristagildra.

FRÉTTABLAÐID/GETTY

málafirvöldum í Vancouver í meira en 20 ár. Hann spáði því að ferðaþjónustan yrði stærsta atvinnugrein heims á næstu árum en greinin væri alls ekki undir það búin. Hann sagði það

lykilatriði að gera áætlun um hvernig ríki ætla að taka á móti fjölda gesta, en samkvæmt spá Landsbankans munu ferðamenn á Íslandi verða orðnir yfir milljón árið 2015.

-fbj

Fleiri huga að bíla- eða húsnæðis kaupum:

## Íslendingar eru nú líklegri til stórkaupa

Íslenskir neytendur eru líklegri til þess að ráðast í stórkaup nú en þeir hafa verið frá hrúni, samkvæmt ársfjórðungslegum mælingum Capacent Gallup á fyrirhuguðum stórkaupum neytenda.

Stórkaupavísitalan mælist nú 87,8 stig sem er hæsta gildi hennar frá því í september 2008. Stórkaupavísitalan mælir hversu líklegir neytendur eru til þess að festa kaup á húsnæði eða bifreið á næstu 6 mánuðum, eða ferðast til útlanda á næstu 12 mánuðum.

Greining Íslandsbanka segir hækkun stórkaupavísitalunnar nú mega rekja til hækkunar á öllum undirvísitalum hennar.

Vísitalan fyrir bifreiðakaup hækkar um tæp 7 stig frá síðustu mælingu, og mælist hún nú 25,2 stig sem er hæsta gildi hennar í 6 ár. Töldu rúmlega 13 prósent aðspurðra það mjög eða frekar líklegt að þeir myndu festa kaup á bifreið á næstu 6 mánuðum, en tæplega 76 prósent mjög eða frekar ólíklegt. Þessi vísitala hefur lægst farið niður í 10,5 stig, sem var í árslok 2008, en frá upp-



TÍMAMÓT Nýherji hefur nú dregið úr öllum rekstri í Danmörku.

MYND/NÝHERJI

Nýherji selur í Danmörku:

## Ciber A/S kaupir tvö félög

Nýherji hefur selt starfsemi félaganna Applicon A/S og AppliconSolutions A/S í Danmörku. Kaupandinn er Ciber A/S sem er hluti af Ciber Inc. og er samstæða fyrirtækja á sviði upplýsingatækni.

Í tilkynningu frá Nýherja segir að salan muni hafa óveruleg áhrif á niðurstöðu rekstrarreiknings félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung. Salan mun þó treysta lausafjárstöðu Nýherja og skerpa áherslur í starfsemi félagsins. Ciber mun taka yfir rekstur Applicon frá og með 1. apríl næstkomandi.

-fbj

Flutt út fyrir 95 milljarða:

## Þriðjungur eftir á Íslandi

Fjarðaál flutti út vörur fyrir um 95 milljarða króna í fyrra. Það samsvarar um 260 milljónum króna á dag. Í svokölluðu staðreyndaskjali eða yfirliti yfir starfsemi álversins í fyrra segir að um 35 prósent af útflutningstekjum Fjarðaáls hafi orðið eftir á Íslandi.

Þá voru starfsmenn fyrirtækisins 470 talsins á árinu og þar af konur 22 prósent. Fjarðaál greiddi 5,1 milljarð króna í laun og launatengd gjöld á árinu. Meðalárslaun voru um 8,3 milljónir króna.

-skó



HÆKKUN Stórkaupavísitalan hefur ekki verið hærrá frá hrúni.

hafi mælinga hefur hún að jafnaði mælst 24,2 stig.

Svipaða sögu má segja um þá þróun sem varð á vísitalunni sem metur líkur á því að einstaklingur ráðist í húsnæðis kaup á næstu 6 mánuðum. Sú vísitala mælist nú 8,9 stig sem er einnig hæsta gildi hennar í 6 ár. Töldu nú um 6% aðspurðra það mjög eða frekar líklegt að þeir myndu ráðast í húsnæðis kaup á næstu 6 mánuðum en tæplega 89% það ólíklegt. Þessi vísitala hefur lægst farið niður í 3,2 stig, sem var í árslok 2011, en frá upphafi mælinga hefur hún að meðaltali mælst 9,7 stig.

-fbj

# BETRI KAUP í nokkra daga

FÆÐUBÓTAREFNI,  
FATNAÐUR OG SMÁTÆKI

NÚ ER TÍMI TIL AÐ BIRGJA  
SIG UPP FYRIR RÆKTINA

## THE PROTEIN WORKS Alltaf betri kaup!

The protein works Kreatine 500 gr  
The protein works Protein 80 , 2kg 80 skammtar  
The protein works HNETUSMJÖR 1 KG  
The protein works Whey smoothie 500g  
The protein works Whey smoothie 1 kg  
The protein works Thermopro fatburner 90 hylki  
The protein works CLA fitusýra 120 hylki  
The protein works Nýtt! Raspberry Ketones 60 hylki  
The protein works Total Mass 2 kg

Verð áður

Verð nú

3.999 kr.  
6.999 kr.

1.999 kr.  
7.999 kr.  
1.799 kr.  
2.999 kr. 25%  
4.899 kr. 30%  
3.999 kr.  
3.999 kr.  
1.799 kr.  
6.999 kr.

Pældu í  
verðinu!

**MAXIMUSCLE**  
Maximuscle Nýtt Promax Extreme 1.2 kg

Verð áður  
9.995 kr.

Verð nú  
7.996 kr. 20%

**PHD**  
PHD L-GLUTAMIN 550gr 110 skammtar  
PHD Pharma Pro-3 protein 1.8 kg

Verð áður  
4.995 kr.  
8.995 kr.

Verð nú  
3.996 kr. 20%  
7.995 kr.



**SLENDERTONE**  
Slendertone System+  
PAKKI belt+pils  
(rass og læri)

Verð áður  
29.995 kr.

Verð nú  
26.995 kr.  
36.995 kr.

**POLAR**  
POLAR púlsmaerir FT2  
POLAR púlsmaerir FT4  
POLAR púlsmaerir FT7

Verð áður  
11,995 kr.  
15,995 kr.  
18,995 kr.

Verð nú  
9.995 kr.  
13.995 kr.  
16.995 kr.

**UNDER ARMOUR**  
30% afsl.  
af eldri vörum



50% afsl. af Hreysti bómullarbolum  
Verð áður kr. 2.990.- Verð nú kr. 1.498.-

50% afsl. af Hreysti hettupeysum  
renndum/lokuðum  
Verð áður kr. 5.995.- Verð nú kr. 2.998.-

VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG AÐ VELJA RÉTTU  
VÖRURNAR SEM HENTA ÞÉR!



allt fyrir kroppinn

**HREYSTI**

Skeifunni 19 - S. 568 1717

NETSÍÐA: WWW.HREYSTI.IS



Í HÖFUÐSTÖÐVUNUM Viðskiptavinir Vodafone fengu í síðustu viku bréf þar sem forstjórinn fór yfir þær aðgerðir sem félagið hefur ráðist í til að efla öryggismál.

FRÉTTABLAÐID/GVA

# Vefkerfi Vodafone fellur undir lögin

*Fjarskiptalög ná yfir þjónustusíðu Vodafone sem ráðist var á í nóvember. Félagið hefur ekki ákveðið hvort ákvörðun PFS verði áfrýjað. Gagnabyltingin að hefjast, segir forstjórinn. Aðalfundur Vodafone er haldinn í dag.*

## VIÐTAL

Haraldur Guðmundsson |  
haraldur@frettabladid.is



Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur komist að þeirri niðurstöðu að fjarskiptalög gilda um þann atburð sem átti sér stað 30. nóvember síðastliðinn þegar tölvuþrjútur braust inn í vefkerfi Vodafone og stal þaðan sms-skilaboðum og persónuupplýsingum um þúsundir viðskiptavina félagsins og birti þær á netinu.

Vodafone hefur haldið því fram að það sé vafamál hvort vefkerfi, „Mínar síður“, falli undir fjarskiptalög eða ekki og þar með valdssvið PFS. Stofnunin hefur nú birt ákvörðun sína en rannsókn PFS á umræddu innbroti, og þá hvort Vodafone hafi brotið lög með því að geyma gögn lengur en í sex mánuði, er enn í gangi.

„Þetta er eitt af uppgjörum sem við erum að fara í gegnum og við erum að meta stöðuna og skoða þetta,“ segir Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone á Íslandi (Fjarskipta hf.).

„Þetta í sjálfu sér breytir ekki afstöðu okkar en við vorum að útskýra með hvaða hætti við horfðum á Mínar síður. Við horfðum ekki á þær sem hluta af fjarskiptakerfum en sannarlega að sá búnaður sem notaður var til að senda upplýsingarnar væri hluti af kerfunum.

En þetta er úrskurður PFS og við munum í framhaldinu meta hvort við munum áfrýja en engin slík ákvörðun hefur verið tekin,“ segir Ómar.

### Minnti á það sem máli skiptir

Árásin á vefkerfi Vodafone kom í kjölfarið á viðburðaríku tólf mánaða tímabili sem hófst með skráningu félagsins á markað í desember 2012. Á þeim fjórum mánuðum sem liðnir eru hefur hlutabréfaverð Vodafone hækkad um sautján prósent eftir mikið fall daginn eftir árásina og félagið skilaði í síðasta mánuði ársuppgjöri sem sýndi hagnad upp á 847 milljónir króna.

„Þetta er eitthvað sem maður vill alls ekki upplifa aftur,“ segir Ómar, um persónulega upplifun sína af árásinni í lok nóvember og afleiðingum hennar.

„Þetta er búið að reyna alveg svakalega á og minnti mann á hvað það er sem skiptir máli og að hafa vakandi auga með því. En auðvitað er þetta eitt af þeim málum þar sem þú lendir í ákveðnum atburði eða stöðu þar sem skiptir öllu máli að taka réttu ákvarðanirnar, styðja við starfsfólkið og upplýsa út á við. En þetta voru virkilega erfiðir tímar sem reyndu á.“

Ómar sendi viðskiptavinum Vodafone bréf í síðustu viku þar sem hann fór yfir þær aðgerðir sem félagið hefur ráðist í til að efla öryggismál. Þar segir



FORSTJÓRINN Ómar Svavarsson segir tækifæri Vodafone liggja í auknum gagnaflutningi og öðrum tekjustraumum.

FRÉTTABLAÐID/GVA

að fyrirtækið hafi meðal annars breytt kerfislegri uppbyggingu heimasíðunnar vodafone.is, eftl innbrotavarnir með nýjum eldveggjum og aukið samstarf við Vodafone Group.

„Það er gríðarlega gott bakland. Starfsmenn Vodafone Group hafa aðstoðað okkur við ýmis tæknileg atriði og þá miðað við alþjóðlega staðla enda er ógnin alþjóðleg í sjálfu sér. Allt er þetta gert til að upplýsa heiðarlega hvernig málin fóru

og hvað gerðist í raun og veru.“

Vodafone hefur ekki gefið upp hversu margir viðskiptavinir sögðu skilið við fyrirtækið í kjölfar árásarinnar. Fyrstu dagana á eftir var talað um að fjöldinn væri innan við eitt prósent af viðskiptavinum og að sögn Ómars var desember ekki stærsti brottfallsmánuðurinn í sögu félagsins. Síðan þá hafa fjölmiðlar fjallað um að hóp málsókn gegn félaginu sé í undirbúningi.

„Í stóra samhenginu eru

„Þetta er búið að reyna alveg svakalega á og minnti mann á hvað það er sem skiptir máli og að hafa vakandi auga með því.“

þetta ekki þannig tölur að þær hafi einhver veruleg áhrif. En þetta reyndi á alla þræði rekstursins og auðvitað hættu viðskiptavinir og það eru okkur

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐA Í LEIFSSTÖÐ

Ísavia hefur samið við Securitas um þjónustu við fatlaða og hreyfihamlaða flugfarþega sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda til þess að komast leiðar sinnar um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Aðstoðin nær einnig til þeirra sem vegna aldurs eða veikinda eiga erfitt með að ferðast hjálparlaust.



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg · Hjóðlát  
Stórt op > auðvelt að hlaða  
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur  
heitt og kalt vatn

Afkastamikill  
þurrkari >



★★★★  
Amerísk  
gæðavara



**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

★★★★  
Amerísk  
gæðavara

## VORFRAKKARNIR KOMNIR



Skoðað  
laxdal.is  
Yfirhafnir

**BERNHARD  
LAXDAL**  
Laugavegi 63 · S: 551 4422



Vertu vinur á  
Facebook

## GOTT FYRIR MÆÐUR

**HALLDÓR JÓNSSON EHF. KYNNIR** Brjóstagjafalínan frá MAM er ný á markaði. Vörurnar eru fyrirferðarlitlar og því lítið mál að ferðast með þær.

**M**AM-brjóstagjafalínan er ný á markað á Íslandi. Hún samanstendur af handdælu, brjóstapúðum, geymsluboxi fyrir mjólka og mexíkanahatti sem er góð viðbót við það breiða vöruúrval sem MAM hefur upp á að bjóða.

„Ég byrjaði að mjólka mig þegar ég var að byrja í verknámi í skólanum og maðurinn minn var heima með strákinn okkar,“ segir Soffía Arna Ómarsdóttir, móðir og hjúkrunarfræðinemi.

MAM-handdælan er einföld og þægileg. Hún samanstendur af aðeins fjórum hlutum, ekkert mál að taka í sundur og setja saman sem auðveldar einnig þrif á dælnni. Sogkraftinn er hægt að stilla og hægt er að snúa stútnum 360° þannig að hver og ein getur fundið þá aðferð sem hentar. Mjúkir púðar á trektinni gefa þægilega tilfinningu og festa trektina vel við brjóstið. Dælan er fyrirferðarlítill og auðvelt að hafa meðferðis í skiptitöskunni.

„Ég prófaði MAM-pumpuna og var mjög ánægð með hana. Það góða við MAM-pumpuna er að það er hægt að mjólka beint ofan í pelann eða geymsluboxið og skella því í ísskáp eða frysti. Tveir pelar og þéttlok fylgja með pumpunni. Ég horfði á myndbönd á YouTube sem útskýrðu vel hvernig dælan er sett saman og hvernig hægt er að stilla sogkraftinn. Svo er hún lítil og þægileg, ekkert mál að ferðast með hana,“ segir Soffía Arna.

### BRJÓSTAMJÓLK ER ÞAÐ BESTA SEM BARNIÐ FÆR

Brjóstamjólka er það besta sem barnið



**ÁNÆGÐ MÓÐIR**  
Soffía Arna Ómarsdóttir hefur góða reynslu af brjóstagjafavörðunum frá MAM. MYND/GVA

fær og að vera með barn á brjósti er dásamlegt. Það getur þó verið gott stöku sinnum að geta falið öðrum að gefa barninu að drekka og þá er gott að geta mjólkað sig svo að barnið fái bestu mögulegu næringuna. Konur mjólka sig ekki aðeins fyrir þennan sveigjanleika heldur getur verið gott fyrir konur að mjólka sig til að létta af mjög fullum brjóstum, til að örva mjólkurframleiðsluna og koma í veg fyrir brjóstastíflu eða til að koma sér upp birgðum af brjóstamjólka sem hægt er að grípa í þegar þörf er á.

MAM-brjóstagjafalínan fæst í Lyfju, Lyfjum og heilsu, Baby Sam og Ólavíu og Oliver.



## ÖLL DEKK



LÆGRA VERÐ

**DEKKVERK**

Lyngás 20, garðabær  
s: 578-7474  
www.dekkverk.is/

OPIÐ ALLA DAGA 10-19  
Laugardaga og Sunnudaga líka

## Situr þú í skítinum?

Hreinsandi hefur fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar, sóthreinsunar og þurrkunar. Við vinnum á slæmum blettum og húsgögnin hreinlega ljóma!

sérhæfir sig í: Myglugró Djúphreinsun Lyktareyðingu Sóthreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.



**Hreinsandi**  
fyrir alla muni

Hreinsandi notar efni frá



Eldshöfða 1 S: 577-5000  
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

# TILBOÐ



Havana leður hornsófi 2H2

Verð nú kr. **380.900**  
Fullt verð 575.806 kr



Basel leðursett 3+1+1

Verð nú kr. **390.900**  
Fullt verð 594.873



Rín Lux Tungusófi

Verð nú kr. **99.900**  
Fullt verð 251.400

Sjónvarpsskápur Salsa



Verð nú kr. **19.900**  
Fullt verð 59.900

Sjónvarpsskápur Cubic TV2



Verð nú kr. **19.900**  
Fullt verð 47.900

Opið virka daga kl. 10-18  
laugard. 11-16

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is




## STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS



FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!



# FÆTUR Á FERÐINNI

**FÓTAFERÐ** Vöruhönnuðurinn Guðrún Valdimarsdóttir ferðast heimshorna á milli og tekur ljósmyndir af fótum sínum á mismunandi undirlagi.

Þetta er fullkomin ástæða til að kaupa sér nýja skó því það er ekkert gaman að mynda alltaf sömu skóna,“ segir Guðrún sem stundum er líka á táslnum þegar hún tekur ljósmyndir af fótum sínum á ferðalögum heima og í útlöndum.

„Ég byrjaði að taka myndir af hnjúnum þar sem ég sat þegar ég var á tólfta árinu og átti mér draum um að verða ljósmyndari. Með árunum þróaðist myndatakan yfir í standandi fætur, þar sem ég var ýmist að mæla ljós fyrir myndatökur eða að bíða eftir litlu drengjunum mínum sem eru aldrei kyrrir og voru þá annaðhvort hornfir út fyrir rammann eða ókominir í hann,“ útskýrir Guðrún sem stóð þá ein eftir og smellti mynd af tásum sínum.

Hún segir myndirnar vera forvitnilegar samtímaheimildir um tíðaranda heimsins.

„Fæstir taka eftir undirlagi fóta sinna né heldur loftinu þar sem þeir koma heldur horfa beint fram fyrir sig eða til hliðanna. Þetta er því heimur sem kemur á óvart.“

### SPÉHRÆDD VIÐ MYNDAVÉLAR

Eftirlætisfótamynd Guðrúnar er glæný mynd sem hún tók í skemmtiferð með eiginmanninum til Parísar.

„Þá fórum við í Louvre-listasafnið þar sem engir tveir salir hafa eins gólfefni og ég tók urmúl mynda. Það er annars ótrúlegt hvað ég þekki myndir liðinna ára í sundur, jafnvel þótt þær séu bara af fótum í grasi. Hver einasta mynd situr í huga mér og er dýrmæt minning um áfangastaði hér heima eða að heiman.“

Guðrún er staðráðin í að halda áfram myndatökunum sem nú færast í aukana frekar en hitt.

„Þetta er komið upp í vana og erfitt að hætta einhverju jafn skemmtilegu og þessu. Í fjölskyldualbúminu eru til fremur fáar andlitsmyndir af mér því ég er ljósmyndarinn á heimilinu og að auki spéhrædd við myndavélar. Það skiptir nefnilega ekki máli hvort ég sé asnaleg á svipinn á fótamyndunum.“

### HYLUR HYLUR

Í kvöld opnar Guðrún sýningu á skrifborði sínu Hyl í Epal.

„Borðið heitir Hylur því það hylur rafmagnssnúrur, fjöltengi og annað sem við notum mikið en viljum helst fela,“ útskýrir Guðrún um hönnun sína sem




**HYLUR** Guðrún Valdimarsdóttir við skrifborð sitt Hyl sem hún sýnir í Epal fram á sunnudag. **MYND/GVA**



**FLÓRÍDA** Staðið við götubrunn í Sea World-garðinum í Orlandó, Flórída.



**MÝVATN** Stolt aflakló með fjögurra punda silung sem hún veiddi sjálf.



**FLÓRÍDA** Staðið á botni sundlaugar við hótél í Orlandó, Flórída.



**PARÍS** Á svörtum skóm í Louvre-listasafninu í París, þar sem engin tvö gólf eru eins. **MYNDIR/GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR**

er smíðuð úr hnotu og hvítri, mattri borðplötu.

„Ég hanna oft hluti sem ég sjálf þarfnast á heimilið og mig vantaði Hyl á heimaskrifstofuna. Ég hef hug á að hanna önnur húsgögn í anda Hyls, eins og skjalaskáp, kómmóðu og náttborð.“

Sýningin verður opnuð í Epal, Skeifunni 6, klukkan 17 í dag og stendur út Hönnunarmars, til 30. mars.

Hönnun, hugmyndir, ljósmyndir og blogg Guðrúnar er á gudrunvald.wordpress.com/

■ thordis@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Sverrir Birgir Sverrisson**, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

**MATRIX**  
IMAGINE ALL YOU CAN BE



**TOTAL RESULT**  
vörurnar á  
**20% afslætti**  
í mars

MATRIX totalresults

Eingöngu selt á hársnyrtistofum.



# Fyrir konur á öllum aldri

Einföld lausn sem kemur í veg fyrir þurrk á kynfærasvæðinu og viðheldur raka húðarinnar



## Rakagefandi krem

Mýkir og viðheldur raka

+

## Mjólkursýrugerlar

Viðhalda eðlilegu pH-gildi



Sigrún Arnardóttir  
kvensjúkdómalæknir mælir  
með Ellen kreminu til að  
sporna gegn þurrki og  
viðhalda eðlilegri gerlaflóru  
á kynfærasvæðinu.



### Eiginleikar Ellen kremsins:

- Inniheldur ekki vatn.
- Smýgur vel inn í húðina.
- Drjúgt og auðvelt í notkun.
- Án ilmefna.
- Án rotvarnarefna.
- Án estrógen.

Ellen kremið fæst í apótekum

Innflutningsaðili: Iceprakt ehf.  
Netfang: iceprakt@iceprakt.is | www.iceprakt.is

ellen®

## MYNDIR FRÁ ÍSLANDI Á BBC

### • ÍSLAND

Á ferðasiðu BBC, [bbc.com/travel](http://bbc.com/travel), er að finna skemmtilega myndaseríu frá Íslandi. Myndirnar eru allar eftir Chris van Hove og tók hann þær á ferðalagi sínu um Austfirði að sumarlagi, meðal annars á Borgarfirði eystri og í Bakkagerði. Yfirskrift myndaseríunnar er The Land of the Elf Queen eða Land álfadrottningarinnar.



## FERTUGUR ÞJÓÐGARÐUR

### • MÁLÞING

Meira en fjörutíu ár eru liðin síðan þjóðgarður var stofnaður í Jökulsárgljúfrum árið 1973. Af því tilefni efna Vatnajökulsþjóðgarður, Norðurþing, Landvernd, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Ferðamálastofa til málþings á Fosshóteli Húsavík 3. apríl.



Yfirskriftin er: „Þjóðgarður í Jökulsárgljúfrum í 40 ár - Vannýtt tækifæri eða vonlaus hugmynd?“ Dagskrá málþingsins má nálgast á [ferdamalastofa.is](http://ferdamalastofa.is).

# VINSÆLUSTU GRÍSKU EYJARNAR

**SUMARFRÍ** Langar þig að ferðast á milli grísku eyjanna í sumar? Eyjarnar eru yfir sex þúsund. Þær eru mismunandi stórar en búið er á 227 þeirra. Enn færri, eða 78 eyjar, eru með yfir 100 íbúa. Það er stór upplifun að heimsækja grísku eyjarnar en tíu þeirra eru þó vinsælastar.

Í fyrsta sæti er **Krít** sem Íslendingar þekkja vel. Hún er stærsta eyjan og hefur upp á að bjóða fjölbreytilegt mannlíf og áhugaverða menningu og sögu. Vinsælt er að heimsækja staði eins og Paleochora, Plakias og Makrygialos á Suður-Krít. Margir kjósa að njóta lífsins á fallettri ströndinni. Maturinn á Krít er einstaklega góður og þar fæst besta ólífúolía í heimi að margra mati. Gönguhópar eru algengir á Krít en þar er skemmtilegt að ganga.

### Eyjan Naxos er í öðru sæti.

Hún býður upp á glæsilegar strandir og fallega smábæi. Ekta grískar tavernur, eða veitingahús, kaffihús og barir. Naxos er paradís fyrir seglbrettakappa.

### Í þriðja sæti er Amorgos en hún liggur í austurátt frá Naxos.

Þar var fransk/ameríska bíómyndin The Big Blue meðal annars tekin. Sjórinn er tær og fallega blár umhverfis eyjuna og þangað fara margir til að kafa.

### Karpathos er í fjórða sæti yfir vinsælustu eyjarnar.

Þar er fjallabærinn Olymbos sem dregur að fjölda ferðamanna. Fallegar strendur og óspillt náttúra laðar að ferðamenn.

### Eyjan Samos er í fimmta sæti.

Eins og á mörgum öðrum eyjum í Eyjahafinu er náttúran ákaflega falleg og strendurnar ótrúlegar. Þarna má sjá fossa og ýmsar áhugaverðar fornminjar. Eyjan liggur nálægt Tyrklandi.

### Rhodos er í sjötta sæti en eyjan er sú fjórða stærsta.

Margir Íslendingar hafa dvalið á Rhodos og þekkja fallegt landslagið, fornminjar og yndislegar strendur. Gamli bærinn á Rhodos er vinalegur



**UNDURFÖGUR** Santorini er líklegast mest ljósmyndaða eyjan í Eyjahafinu.

og skemmtilegur að heimsækja. Þar er hagstætt að versla. Þeir sem ferðast til Marmaris í Tyrklandi geta tekið ferju yfir til Rhodos.

### Eyjan Tilos er skammt undan Rhodos og er í sjöunda sæti yfir vinsælustu eyjarnar.

Þessi eyja þykir einstök fyrir fuglaskoðara. Hentar þeim sem vilja ró og frið.

### Skiathos er sú áttunda í röðinni en hún liggur norðaustarlega við Grikkland.

Hún er sú minnsta í þessari upptalningu en sagt er að fáar strendur í heiminum geti skákað ströndunum á Skiathos.

### Niunda eyjan á vinsældalistanum er Skopelos þar sem kvikmyndin Mamma Mia! var tekin upp.

Við þessa eyju er vatnið blágrænt, hreint og tært. Landslagið er þekkt úr þessari frægu bíómynd.

### Santorini er ein þekktasta gríska eyjan. Fyrir meira en 3.500 árum varð mikið eldgos í eyjunni og splundraði henni í tvennt.

Santorini er undurfögur eyja sem býr yfir mikilli dramati. Á Santorini eru öll hús hvítkölluð með bláu þaki. Hún er líklegast einna mest ljósmyndaða eyjan í Eyjahafinu.

■ [elin@365.is](mailto:elin@365.is)



**MAMMA MIA!** Skopelos er eyjan sem varð fræg eftir kvikmyndina Mamma Mia! Hún hét reyndar Kalokairi í myndinni.



**VINSÆL** Krít er langvinsælasta eyjan. Þar eru góðar gönguleiðir. Maturinn á Krít þykir einstakur og langlífi eyjarskeggja hefur þótt rannsóknarefni.

...„ Þú breytir hverju augnabliki í eitthvað alveg sérstakt.“

**NUK**

Út frá reynslu og kærleika: Vörur fyrir mæður og börn.

Börn gera foreldra stolta og hamingjusama, en stundum líka áhyggjufulla og oft skortir þá svör. NUK er með yfir 50 ára reynslu í gæðavörum sem eiga að fylgja börnunum gegnum þroska þeirra. Sjáðu meira á [nuk.com](http://nuk.com)

**NUK. Understanding Life.**

Nuk vörumerkið er skrásett vörumerki MAPA GmbH/Germany

# Endurhæfing allt árið



Vakin er athygli á því að full starfsemi er yfir sumartímann.

Læknisfræðileg endurhæfing á Heilsustofnun er góður kostur og miðar að því að ná mestri mögulegri færni og lífsgæðum og viðhalda þeim.

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu okkar [www.hnlf.is](http://www.hnlf.is) og í síma 483 0300.



## Heilsustofnun NLFÍ

Grænumörk 10 - Hveragerði - Sími 483 0300  
[www.hnlf.is](http://www.hnlf.is) - [heilsu@hnlf.is](mailto:heilsu@hnlf.is)

Berum ábyrgð á eigin heilsu


# SKÓGAR UM HEIMINN

Skógræktarfélag Íslands hefur um áratugaskeið staðið fyrir fræðsluferðum til annarra landa. Fyrstu áratuginu var um svokallaðar skiptiferðir að ræða, en þá fór hópur íslensks skógræktarfólks í heimsókn til Noregs til að kynna sér skóga og skógrækt þar og á móti kom norskur hópur til Íslands.

Undanfarinn áratug hafa ferðirnar hins vegar verið almennar kynnisferðir til að fræðast um skóga, náttúru og sögu viðkomandi lands, þótt áhersla sé að sjálfsögðu alltaf lögð á skóga og skógrækt. Hefur verið ferðast til Alaska, Arkhangelsk í Rússlandi, Austurríkis,

Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Írlands, Kamtsjatka í Rússlandi, Noregs, Nýfundnalandis, Skotlands, Sviss og Þýskalands.

Ferðirnar hafa heppnast vel og verið vinsælar, enda oft farið á fáfarnari slóðir. Áhersla er lögð á að ferðirnar séu bæði skemmtilegar og fræðandi, en meginmarkmiðið er að fólk fái innsýn í skógrækt og fræðist um skóga, náttúru, sögu og menningu annarra landa. Undirbúningur að ferð ársins 2014 er þegar hafinn og verður hún til Noregs. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands.



gríðarleg vonbrigði. Stærstu viðskiptavinirnir sýndu okkur mikla tryggð og traust og það má segja að okkar ljós í gegnum þessar áskoranir hafi verið það traust sem viðskiptavinir hafa sýnt okkur.“

#### Fyrsti fjórðungurinn oft erfiður

Hagnaður Vodafone á síðasta ári hækkaði um 112 prósent miðað við árið á undan.

„Flestir okkar lykilmælikvarðar líta vel út og við erum mjög stolt af árinu og það endar á mjög viðburðaríkan hátt. Auðvitað er áskorun varðandi tekjurnar þar sem við erum að lækka um eitt prósent. Frumframlegðin er hins vegar að aukast og við erum að ná að halda rekstrarkostnaðinum í skefjum.“

Ómar vill lítið segja um hverju fjárfestar og aðrir megi búast við þegar uppgjör fyrsta fjórðungs þessa árs verður kynnt.

„Fyrsti fjórðungur hefur oft verið erfiðasti fjórðungurinn og hann er óútreiknanlegur. En við sjáum til hvort við getum ekki fylgt eftir góðum ársfjórðungum.“

#### Stefnt að arðgreiðslum

Aðalfundur Vodafone verður haldinn á Hilton Nordica hóteli í dag. Núverandi stjórnarmenn sækjast þar eftir endurkjöri og Vilmundur Jósefsson, fyrrverandi formaður Samtaka atvinnulífsins, hefur einnig boðið sig fram til stjórnarsetu, en Vilmundur sat áður í stjórninni.

„Þetta sýnir að það er áhugi fyrir fyrirtækinu. Við höfum notið stuðnings og hvatningar og eðlilega krafna frá stjórninni í þeim verkefnum sem við höfum tekist á við,“ segir Ómar.

Á aðalfundinum verða einnig lagðar fram tillögur stjórnar um að 20-40 prósent af hagnaði ársins verði greidd út í arð.

„Það er eitthvað sem ekki hefur verið gert áður. Stjórnin lofaði á síðasta aðalfundi að leggja til stefnu varðandi arðgreiðslur en við munum ekki greiða út arð vegna ársins 2013 heldur er verið að samþykkja stefnuna fyrir næsta ársuppgjör,“ segir Ómar.

#### Gagnabyltingin rétt að hefjast

„Áskoranirnar núna tengjast því hvernig við getum vaxið og þá ætlum við að horfa til þeirra tækifæra sem eru til að auka tekjur,“ segir Ómar og bætir því við að fyrirtækið hafi unnið að stefnumörkun þar sem horft sé til næstu þriggja ára.

„Við höfum séð að tekjur af þessum hefðbundnu fjarskiptavörum, mínútur og sms og allt það, þær eru í besta falli að haldast eða eitthvað að minnka. Ég tala þá ekki um samkeppnina sem kemur alls staðar frá, hvort sem það er Facebook, Google, Whatsapp, Viber eða Skype,“ segir Ómar.

Tækifæri fyrirtækisins liggja að hans mati í auknum gagnaflutningi og öðrum tekjustraumum eins og sjónvarpsþjónustu Vodafone.

„Við höfum sagt að þessi gagnabylting sé rétt að hefjast.“

Annað framtíðarverkefni er sameining farsímadreifikerfa Vodafone og Nova í eitt alhliða kerfi.

„Það mál er inni á borði samkeppnisyfirvalda en það hefur engin niðurstaða komið í það en mínar væntingar standa til þess niðurstaða fáist í apríl. Og svo er spurning með Emerald-sæstrenginn sem við höfum samið um afnot af en nú er útlit fyrir að hann verði tekin í notkun snemma árs 2015. Við erum því bjartsýn varðandi þessi verkefni sem koma til með að móta framtíð Vodafone.“

## Verð hlutabréfa hefur hækkað um 17%

Mikil hreyfing var á hlutabréfaverði Fjarskipta hf. eða Vodafone á Íslandi á síðasta ári og viðbrögð markaðarins við árshlutauppgjörum félagsins voru ansi sterk.

Gengi bréfa félagsins hefur nú hækkað um sautján prósent frá 1. desember 2013 þegar það féll um tólf prósent daginn eftir netárásina. Það er nú hærra en um miðjan nóvember þegar fyrirtækið birti uppgjör þriðja ársfjórðungs síðasta árs.

„Væntingarnar voru hærri til okkar á fyrsta ársfjórðungi komandi út úr skráningu og vonbrigðin leyndu sér ekki á markaði. Þriðji ársfjórðungur gekk vel og það hefur verið ákveðin stigandi fram að þessu. Svo lentum við í þessu innbroti en hluthafar hafa sýnt tryggð og traust og trú á félaginu en mér finnst sveiflurnar endurspeglar heilbrigðan markað,“ segir Ómar.



Í KAUPHÖLLINI! Gengi bréfa félagsins hefur verið að taka við sér og stendur nú í 30,6 krónum á hlut. FRÉTTAHLAÐI/DANIEL

## AUKIN SAMKEPPNISHÆFNI

# BETRI LÍFSKJÖR ALLRA

## ÁRSFUNDUR ATVINNULÍFSINS 2014 Í HÖRPU – SILFURBERGI FIMMTUDAGINN 3. APRÍL KL. 14-16

### ÁVÖRP

Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins.  
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra.

### AUKIN SAMKEPPNISHÆFNI

Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík.

### GÓÐ RÁÐ AÐ UTAN

Stephane Garelli, framkvæmdastjóri IMD – rannsóknarstofnunar um samkeppnishæfni þjóða heims og prófessor við IMD viðskiptaháskólann í Sviss.

Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar.

### BETRI LÍFSKJÖR – KJARNI MÁLSINS

Ásdís Halla Bragadóttir, stofnandi og forstjóri Sinnum.

Þorsteinn Már Baldvinsson, stofnandi og forstjóri Samherja.

Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi og forstjóri Hjallastefnunnar.

Fundarstjóri: Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS.

Netagerð að loknum fundi kl. 16-17, tónlist og tilheyrandi.  
Fundurinn verður sýndur beint á vef Samtaka atvinnulífsins.

➔ Skráning á [www.sa.is](http://www.sa.is)

#arsfundur

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Björgólfur Jóhannsson



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson



Friðrik Már Baldursson



Stephane Garelli



Göran Persson



Ásdís Halla Bragadóttir



Þorsteinn Már Baldvinsson



Margrét Pála Ólafsdóttir



Sigrún Ragna Ólafsdóttir

HERMANN BJÖRNSSON


## Sóknarfæri Sjóvár liggja í sölu líf- og sjúkdómatrygginga

Sjóvá verður átjándi skráða félagið á almennum hlutabréfamarkaði Kauphallarinnar að loknu hlutafjárútbóði félagsins sem hefst á morgun og lýkur á mánuðag. Sjóvá, sem var endurreist með stuðningi ríkisins eftir bankahrunið og síðar einkavætt að nýju gegnum Eignasafn Seðlabanka Íslands, er næststærsta tryggingafélag landsins þegar markaðshlutdeild er annars vegar. Félagið hefur haft á bilinu 27-29 prósent markaðshlutdeild í skaðatryggingum á síðustu árum. Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár, tók við rekstri fyrirtækisins árið 2011 en hann hafði starfað á fjármálamarkaði frá árinu 1990 þar á undan. Hermann er gestur okkar í nýjasta Klinkinu.

Hermann segist hafa fundið fyrir miklum áhuga á Sjóvá í aðdraganda skráningar. Félagið hefur samþykkt arðgreiðslustefnu sem felst í því að útgreiðdur arður verði að lágmarki 50 prósent hagnaðar, en ekki verður þó greiddur út arður vegna hagnaðar ársins 2013. Hermann segir að sóknarfæri Sjóvár liggja m.a. í sölu líf- og sjúkdómatrygginga en þessi markaður sé illa nýttur. „Íslenskur markaður er vantryggður. Við Íslendingar erum illa tryggðir í líf- og sjúkdómatryggingum. Líftryggingamarkaðurinn í heild sinni er of lítill miðað við stærð landsins.“

» klinkið

Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@stod2.is



Viðtalið við Hermann Björnsson er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á visir.is**.

### Ekkert bónuskerfi

„Það er ekkert kaupaukerfi hjá Sjóvá. Maður verður að hafa hugfast úr hvaða átt félagið er að koma.“

### Skortur á fyrirhyggju

„Á mörgum öðrum stöðum á Norðurlöndunum er ungt fólk farið að hugsa miklu fyrr um líf- og sjúkdómatryggingar en hér.“

### Dýr ESA-rannsókn

Hermann segir kostnað Sjóvár við rannsókn ESA á ríkisstuðningi við félagið hafa verið verulegan, en verið þess virði því niðurstaðan var félaginu hagfelld.

### Eðlileg verðmyndun í Kauphöllinni?

„Það er mikið fé á eftir fáum tækifærum. Það er augljóst.“

„ÞAÐ HEFUR EKKI GENGID EFTIR AÐ SKAPA AUKIÐ SVIGRÚM FYRIR FRUMKVÖDLAFYRIRTÆKI.“

## Rödd minni fyrirtækja í stjórn SVP

Guðrún Jóhannesdóttir opnaði verslunina Kokku á Laugavegi árið 2001 og síðan hafa bæst við tvær verslanir og heildsala. Hún vann áður við atvinnumiðlun hjá vinnumálastofnun þýska ríkisins og er heimakær matgæðingur.

### SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Guðrún Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Kokku, var endurkjörin í stjórn Samtaka verslunar og þjónustu (SVP) á aðalfundi samtakanna í síðustu viku. Hún hefur setið í stjórn SVP frá árinu 2010 og verið í verslunarrekstri í þrettán ár.

„Það er nauðsynlegt að taka þátt í félagsstarfi til að vikka sjóndeildarhringinn og mér finnst nauðsynlegt að rödd minni fyrirtækja fái líka að hljóma í svona samtökum,“ segir Guðrún.

Hún og systur hennar og móðir opnuðu Kokku í apríl 2001. Guðrún var þá nýkomin heim frá Þýskalandi þar sem hún hafði búið og starfað í níu ár, síðast við atvinnumiðlun hjá vinnumálastofnun þýska ríkisins.

„Þá var ég farin að spá í hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór. Ég komst að því í Þýskalandi að það hentar mér ekki að sitja við skrifborð allan daginn. Ég þarf að geta verið svolítið hreyfanleg og hafa fjölbreytt verkefni og þegar maður stýrir litlu fyrirtæki þá er maður í öllu,“ segir Guðrún.

„Það endaði svo á því að ég gabbaði fjölskylduna með mér út í þetta ævintýri.“

Verslunin var upphaflega til húsa í litlu húsnæði við Ingólfsstræti en síðan færð á Laugavegin í nóvember 2002. Þar er hún enn en reksturinn skiptist nú í þrjár ólíkar einingar.

„Þegar verslunin var opnuð þá

var ég eini starfsmaðurinn. Svo kom Auður, yngri systir mín, inn í fyrirtækið árið 2005 og þá stofnuðum við heildverslunina Lifa utan um ákveðin vörumerki í versluninni sem okkur fannst henta til frekari dreifingar. Árið 2007 keyptum við síðan verslunina Dúka í Kringlunni og þá kom eldri systir mín, Magný, inn í reksturinn í fullt starf. Svo opnuðum við aðra Dúka-verslun í Smáralind árið 2011.“

Guðrún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð og hún hefur einnig lokið námskeiðum í lögfræði og viðskiptafræði.

„Ég hef tekið þá stefnu að afla mér þeirrar þekkingar sem mig vantar og ég er ekkert hrædd við að spyrja spurninga þegar mér finnst ég ekki vita nógu mikið,“ segir Guðrún.

Matur og matargerð eru hennar helstu áhugamál.

„Ég er búin að hafa áhuga á þessu frá blautu barnsbeini. Ég fékk fyrstu bókunarformin í afmælisgjöf þegar ég var átta ára og einhverja uppskriftabók. Þá byrjaði ég að baka skinkuhorn og súkkulaðikökur og hef eiginlega ekkert hætt síðan.“

Guðrún er gift Þorsteini Torfarsyni og þau eiga þrjú börn á aldrinum fimmtán til 26 ára. Þorsteinn starfar hjá heildsölnunni og sér þar um samskipti við veitingageirann.

„Maðurinn minn er sem betur fer með sama áhugamál og það er mikið eldað og talað um mat á mínu heimili. Ég er mjög heimakær og þó það geti verið gaman að ferðast þá er langbest að vera bara heima.“



Á HEIMAVELLI Guðrún kann vel við sig innan um eldhúshöld og aðrar vörur Kokku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Dugleg og rökföst

„Guðrún er góður vinur og frábær viðskiptafélagi. Hún hefur fantagóðan smekk og auga fyrir trendum sem er lyklatríði í okkar rekstri og ég treysti hennar álitni jafnt í viðskiptum sem lífinu. Hún gerir miklar kröfur til sjálfrar sín og þeirra sem með henni ganga og er góður samningamaður.“

Svo er náttúrulega frábært að hafa einhvern í liðinu sem hefur eftir nokkurra ára búsetu í Þýskalandi tamið sér þrautseigju og kostnaðarmeðvitund – þótt við gerum líka stundum grín að hennar innri Þjóðverja.“

„Fyrstu kynni mín af Guðrúnu í Kokku voru þau að fyrir allmörgum árum lentum við saman í útvarpsviðtali, þar sem jólaverslunin var umræðuefnið. Hún kom mér strax fyrir sjónir sem dugleg og rökföst kona. Skömmu seinna var hún svo kosin í stjórn SVP og hefur verið þar sem nokkurs konar fulltrúi þess stóra hóps lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem mynda kjarnann í atvinnullifinu. Innan stjórnarinnar hefur hún verið öflugur liðsmaður og sannarlega lagt sitt lóð á vogarskálarnar við að koma sjónarmiðum verslunar og þjónustu á framfæri í opinberri umræðu. Þá er húmorinn aldrei langt undan, en hún uppskar mikinn hlátur viðstaddir á nýlegum fundi á okkar vegum þar sem mismunandi rekstrarform fyrirtækja voru umræðuefni, þegar hún sagði að ehf. stæði bara fyrir „ekki helvítis frí“.“



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.



# SEGULMAGNAÐ AÐDRÁTTARAFL NÝR VOLVO S60 FRUMSÝNDUR

Brimborg frumsýnir Volvo S60, sportlegan Skandinava, með glænýrri D4 Drive-E vél frá Volvo. Lág eyðsla og óhemju mikið afl. Samsetning sem er mjög eftirsótt en hefur ekki verið fánleg hingað til.

181 hestafi, 8 þrepa sjálfskipting, 400 Nm tog, 7,4 sek. frá 0-100 km/klst, CO<sub>2</sub> losun aðeins 109 g/km og 4,2 l/100 km eyðsla í blönduðum akstri.

Já, þú last rétt. Þetta eru ótrúlegar tölur. Gildi sem hafa ekki sést áður!

**NÝR VOLVO S60 R-DESIGN.  
HANNAÐUR AF ELDMÓÐI.**



**VOLVO S60 D4 DRIVE-E 181 HÖ  
BEINSKIPTUR FRÁ 5.990.000 KR.  
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 6.690.000 KR.**

**NÝJA D4 DRIVE-E VÉLIN ER EINNIG FÁANLEG  
Í VOLVO V60, VOLVO S80 OG VOLVO V70  
VOLVO.IS**

**KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN VOLVO S60 MEÐ NÝJU D4 DRIVE-E VÉLINNI FRÁ VOLVO**

**LÁG EYÐSLA OG ÓHEMJU MIKIÐ AFL. GILDI SEM HAFI EKKI SÉST FYRR.**

**KOMDU Í REYNSLUAKSTUR. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16**

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | [volvo.is](http://volvo.is)

Volvo S60, D4 Drive-E dísil, 181 hö, tog 400 Nm, 6 girja beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,8 l/100 km. CO<sub>2</sub> 99 g/km.

Volvo S60, D4 Drive-E dísil, 181 hö, tog 400 Nm, 8 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,2 l/100 km. CO<sub>2</sub> 109 g/km.

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

**50** ár í bílagæðinu

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Tími ráðstjórnar og forræðishyggju er liðinn:

## Jólabjór í mars

**F**réttir bást af því í gær að Íslendingar væru svo sólgirnir í páskabjórinn að ákveðnar tegundir væru nú þegar uppseldar hjá framleiðanda. Það er ekkert skrítið því framboðið á þessari vöru er einungis tíma-bundið. Við búum nefnilega við reglur um það hvenær má selja ákveðinn bjór. Sölutímabilin eru vandlega skorðuð við þorra, lönguföstu og jólamánuð og stranglega bannað að hafa hina svokölluðu árstíðabundnu vöru á boðstólum utan tímabilsins.

Ríkisvaldið má nefnilega ekki til þess hugsa að borgarar þessa lands drekki jólabjór um páskana eða páskabjór á þorranum. Það er svo svívirðileg tilhugsun að fjármálaráðuneytið setti um það sérstakar reglur í reglugerð 755/2011. Og þessum reglum fylgir Áfengis- og tobaksverslun ríkisins eftir með harðri hendi og öll bjórframleiðsla á Íslandi þarf að laga sig að þeim.

Það er kaldhæðnislegt að einu afskipti nýrrar ríkisstjórnar af þessari reglugerð voru nú um þorran þegar Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, tók fram fyrir hendur á Heilbrigðiseftirliti Vesturlands sem hafði úrskurðað að sérstakur þorrabjór, bruggaður úr 5 ára gömlu hvalamjöli sem var ekki ætlað til mannelis, uppfyllti ekki skilyrði matvælaalaga. Bjórverksmiðjan áfrýjaði úrskurðinum til ráðherra sem frestaði réttaráhrifum hans fram yfir þorramánuð og var því hægt að framleiða og selja bjórinn.

Engum dylst að með þessari ákvörðun náði ráðherra að forða viðkomandi bjórverksmiðju frá töluverðu tjóni enda hefði verið bannað að selja bjórinn eftir að þorra lauk. Þetta var vafasamt inngríp og þurfti hann – eðlilega – að sæta töluverðu gagnrýni. Það vekur hins vegar furðu að engum í ríkisstjórninni hafi einfaldlega dottið í hug að afnema þessa árstíðabindingu og leyfa Kristjáni



**Markaðshornið**  
Fanney Birna Jónsdóttir  
fanney@frettabladid.is

### Leyfun Kristjáni Loftssyni og félögum að svolgra í sig hvalabjór allan ársins hring.

Loftssyni og félögum að svolgra í sig hvalabjór allan ársins hring. Þetta viðvarandi sinnuleysi gagnvart hinni gegndarlausu forræðishyggju sem viðgengst í áfengismálum er náttúrulega með ólíkindum. Það virðist ekki skipta neinu máli hvort ríkisstjórnarflökkr tengja sig við frelsi einstaklingsins eða félagshyggju, frjálshyggju eða íhaldssemi – ekkert breytist. Og á meðan þurfa Íslendingar að fara í ríkisrekna verslun til að kaupa sér bjór og léttvín.

Það tíðkast hreint ekki í kringum okkur, nema á stöku stað, að fólki sé ekki treystandi til að velja sér áfengi í kjörbúðum. Hræsnin er öskrandi því á sama tíma treystum við – sem betur fer – fólki til að kaupa sér nikótín, svo ekki sé talað um allt sælgætið og feitmetið sem er stærsta heilbrigðisváin sem vofir yfir Vesturlöndum um þessar mundir.

Þetta er tímaskekkja. Tími ráðstjórnarríkja, forræðishyggju og skammtana er einfaldlega liðinn og tímabært að stjórnmalamenirnir okkar fari að haga sér samkvæmt því. Reyndar myndi engum heilvita pólitíkusi detta í hug að stinga upp á ríkisreknum nammibörum þótt sömu rök ættu líklega við varðandi skaðsemi áfengis og afleitt tjón fyrir samfélagið. En þegar kemur að því að afnema forræðishyggju úr gildandi lögum þyngist róðurinn. Þar virðist eitthvert sérkennilegt tregðulögmál ríkja – sama hversu vitlaus lögin eru.

Til þessa hefur nánast ekkert þokast í átt til meira frjálshyggju og ríkisstjórnin þarf nú að sýna úr hverju hún er gerð. Það gengur ekki að predika frjálshyggju á tyllidögum en vera um leið alveg lömuð gagnvart þeirri forræðishyggju sem hefur fengið að lauma sér í hvern krók og kima í lagasafninu.

Á meðan er stranglega bannað að drekka jólabjór í mars.

## Spennuástand veldur verðhækkunum á hveiti



**Í KAUPHÖLLINI Í NEW YORK Í BANDARÍKJUNUM** Snörp verðhækkun varð á hveitiafleiðum á alþjóðamörkuðum í byrjun vikunnar af ótta við að áframhaldandi spennuástand í Úkraínu dragi úr útflutningi frá svæðinu. Sautján prósent alls útflutnings á hveiti í heiminum eru frá Úkraínu og Rússlandi. Fréttastofa AP greinir frá því að verð á hveiti til afhendingar í maí hafi hækkað um 21,25 sent, eða um 3,1 prósent, í 7,15 dollara hver sekku. Það mun vera nálægt hæsta verði síðan í maí í fyrra. Þá hefur verð annarra landbúnaðarvara, svo sem korns og sojaböuna, einnig hækkað.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gert er ráð fyrir að fyrsti viðskiptadagur verði 1. apríl næstkomandi:

## Kauphöllin samþykkir Sjóvá



**Á MARKAÐ** Almenn útbót á 23 prósent hlut í Sjóvá hefst á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Kauphöllin hefur samþykkt umsókn stjórnar Sjóvár-Almennra trygginga hf. um töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar.

Samþykkið er háð því að félagið uppfylli skilyrði reglna fyrir útgefendur fjármálagerna á NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutafjár fyrir fyrsta viðskiptadag.

Gert er ráð fyrir að fyrsti viðskiptadagur með hluti Sjóvár á Aðalmarkaði verði 11. apríl 2014. Kauphöllin mun tilkynna um fyrsta viðskiptadag með minnst eins viðskiptadags fyrirvara.

-fbj

# Er vinnustaðurinn þinn Stofnun ársins 2014?

### ATVINNULÍF

Árni Stefán Jónsson  
formaður SFR



Síðastliðin níu ár hefur SFR stéttarfélag staðið fyrir vali á Stofnun ársins í samstarfi við fjármálaráðuneytið, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og VR sem velur Fyrirtæki ársins. Könnunin sem einnig er launakönnun er send til um 50.000 starfsmanna, bæði á almennum markaði og hinum opinbera. Val á Stofnun ársins er því byggt á svörum 10.000 opinberra starfsmanna og verða viðurkenningar veittar við hátíðlega athöfn í maí næstkomandi.

Tilgangur könnunarinnar er að bæta starfsumhverfi félagsmanna og efla starfsþróun þeirra með því m.a. að veita stjórnendum upplýsingar um viðhorf starfsmanna til stofnunar sinnar, hvort sem um er að ræða staðfestingu á því sem vel er gert í starfsmannamálum eða hvatningu til að gera betur. Niðurstöður hennar eru traustir mælikvarðar sem nauðsynlegir eru til að gera stjórnendum kleift að vinna markvisst að úrbótum þar sem þeirra er þörf og veitir þeim aðhald til að gera enn betur fyrir starfsfólki sitt.

Í könnuninni er spurt um athöfn á borð við ánægju og stolt, starfsanda, trúverðugleika stjórnenda, launakjör, sjálfstæði í starfi, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu og ímynd stofnunar. Þessir þættir

eru mældir og niðurstaðan gefur til kynna hvaða stofnun hlýtur titilinn Stofnun ársins 2014. Valið er um stofnanir í þremur stærðarflokkum en auk þess er sú stofnun sem bætir sig mest á milli ára tilnefnd Hástökkvari ársins.

Niðurstöður könnunarinnar byggjast á svörum starfsmanna sjálfra því í henni hafa þeir orðið og gefa stofnuninni og stjórnendum einkunn. Það er því afar mikilvægt að allir þeir sem fá könnunina senda á næstu dögum taki sér tíma til að svara því sem spurt er um.

### Stærsta vinnumarkaðskönnunin

Könnunin um val á Stofnun ársins er óumdeilanlega stærsta reglulega vinnumarkaðskönnun landsins og með niðurstöðum hennar hefur skapast verðmætur grunnur til samanburðar og rannsókna á launabróun í landinu sem er afar mikilvægt, jafnt fyrir launafólk, stéttarfélagin og stjórnendur stofnana og fyrirtækja. Könnunin nær, eins og áður sagði, bæði til starfsmanna á almennum markaði (VR) og opinberum markaði og gefur þannig enn mikilvægari upplýsingar um samanburð á starfsumhverfi og launabróun starfa á milli opinberra og almenna vinnumarkaðarins. Upplýsingarnar geta starfsmenn notað til að meta eigin vinnustað í samanburði við aðrar stofnanir og fyrirtæki og stjórnendum gefst tækifæri til að kortleggja stöðu stofnunarinnar, hvort sem



**STÆRST** Könnunin um val á Stofnun ársins er stærsta reglulega vinnumarkaðskönnun landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

það er staðfesting á því sem vel er gert í starfsmannamálum eða hvatning til að gera betur. Þá veitir könnunin félagsmönnum kost á að bera laun og starfskjör sín saman á milli ára og fylgjast með launabróun almennt eða í sinni starfsgrein auk þess sem fylgjast má með launabróun, launamun kynjanna, vinnutíma, starfsörýggi o.fl.

Afar ánægjulegt er að þær stofnanir sem trónað hafa á toppnum í könnuninni einu sinni eða oftar halda sigurtákninu vel á lofti. Vinningshafar fá afhentan glæsilegan verðlaunagrip og viðeigandi merkingar til að nota. Eftir níu ára sögu könnunarinnar má því víða sjá, t.d. í móttökum og á heimasíðum allra bestu stofnana, merki Stofnunar ársins og Fyrir-

myndarstofnana. Það er ánægjulegt að ganga inn í slíkar stofnanir fyrir þá sem þangað sækja því stolt starfsmanna og stjórnenda yfir stofnuninni sinni og árangurinn endurspeglast í merkinu. Einnig hlýtur það að skipta viðskiptavininn máli að vita að þarna er á ferðinni stofnun sem gott er að vinna fyrir. Við vitum öll að það skiptir starfsmennina miklu máli.

# ASUS TRANSFORMER BOOK

Örpunn fartölva sem breytist í hágæða 13,3" spjaldtölvu með einum smelli.  
Býður upp á nýja og spennandi notkunarmöguleika fyrir starfsmenn.  
Priðju kynslóðar Intel i5 eða i7 örgjörvi og FullHD IPS skjár.



13,3" háskerpuskjár með IPS skjátækni og sjálfvirkri birtustýringu.

Bang & Olufsen IcePower hljóðkerfi.

Stórt og þægilegt baklýst Chicklet lyklaborð.

Allt að 8 tíma rafhlöðuending.

Hægt að velja um kraftmikinn Intel i5 eða i7 örgjörva.

Glæsilega hönnuð, örpunn og létt. Bæði spjaldtölvun og lyklaborðið veiga aðeins 950 grömm.

128GB mSSD diskur í skjá og 500GB HDD í lyklaborði.



## ASUS

Skannaðu kóðann til að sjá allt fyrirtækjaúrval Tölvulistans í fartölvum og spjaldtölvum.



FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is

Hin  
hliðinHEIÐRÚN LIND  
MARTEINSDÓTTIR  
HÉRAÐSDÓMS-  
LÖGMAÐUR Á LEXHeilagur kaleikur  
kynjakvótans

Nýverið tóku gildi lagaákvæði um að í stjórnnum hlutafélaga og einkahlutafélaga, með fleiri en 50 starfsmenn, skuli hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrjú skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Í daglegu tali er þessi ákvæði nefnd kynjakvóti. Í knöppum rökstuðningi löggjafans fyrir þessari íhlutun í eignarrétt var víkið að því að nýlegar rannsóknir hefðu sýnt að hlutfall kvenna í stjórnnum og æðstu stjórnunarstöðum fyrirtækja væri mun lægra en karla. Þar með var réttlætning íhlutunar upp talin.

## Enginn má efast

Tilgangur kynjakvóta er vafalaust góður. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að íhlutun löggjafa í þessa veru er óskapnaður og lagasetningin er ekki vel til þess fallin að lagfæra samfélagslegt vandamál.

Raunar er svo komið að hver sá sem leyfir sér að efast um kynjakvótann er úthrópaður sem andstæðingur jafnréttis. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra leyfði sér t.a.m. að nefna mögulega endurskoðun fyrir nokkru og var sleginn rothöggi áður en honum tókst að skýra hvers eðlis sú skoðun yrði. Enn verra þótti svo að ráðherrann væri kona.

Einhverjir hafa viljað draga löggjafann í land varðandi rökstuðninginn fyrir íhlutuninni og staðhæft að fyrirtækjum sé betur stjórnað eða vegni betur fjárhagslega þegar konur koma að stjórn. Hverjar þessar afgerandi rannsóknir séu fylgir þó aldrei þessum rökum. Raunar er það svo að enn hefur fræðimönnum ekki tekist með afgerandi hætti að sýna fram á (a) að kynjakvótar eyði svokölluðu glerþaki eða (b) að ákvarðanatöku eða fjárhagsstaða félaga sé betri vegna kynjakvóta. Ef slíkar afgerandi rannsóknir lægju fyrir þá væri enda íhlutun löggjafans óþörf þar sem skynsamir hluthafar gætu þá vart annað en séð hag í því að hafa hlutföll kynja sem jöfnust í stjórn félags.

## Ábati í orði

Hver er þá ábatinn af því að þvinga hluthafa til að hafa við stjórn félaga sem jöfnust hlutföll kynja? Líklega er ábatinn aðallega sá að löggjafinn og velunnarar íhlutunar í eignarréttinn geta þá ornað sér við að með tölum á blaði um 40 prósentu hlut kvenna í stjórnunarstöðum hafi jafnrétti náðst. Mesti mögulegi ábati allra haghafa og samfélagsins í heild – sá sem felst í vel reknu fyrirtæki þar sem fjölbreytt þekking stjórnenda er til staðar, óháð kyni – er orðinn aukaatriði. Sú þróun veit ekki á gott.

FYRIRLESTRA-  
MARAFON  
HÁSKÓLANS  
Í REYKJAVÍK

Á Fyrirlestramarafoni Háskólans í Reykjavík flytja fræðimenn HR 28 erindi, hvert að hámarki sex mínútur, sem gefa innsýn í fjölbreytt viðfangsefni háskólans í rannsóknum. Í hádeginu afhendir forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, kennslu-, rannsóknar- og þjónustuverðlaun HR árið 2014.

## Dagskráin er öllum opin og aðgangur ókeypis.

## 10:15 - 11:00

Samfélagslegt hlutverk lögmanna.  
Arnar Þór Jónsson, lagadeild.

Samfélagsábyrgð fyrirtækja.  
Ketill B. Magnússon, viðskiptadeild.

Tilraunasálfræði og markaðssetning  
í samfélagsmiðlum.  
Valdimar Sigurðsson, viðskiptadeild.

Proskastig mannauðsstjórnunar á Íslandi.  
Arney Einarsdóttir, viðskiptadeild.

Sönnunarbyrði í málum er varða áföll í  
tengslum við læknismeðferðir.  
Jóna Benný Kristjánsdóttir, lagadeild.

Tölvur telja.  
Henning Úlfarsson, tölvunarfræðideild.

## 11:15 - 12:00

Álitaefni varðandi aðild að dómsmálum.  
Sigurður Tómas Magnússon, lagadeild.

Samspil réttar barns til umönnunar og  
verndar og friðhelgi fjölskyldunnar  
í barnaverndarmálum.  
Heiða Björg Pálmadóttir, lagadeild.

Skrímsli eða fólk?  
Gerendur kynferðisbrota gegn börnum.  
Svala Ísfeld Ólafsdóttir, lagadeild.

Hreyfing og geðheilbrigði.  
Kristín Ólafsdóttir, íþróttfræðisviði.

Institute of Biomedical and Neural  
Engineering: Aim and Vision.  
Paolo Gargiulo, tækni- og verkfræðideild.

## 12:05

Forseti Íslands,  
herra Ólafur Ragnar Grímsson,  
afhendir kennslu-, rannsóknar- og  
þjónustuverðlaun HR.

## 12:25 - 13:10

Gestafyrirlesari:  
Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.

Er Evrópuréttinum ekkert mannlegt  
óviðkomandi?  
Gunnar Þór Pétursson, lagadeild.

Big Data: What is it and why will it change  
your world?  
Páll Rikharðsson, viðskiptadeild.

Big Data.  
Björn Þór Jónsson, tölvunarfræðideild.

Prevention of Disease in People at Risk  
of Being at Risk.  
Jack James, sálfræðisviði.

Human Voice Technology.  
Jón Guðnason, tækni- og verkfræðideild.

## 13:25 - 14:10

Hlutverk stjórnarformannsins  
- mýtur og misskilningur.  
Þórunn Jónsdóttir, viðskiptadeild.

Why the banking system is inherently  
unstable and what can be done about it.  
Jacqueline Clare Mallet, tölvunarfræðideild.

The power of logic.  
Luca Aceto, tölvunarfræðideild.

PaSSAGE: Player-Specific Stories via  
Automatically Generated Events.  
David James Thue, tölvunarfræðideild.

Brothætta í beinum lamaðra einstaklinga.  
Magnús Kjartan Gíslason,  
tækni- og verkfræðideild.

Brief Transdiagnostic CBT Group Treatment  
for Mood and Anxiety Disorders.  
Jón Friðrik Sigurðsson, sálfræðisviði og  
Hafrún Kristjánsdóttir, íþróttfræðisviði.

## 14:25 - 15:10

Eiginleikar vindsins og áhrif hans á  
hengibrýr.  
Jónas Þór Snæbjörnsson,  
tækni- og verkfræðideild.

Topological Insulators:  
A new and edgy state of matter.  
Sigurður Erlingsson,  
tækni- og verkfræðideild.

Advanced traps.  
Sigurður F. Hafstein,  
tækni- og verkfræðideild.

Áhrif þyngdarafis á notkun hlutalektar  
í forðafæðilíkönunum fyrir jarðhitakerfi.  
Guðrún Sævarsdóttir,  
tækni- og verkfræðideild.

Örþörungur fóðraðir með koldíoxíð-útblastri  
jarðvarmavara við Bláa lónið.  
Halldór G. Svavarsson,  
tækni- og verkfræðideild.



28. mars  
Stofa M209  
10:15-15:10

[hr.is/fyrirlestramarathon](http://hr.is/fyrirlestramarathon)



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVIK UNIVERSITY

Ábendingahnappinn má  
finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T





## BÍLAR & FARARTÆKI

### BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Kia Sorento III Ex Classic Diesel 10/2010 ek. 59þús. Sjálfskiptur. 1 eigandi. Búinn í 60þús km skoðun. Skoðar skipti á ódyrari. Ásett verð 4.990.000.- Rnr.286048



VW Golf Bluemotion Diesel 9/2011 ek. 42þús. Beinskíptur. Ásett verð 2.450.000.- Rnr.286388



Toyota Land Cruiser 90 GX 35 Diesel 6/1999 ek. 185þús. Sjálfskiptur. 35" breyting. Gott eintak. Ásett verð 1.690.000.- Rnr.286430



VW Jetta Comfortline 8/2006 ek. 109þús. Sjálfskiptur. Ásett verð 1.590.000.- Rnr.310563



Nissan X-Trail 4/2005 ek. 132þús. Sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 1.290.000.- Rnr.286162



Bílahöllin  
Bíldshöfða 5, 112 Rvk  
Sími: 567 4949  
www.bilahollin.is




TOYOTA Yaris terra. Árgærd 2012, ekinn 34 ÞKM, bensín, 5 girar. Verð 2.390.000 Tilboð 2.090.000. Rnr.203540

Toyota Kletthálsi  
Klétthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 570 5220  
Opíð virka daga 9-18, lau 12-16.  
www.toyotakletthalsi.is

## bilaborg.is

Sími 517-1111



BÁTUR Valiant 570. Árgærd -1, ekinn -1 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.133748.



YAMAHA Jet 1800. Árgærd 2003, ekinn -1 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.133798. YAMAHA JET 1800 bátur árgærd 2003, ný uppgerð þáðir mótórar, 310hó, kerra fylgir. Bein sala, skipti ódyrari



TOYOTA Land cruiser 100 diesel. Árgærd 8/2002, ekinn 247 ÞKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.133790. Er á staðnum

Bílaborg  
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík  
Sími: 517 1111  
http://www.bilaborg.is



KRÓKUR  
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net



KIA Sorento ex. Árg. 2005, ek. 118 ÞKM, dísel, sjálfskiptur. krókur, tveir eigendur, góð smurbók, vel með farinn Verð 2.390.000. Rnr.335379. bíllinn er á staðnum uppl s 567-4000

Heimsbílur  
Klétthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5674000  
http://heimsbilar.is



BUY OF THE YEAR  
LAND ROVER Discovery HSE. Árgærd 2005, ekinn 128 ÞKM Hlaðinn búnaði 7 manna verð nú 2.640.000. Rnr.137064. sími 6952015 Fyrstur kemur fyrstur fær

Bíll.is  
Sími: 577 3777  
www.bill.is

## bilfang.is

S. 567 2000



FLOTTUR 4X4!  
M-Benz E 240 Avantgarde 4matic 4X4 12/2005 (mód 2006) ek 93 þ.km sjálfskiptur, leður, lúga ofl verð nú 2.9 mil !!!



MEGA-CAB!  
Dodge Ram 1500 Laramie Mega-Cab 5.7 L HEMY, árg 11/2006 (nyrri lag) ek aðeins 55 þ.mílur Leður,krókur, lædd skúffa ofl verð nú 2980 !!!

Bílasalan Bílfang  
Malarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 2000  
www.bilfang.is



KIA Ceed ex 1.6 dísel sjálfsk.. Árgærd 2013, ekinn 9 ÞKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.161009. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



HONDA Cr-v executive. Árgærd 2007, ekinn 68 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.590.000. Rnr.210309



KIA Sportage ex 4wd. Árgærd 2013, ekinn 48 ÞKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.210357. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

ASKJA notaðir bílar  
Klétthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
www.notadir.is



NÝTT HYMER HJÓLHÝSI  
ÚTSALA, Hymer Nova 540, Stórglæsilegt hús af flottustu gerð, lengd 7.69m, breidd 2.4m, ATH aðeins 1 stk í boði á þessu frábæra verði, Verð aðeins 4.490.000kr, Er í salnum hjá okkur,

Íslensk-Bandaríska ehf  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ  
Sími: 534 4433  
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15  
http://www.isband.is

## Bílar til sölu



TILBOÐ 990.P 35" DÍSEL  
Rexton árg 2002 ssk dísel ek. 192.þ km ný nelgd 35" BFG dekk kastarar og grind, dráttarbeiðsi. ofl, bíll í topp standi. ásett verð 1.290.þ. Tilboð 990.þ S. 896-5290



Opel Astra árg. 2001, 5 girar, ek. 154 þ.km., 1.2L vél. V. 230þús. S. 6162597. Eftir kl. 17.00.



Rafbíllinn ÓKEYPTIS!  
Kynntu þér reynslu viðskiptavina á safnum: islandus.is  
Sparnaði STÓRT! Sími 552 2000

Rafbíllinn Ókeyptis. Láttu bensín sparnaðinn borga bíllinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - 5.5522000



VILTU SELJA BÍLINN  
Kaupum allar gerðir af lítið keyrðum bílum árgærd 2007 og yngri. Til dæmis Land Rover Discovery, Toyota Land Crusier, Audi Q7 og Mercedes Benz ofl. Við staðgreiðum bíllinn þinn. Sendu okkur uppl. í gegnum www.seldur.is

## 250-499 þús.



TILBOÐSVERÐ AÐEINS 490ÞÚS, STGR.  
Peugeot 307 árg. 01 ek. 162þús km. bsk, skoðaður. Sd. ný heilsársdekk. mjög eyðslugrannur. ásett verð 690þús. Tilboðsverð aðeins 490þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696

## 500-999 þús.



SJÁLFSKIPTUR TILBOÐSVERÐ!  
Ford Fusion árg. 06 ekinn 162þús km. sjálfskiptur. 5 dyra. ný timareim. ný skoðaður. ný vetrardekk. smurbók frá upphafi. virkilega eyðslugrannur bíll í góðu standi. ásett verð 940þús. Tilboðsverð aðeins 650þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



GÓÐUR NÝ SKOÐAÐUR BÍLL  
Renault Megane 1.6 árg. 03. ek. aðeins 130þús km. bsk. ný sko. glæný heilsársdekk. smurbók frá upphafi. stór glerlúga, góður bíll. ásett verð 850þús. Tilboðsverð aðeins 690þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



MÖGULEIKI Á YFIRTÖKU Á LÁNI - LÍTIL ÚTBORGUN.  
Eyðslugrannur gullmoli. Citroen Picasso árg. 07. Ek. 128.000. Ný smurður. Ásett verð 900.000kr. TILBOÐ 690.000KR. Uppl. í s. 8233344

## Bílar óskast



STADGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!  
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

## KAUPIBILA@GMAIL.COM 0-500 ÞÚS STGR!

Helst ekki eldri en 2002, má þarfnast lagfæringa eða vera óskoðaður, sendið mail með helstu uppl tegund árg keyrslu verðhugmynd og ástand! væri gott að fá bílnúmer með og síma og eg mun hafa samband ef mér lýst á, kaupibila@gmail.com

## !!! STADGREIÐI ÓDYRA BÍLA !!!

98-05"árg. á allt að 300 þúsund.. Vantar þig pening STRAX ? eða þarfnast bíllinn þinn lagfæringa og þú vilt losa þig við hann STRAX ? S. 777-3077 eða sendu sms.

## KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ 500 ÞÚS.STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 500þús. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á  
www.vikurverk.is



Vikurverk  
Vikurverf 6 • 203 Kópavogur  
Sími 557 7720 • vikurverk.is

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðuðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.



Varahluta- og viðgerðarþjónusta  
Sími 540 4900  
yamaha.is  
YAMAHA

## Bílaþjónusta



B.S. VERKTAKAR  
Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

## Hjólbardar



Jeppadekk  
TILBOÐ



Gyllfliót 3 - 112 Reykjavík  
Sími 567 4468



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ  
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppi ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

EIGUM VARAHLUTI Í PESSA KAUPUM BÍLA Í NIÐURRI.  
Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi, Hyundai Accent-Trajat, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bílarogpartar.is

## Varahlutir

Til sölu í Peugeot Box ,98 Vél og girkassi, nýr vatskassi og framöxl ásamt diskum til sölu. S. 8626660.

## SMÁPARTAR.IS

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgræin bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Get bætt á mig öllum teg, bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

## PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

## FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## VANTAR PIG PÍPARA ?

Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

## Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsbrif - Prif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

## Geri Gagn ehf

Í garðverkum S. 897 9724

## Garðþjónusta

## Íslands ehf

www.garda.is

Vönduð vinnubrögð Róbert S. 866 9767

## GARÐVINNA - TRJÁKLIPPINGAR OG GRISJUN

Karl G. skrudgarðyrkjumeistari s. 571-7773 / 899-7773


## Bókhald

## SKATTFRAMTAL 2014

Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila. Ég er viðskiptafræðingur Cant. Oecon. Með mikla reynslu.

Ódýr og góð þjónusta.

Kíktu á www.skatt.is s:661-3703 S. 661 3703 / www.skatt.is



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta www.hsebokhald.is hsebokhald@hsebokhald.is Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## SKATTFRAMTAL 2014

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

## Málarar

## MÁLNINGARÞJÓNUSTA

Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

## MÁLARAMEISTARI

Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

## SENDIBILL.IS

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsviðhald

Tek að ýmis smærri verkefni. Uppl.8478704,manninn@hotmail.com

## VIÐHALD

fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningsvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flissalagnir
- jarðvinna
- heflulagnir
- ákklæðningar

Sími 567 6699

vidhald@vidhald.is

www.vidhald.is

## BORTÆKNI

## STEYPUSÖGUN

## KJARNABORUN

## NIDURRIF

S: 892 7544

bortakni@bortakni.is

## LEKUR PAKIÐ ?

Pakpappalagnir / Pakviðgerðir. Á steyp og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírusshreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

## SPÁSÍMI 908-6116

Ástir, fjármál & heilsa.

## SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsþá. Tarot. Árssþá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

## RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggildir rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

## Fljót og góð þjónusta

Sími 893 1733

Jón Jónsson Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

## Viðgerðir



## HEIMILISTÆKI-VIÐGERÐIR

Gerum við öll merki, komum á staðinn, skoðunargjald 4900,-kr S. 845 5976.

## Önnur þjónusta

## FATABREYTINGAR

## ÁRNI GÆRDBO KLÆÐSKERI

Allar fatabreytingar og viðgerðir.

Fljót og góð þjónusta.

Opið alla virka daga frá kl. 10-12 & 13-16.

Skraddarinn á Horninu, Skúlagata 26 Sími 861 4380.

## KEYPT &amp; SELT

## Til sölu



## HUMAR - 2.600 KR.KG.

Fiskikongurinn Sogavegi 3 & Höfðabakka 1. Sími 587 7755 - www.fiskikongurinn.is

## FERDAPJÓNUSTUADILAR !

## Húsgögn og fleira til sölu

Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar, fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl. Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.

## MÚGGOTT VERÐ

Námari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

## VIFTUR

Hljóðlátu vifturnar

15 daga skilaréttur

Full endurgreiðsla Engin inneignarnóta

Yfir 300 tegundir á lager

Allur pakkinn!  
Viftur-rör-tengi-hlífar



viftur frá 7990

Ertu með næga loftun? Er rakasöfnun?

íshúsið



S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata

viftur.is

## Blásarar

Yfirprýstingsblásarar fyrir iðnaðarmenn. Tilboð með 5 m barka frá 44.990



TILBOÐ

## Rörablásarar

Öflugir rörablásarar fyrir meira loft og lengri lagnir. Verð frá 12.990 kr.



TILBOÐ

## Útsogsviftur

Útsogsviftur á plötu. Viftublöð 20 - 40 cm. Öflugar viftur. Tilboð frá 20.990



TILBOÐ



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst ¼ úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

**STADGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is  
Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )

Upplýsingar í síma 661 7000.

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupí gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin

**Skúfhólkar óskast**  
Kaupum gamla skúfhólka.  
Friða frænka  
gsm. 8642223

**Til bygginga**



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**

Vatnasklæðning, panill, pallafæni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

**HEILSA**

**Heilsuvörur**

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifstill.is

**Nudd**

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

**HEIMILIÐ**

**Heimilistæki**

Amica ískápur fæst ókeypis gegn því að vera sóttur. Tala bara ensku. s. 5546286

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smíðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

gsm 824 4535

leiga@leiguherbergi.is

**Húsnæði til sölu**

Verslunarhúsnæði til leigu. 96 fm á Suðurlandsbraut, bláu húsin. Uppl. s. 616-2137.

**Geymsluhúsnæði**

**GEYMSLULAUSNIR.IS**  
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**  
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymslulús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

Starfskraftur / verslunarstjóri óskast í litla matvöruverslun á svæði 105. Uppl. gefur Gunnar í s. 699 6827

**ATVINNA Í BOÐI**

Veitingahúsið Lauga-ás leitar eftir aðstoðarmanni í eldhúsi 20 ára og eldri í 100% starf í vaktavinnu. Þarf að geta unnið undir álagi, geta tekið fyrirmælum og vera skipulagður og reglusamur. Íslensku kunnátta skilyrði og umsóknarfrestur er til 31 mars og miðað er við að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir og meðmæli berist á netfangið johann@laugas.is.

Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði Umsóknir á staðnum eða í síma 568-3080 Barðinn Skútuvogi 2



**Oliudreifing**

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI**

Oliudreifing ehf. óskar eftir að ráða vana bílstjóra með CE meirapróf í sumarstarf með aðsetur í Reykjavík eða á Snæfellsnesi. Oliudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.

Nánari upplýsingar veitir Helgi M. Egsson í síma 550-9937. Umsóknir berist til odr@odr.is

**TILKYNNINGAR**

**Einkamál**

**Rauða Torgið**  
Sönn tilbreyting • Heit avintýri  
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920  
Konur, allt frítt í s. 555-4321  
Karlar auglýsa frítt, 535-9922  
**Heitar kynslógur**  
905-2002 • 535-9930  
**Símæðmur • líve spjall**  
908-6000 • 535-9999

Gott heilnuð í boði. Símanr. gefið upp. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8590.

**gistipjónusta**

**Heilsárs gistipjónusta á Suðurlandi**

Til sölu þekkt gistipjónusta við Þjóðveg 1, í einstaklega kyrrlátu og fallegu umhverfi. Gisting fyrir 50 manns, en einnig fylgir íbúðarhús og þjónustumiðstöð. Hitaveita. Góð heimasíða. Uppl. gefur Óskar í s: 773-4700

Fyrirtækjasala Ísl. 520-3500 • www.atv.is  
Óskar Mikaelsson löggiltur fasteignasali

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



**fasteignir**

**EIGNAMIÐLUN**  
588 9090 • www.eignamidlun.is • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík

Frá 1957  
**Sala fasteigna í 57 ár**  
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Framúrskarandi fyrirtæki 2013**



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali | Guðmundur Sigurjónsson, lögg. fasteignasali | Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali | Kjartan Hallgrímsson, lögg. fasteignasali | Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali | Hilmar Þór Hafsteinnsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali | Magnús Geir Pálsson, sölumaður | Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali | Guðlaugur I. Guðlaugsson, sölumaður | Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali | Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri | Elin Þorleifsdóttir, ritari | Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari | Guðrún Magnea Árnadóttir, ritari

**VINDAKÓR 5-7**  
Til afhendingar við kaupsamning  
**- Sölusýning í dag**

Kynnum 21 nýlegar og vandaðar 4ra herb íbúðir og 5-6 herb endaíbúðir á einstaklega góðum stað til afhendingar strax. Staði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum. Tvö stæði með endaíbúðum á efstu hæð.

Stærðir 4ra herbergja íbúðanna er um 125-130 fm á verði frá 33,9-37,5 millj. Endaíbúðirnar eru frá 175-232 fm og verðið er frá 43,9 -65,9 millj. Endaíbúð til suðausturs með 75 fm svölum, hjónasvítu og tveimur baðherbergjum.

Sölumenn Eignamiðlunar sýna eignirnar í dag miðvikudag milli kl. 17:30 og 18:30

Ekki missa af einstöku tækifæri til að eignast nær nýja íbúð á þessum vinsæla stað á afar góðu verði.



565 6000 / somi.is

# ÚT AÐ BORÐA MEÐ VINUNUM.

Við bjóðum spennandi matseðil  
Íslendingar hafa fjölbreyttan smekk sem við gerum  
okkar allra besta á hverjum degi að sinna. Þitt er valið!



**SÓMI**

Ferskt á hverjum degi



**HVERNIG STENDUR ÓPERAN?** Viðtökurnar við Ragnheiði hafa blásið lífi í umræðu um stöðu óperunnar á Íslandi.

## Skeggrætt um framtíð óperuflutnings

Staða Íslensku óperunnar er meðal þess sem rætt verður á málþingi í Hörpu á laugardaginn.

Efnt verður til málþings í Kaldalóni í Hörpu á laugardaginn frá klukkan 11 til 14 til að ræða framtíð óperuflutnings á Íslandi.

Málþinginu er ætlað að fjalla um stöðu Íslensku óperunnar í núverandi umhverfi og ekki síður að fá mynd af grasrótastarfsemi í óperulistinni á Íslandi.

Nokkrir frummælendur munu halda stuttar tölur um stöðuna eins og hún er í dag og sína framtíðarsýn fyrir listformið. Pallborðsumræður verða síðan haldnar að loknu hléi.

Meðal frummælenda á málþinginu verða Stefán Baldursson, Garðar Cortes og Arnbjörg María Danielsen.

Að málþinginu standa nokkur félög tónlistarmanna, FÍT-klassísk deild FÍH, FÍH, TÍ og FÍS auk Íslensku óperunnar og Hörpu. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

## Vilja vinna með þjóðfélaginu – ekki fyrir það

Tjarnarbíó, í samvinnu við Vinnsluna, heldur á laugardaginn glæsilega opunarhátíð, þar sem listamenn munu sýna verk í hverju rými hússins.

„Um áramótin var formlega ákveðið að Reykjavíkurborg gerði formlegan samning til þriggja ára við sjálfstæðu leikhúsin um rekstur Tjarnarbíós,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Tjarnarbíós. „Sá samningur gerir okkur í fyrsta sinn kleift að hugsa til framtíðar. Nú er búið að fyrirbyggja hljóðmengun frá húsinu og við erum að fá rekstrar- og vinnveitingaleyfi. Frá og með laugardegnum erum við því hætt að reka húsið á undanþágu upp á von og óvon heldur er hér komin í gang alvöru listamiðstöð.“

Það vekur athygli í auglýsingum um opunarhátíðina á laugardaginn að talað er um listviðburði í mismundandi rýmum hússins, hvaða rými eru það? „Hér eru alls konar rými sem hingað til hafa helst verið nýtt sem dótageymslur,“ segir Guðmundur. „Við höfum undanfarið unnið hörðum höndum við að hreinsa út, taka til og flytja starfsemi og munum á laugardaginn tilkynna að frá og með 1. apríl verði hér fólk í vinnustofum allt árið um kring. Að minnsta kosti fjórir listamenn eða hópar munu á hverjum tíma hafa hér vinnuástöðu þannig að hér verður alvöru sköpunarmiðstöð. Eina kvöðin er sú að viðkomandi listamenn eða hópar þurfa einu sinni í viku að deila því sem þeir eru að gera með gestum kaffihússins og barsins.“

Þannig að þetta verður alhliða listamiðstöð, ekki bara tengd leiklist? „Já, nýaldan í leikhúsi



**GUÐMUNDUR INGI** „Þá verður hægt að koma hér hvenær sem er og eiga í einhvers konar samtali við listamenn hússins.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

á Íslandi, sem er reyndar 20-30 árum á eftir Evrópu, gengur út á það að vinna þvert á listgreinar og afmá mörkin á milli þeirra. Og við trúum því og treystum að það sem geti komið út úr þessu verði eitthvað stærra og stórkostlegra en við eigum að venjast. Við erum að hvetja fólk til að hjálpast að og vinna saman, vinna með þjóðfélaginu en ekki fyrir það.“

Á opunarhátíðinni á laugardaginn kemur fram fjöldi listamanna, um 25 atriði að sögn Guðmundar, og dagskráin stendur í fjóra tíma, frá klukkan 19 til 23, er ekki hætta á að gestir eigi í erfið-

leikum með að velja á milli þeirra atriða sem þeir vilja fylgjast með? „Nei, nei. Þetta er í sjöunda skiptið sem Vinnslan stendur fyrir svona uppákomu þannig að við erum orðin ansi sjúð í þessari umferðarstjórnun,“ segir Guðmundur. „Gestir ættu allavega að ná því að sjá um nútíu prósent af því sem er í gangi. Frá og með 1. apríl er svo stefnt að því að allt verði komið á fullt og fólk að vinna hér í öllum hornum þannig að þá verður hægt að koma hér hvenær sem er og eiga í einhvers konar samtali við listamenn hússins.“

fridikab@frettabladid.is

Greiningarpróf gegn ristilkrabbameini er forvörn við sjúkdómi sem lækna má á frumstigi.



Rannsóknir hafa sýnt að með skipulegri leit (skimun) að ristilkrabbameini og forstigi þess hjá einkennalausum einstaklingum 50 ára og eldri er hægt að lækka dánartíðni af völdum sjúkdómsins.

Ristilsepar og ristilkrabbamein á frumstigi valda oft smávægilegum blæðingum sem varla sjást með berum augum. Með því að athuga hvort blóð leynist í hægðasýnum er mögulegt að greina meinið á læknanlegu stigi.

Fæst í öllum apótekum Lyfju.



# Nú fæst Merrild í Senseo kaffipúðum

nýtt



Alltaf í aðalhlutverk







SMELLUR Ekki er ljóst hvort leikarar fyrstu myndarinnar verði í framhaldsmyndinni.

## Allt á fullu í vinnslu á Prometheus 2

Michael Green skrifar handritið en óljóst er hvort Ridley Scott sest aftur í leikstjórastólinn.

Fox og Ridley Scott hafa ráðið Michael Green til að skrifa handrit að Prometheus 2, framhaldsmynd af Prometheus sem frumsýnd var árið 2012. Michael hefur unnið við handrit í sjónvarpsþáttum á borð við Smallville og Heroes.

Ekki er komin dagsetning á hvernær framhaldsmyndin lítur dagsins ljós. Ridley Scott leikstýrði þeirri fyrstu en óljóst er hvort hann mun setjast aftur í leikstjórastólinn. Rétt eftir að fyrsta myndin var frumsýnd tilkynnti hann að Prometheus yrði þrileikur.

Noomi Rapace, Michael Fassbender, Cuy Pearce, Idris Elba og Charlize Theron léku aðalhlutverkin í Prometheus en hún halaði inn rúmlega þrjú hundruð milljónir dollara á heimsvísu þegar hún var í bíó, 36,5 milljarða króna.

Prometheus var að hluta til tekin upp hér á landi en tókur fóru fram í júlí árið 2011 við rætur Heklu. Íslenskt landslag gegndi veigamiklu hlutverki í myndinni og þótti tæknileg vinnsla kvikmyndarinnar skara fram úr.

- lk



HETJAN Palli öðlast ofurkrafta.

## Stútfull af staðalímyndum

KVIKMYNDIR ★★★★★

### Antboy

Barnakvikmyndahátíðin Bíói Paradís  
LEIKSTJÓRI ASK HASSELBALCH

Danska verðlaunamyndin Antboy er sýnd á alþjóðlegu barnakvikmyndahátíðinni í Bíói Paradís sem stendur til 30. mars. Ég fylgdist jafnt með krökkum og myndinni þar sem ungvíðið er náttúrulega bestu gagnrýnendur á mynd sem ætluð er þeim. Börnin virtust skemmta sér vel – supu hveljur þegar við átti, hrukku við, hlógu og fundu til með aðalpersónunni, ungum dreng sem er veggjalús þangað til hann öðlast ofurhetjukrafta.

Þessi mynd hélt mér líka þótt þessi saga hafi svo sem verið sögd oft áður. Hefði alveg eins getað heitið Köngulórmaðurinn – yngri árin. Hún er vel gerð og standa ungu leikararnir sig frábærlega.

Ég vil hins vegar setja út á eitt frekar stórt atriði. Mér fannst myndin helst til full af staðalímyndum. Litli strákurinn með rauða hárið sem enginn nennir að hanga með. Fallega stelpan með síða, ljósa hárið sem hann er ástfanginn af en hún lítur ekki við honum. Vinur hans, nördinn með gleraugu, sem er líka útundan. Og að sjálfsgöðu er illmennið feitur, ljótur karlmaður og að lokum er það svo að fallega stúlkan er bjargarlaus og þarf litli strákurinn að bjarga henni.

Ég hefði verið svo fegin ef þessar staðalímyndir hefðu verið rifnar í tætlur í þessari mynd sem miðuð er að framtíð þjóðarinnar. Þá hefði hún fengið fullt hús í mínum bókum.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir

**NIDURSTAÐA:** Krakkarnir skemmtu sér konunglega en fullmikið er af staðalímyndum fyrir minn smekk.

# Kolvetrnaskert, próteinríkt og fitulaust

Hentar  
fyrir LKL  
mataræði



Skýr.is



## Félagsfundur Hagsmunasamtaka heimilanna

Afnám verðtryggingar neytendalána  
nefndir en engar efndir

Hagsmunasamtök heimilanna halda félagsfund  
fimmtudagskvöldið 27. mars 2014 kl. 20-22  
í sal Stýrimannaskólans við Háteigsveg.  
Allar nánari upplýsingar á [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna.  
Allir velkomnir!

## Snæfell í úrslit í fyrsta skipti

**KÖRUBOLTI** Snæfellskonur tryggðu sér sæti í lokaúrslitum Dominos-deildar kvenna í körfubolta eftir sex stiga baráttusigur á Val, 72-66. Þetta er í fyrsta sinn í sögu úrslitakeppni kvenna sem Snæfell spilar um Íslandsmeistaratið en úrslitaevnigi og Hauka hefst á laugardaginn.

Snæfell lék án bandaríska leikmannsins Chynnu Brown sem hefur meiðst tvisvar í undanúrslitaevniginu og gat ekki spilað vegna meiðsla í kvöld. Liðið gafst ekki upp við mótlætið, sýndi gríðarlega baráttu og samheldni og tókst að landa sigrinum með ótrúlegum endakafli.

Valskonur voru 66-62 yfir þegar 2:16 mínútur voru eftir en skorðu ekki eftir það og Snæfellskonur tryggðu sér sigurinn með því að skora tíu síðustu stigum í leiknum.



- 66j

## Enn eitt tap Man. Utd á Old Trafford



**SÍÐHEITUR** Edin Dzeko fagnar hér því að koma Man. City í 0-1 eftir aðeins 44 sekúndur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** Man. City komst í gær upp í annað sæti ensku úrvalsdeildarinnar er liðið vann auðveldan 0-3 sigur á nágrönnum sínum í Man. Utd.

City er nú aðeins þremur stigum á eftir toppliði Chelsea og á tvo leiki til góða.

Arsenal stimplaði sig aftur á móti úr toppbaráttunni með því að missa unninn leik gegn Swansea niður í jafntefli.

- hbg

## visir.is

Frekari umfjöllun um enska boltann.

## ÚRSLIT

### DOMINOS-DEILD KVENNA

#### UNDANÚRSLIT, ODDALEIKUR

#### SNÆFELL - VALUR 72-66 (39-42)

Snæfell: Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 21/12 fráköst/6 stoðsendingar, Hildur Sigurðardóttir 19/11 fráköst, Hildur Björg Kjartansdóttir 15/13 fráköst, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 14/11 fráköst, Alda Leif Jónsdóttir 3/7 fráköst.

Valur: Anna Alys Martin 24/7 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 14/6 fráköst, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 13/8 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 5/7 fráköst, Þórunn Bjarnadóttir 4/5 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir 3, Ragnheiður Benónisdóttir 2/4 fráköst/4 varin skot, María Björnsdóttir 1

Snæfell vann einvígið, 3-2.

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

#### MAN. UTD. - MAN. CITY 0-3

0-1 Edin Dzeko (1.), 0-2 Edin Dzeko (55.), 0-3 Yaya Toure (89.).

#### ARSENAL - SWANSEA 2-2

0-1 Wilfried Bony (11.), 1-1 Lukas Poldolski (73.), 2-1 Olivier Giroud (74.), 2-2 Mathieu Flamini, sjm (89.).

#### NEWCASTLE - EVERTON 0-3

0-1 Ross Barkley (22.), 0-2 Romelu Lukaku (51.), 0-3 Leon Osman (86.).

#### STAÐA EFSTU LIÐA

Chelsea	31	21	6	4	62-23	69
Man. City	29	21	3	5	79-27	66
Liverpool	30	20	5	5	82-38	65
Arsenal	31	19	6	6	55-36	63
Everton	30	16	9	5	46-30	57
Tottenham	31	17	5	9	40-40	56
Man. United	31	15	6	10	48-37	51

## visir.is

Meira um leiki gærkvöldsins



**KÝLDUR** Guðmundur var kýldur og móðgaður í Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Munum verja okkur

**HANDBOLTI** Ekkert virðist að marka meinta afsökunarbeiðni sem forráðamönnum Rhein-Neckar Löwen á að hafa borist eftir leik liðsins gegn Kielce um helgina.

Handknattleikssamband Evrópu hefur nú hafið rannsókn á atvikum sem áttu sér stað eftir leik liðanna í Meistaradeild Evrópu um helgina. Eins og greint hefur verið frá mun Talant Dujshebaev, þjálfari Kielce, hafa kýlt Guðmund Guðmundsson, þjálfara Löwen, fyrir neðan beltisstað eftir leikinn og bar hann svo þungum sökum á blaðamannafundi stuttu síðar.

„Ef Löwen vill aðhafast eitthvað í þessu máli munum við verja okkur,“ sagði Hollendingurinn Bertus Servaas við Mannheimer Morgen í gær en hann er forseti Kielce.

Áður hafði Thorsten Storm, framkvæmdastjóri Löwen, greint frá því að Servaas hefði beðið hann afsökunar á framferði þjálfara síns strax eftir umræddan blaðamannafund. En svo virðist sem hann hafi dregið í land með afstöðu sína.

- esá



**ÓSKAÐ EFTIR STUÐNINGI** Landsliðsþjálfarinn vonast eftir því að fólk fjölmenn í Höllina í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Getum vel strítt þeim

Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik á fyrir höndum erfitt verkefni í kvöld er það tekur á móti sterku liði Frakka í Laugardalshöll. Landsliðsþjálfarinn segir að það verði við ramman reip að draga en vill sjá sitt lið mæta brjálað til leiks.

**HANDBOLTI** Það er stórleikur hjá stelpunum okkar í kvöld er þær taka á móti gríðarsterku liði Frakka í undankeppni EM.

Þetta er þriðji leikur liðanna í riðlinum en Frakkar eru á toppnum með fullt hús stiga og Ísland í öðru sæti með tvö stig. Ísland er búið að vinna einn leik og tapa einum. Tapið kom gegn Slóvakíu ytra, 19-18, en þetta slóvakíska lið tapaði fyrir Frökkum, 25-18. Frakkar eru klárlega með sterkasta liðið í riðlinum.

„Það er ekkert launungarmál að Frakkar eru fyrirfram með sterkasta liðið í þessum riðli. Þetta er hávaxið og líkamlega sterkt lið sem er gríðarlega erfitt að glíma við,“ segir Ágúst Þór Jóhannsson landsliðsþjálfari.

Ágúst getur ekki teflt fram sínu sterkasta liði þar sem markvörðurinn Florentina Stanciu og

hornamaðurinn Hanna G. Stefánsdóttir drógu sig úr hópnun vegna meiðsla. Í þeirra stað komu Dröfn Haraldsdóttir og Marthe Sördal.

„Við erum búin að missa margar stelpur úr liðinu síðustu vikur og mánuði. Fyrir utan þessar tvær þá vantar líka Guðnýju Jenný, Stelli Sigurðardóttur, Rut Jónsdóttur og Ástu Birnu Gunnarsdóttur. Svo er Rakel Dögg Bragadóttir hætt vegna meiðsla.“

Þó að það verði við ramman reip að draga hjá stelpunum þá ætlar liðið að selja sig dýrt.

„Við verðum að spila mjög grimma vörn. Reyna að vinna boltann og refsa þeim því þær eru seinar til baka. Í sókninni verðum við að spila skynsamlega og klára sóknirnar okkar svo við fáum ekki ódýr mörk í andlitið. Frakkar eru auðvitað sigurstranglegrir en ég hef fulla trú á því að við getum

strítt þeim og jafnvel gott betur,“ segir þjálfarinn kokhraustur.

Markmið landsliðsins er engu að síður sem fyrr að ná öðru sæti riðilsins.

„Það eru allir að horfa á leikinn gegn Slóvakíu í lokaumferðinni og líta á hann sem úrslitaleik. Það má ekki á þessum tímupunkti enda er enn eftir að spila mikinn handbolta og ýmislegt getur gerst. Ég vil sjá stelpurnar mæta brjálaðar til leiks og gefa allt sem þær eiga. Þá er aldrei að vita hvað gerist.“

Kvennalandsliðið hefur hingað til spilað sína heimaleiki í Vodafonehöllinni en að þessu sinni spila þær í Laugardalshöll og hefst leikurinn klukkan 19.30.

„Það er alltaf sjarmi yfir því að spila í Höllinni og stelpurnar eru spenntar. Ég vona að við fáum mikinn stuðning því það veitir ekki af.“

henry@frettabladid.is

# Allar þrjár eiga möguleika á byrjunarliðssæti

Mikil samkeppni ríkir um markvörðarstöðuna í íslenska landsliðinu sem mætir Ísrael og Möltu í apríl.

**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska landsliðsins, valdi í gær 20 leikmenn fyrir mikilvæga leiki í undankeppni HM 2015. Leikið verður gegn Ísrael og Möltu ytra í upphafi næsta mánaðar en stelpurnar okkar eru með þrjú stig að loknum tveimur leikjum.

Undankeppnin hófst á svekkjandi tapi gegn Sviss sem hefur farið á kostum í riðlinum til þessa en stelpurnar sýndu hvað býr í þeim með frábærri frammistöðu á æfingamótinu í Algarve í síðasta mánuði þar sem þær nældu sér í bronsverðlaun.

Freyr sagði á blaðamannafundi KSÍ gær að hann væri afar ánægður með ferðina til Portúgals. Bæði hafi árangurinn verið góður og ferðin nýst vel til að undirbúa liðið fyrir komandi átök.

„Við unnum í fjölmörgum þáttum sem við þurftum að bæta í okkar leik og bættum bæði leik-

gleðina og liðsheildina. Það var mikilvægt,“ sagði Freyr í gær.

Fá forföll eru í liðinu að þessu sinni en þess má geta að Sif Atladóttir er þó enn að ná sér eftir erfið meiðslu. Freyr fer með níu atvinnumenn út með sér, þar af tvo markverði en þjálfarinn segist ekki hafa útnefnt sérstakan aðalmarkvörð liðsins.

„Þóra [Björg Helgadóttir] og Guðbjörg [Gunnarsdóttir] hafa báðar sína kosti,“ útskýrði Freyr. „Það fer eftir hverju verkefni fyrir sig hver mun verja mark Íslands.“

Hann sagði einnig að Sandra Sigurðardóttir, markvörður Stjörnunnar, hefði sýnt á Algarve-mótinu að hún ætti fullt erindi í landsliðið.

„Hún hélt hreinu gegn Kína og stóð sig frábærlega. Að mínu mati eigum við þrjá frábæra markverði sem allar eiga möguleika á að spila í byrjunarliði Íslands.“

- esá



**GUÐBJÖRG** Markvörður stórlíðs Potsdam í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### LANDSLIÐSHÓPUR ÍSLANDS

Markverðir:	Leikir
Þóra Björg Helgadóttir, FC Rosengård	101
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Turbine Potsdam	30
Sandra Sigurðardóttir, Stjörnunn	7
Varnarmenn:	Leikir/mörk
Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir, Val	66/2
Hallbera Guðný Gísladóttir, Torres	50/1
Glódís Perla Viggósdóttir, Stjörnunn	17
Mist Edvardsdóttir, Val	12/1
Elísa Viðarsdóttir, Kristianstad	12
Anna Björk Kristjánsdóttir, Stjörnunn	4
Miðjumenn:	
Dóra María Lárusdóttir, Val	100/15
Sara Björk Gunnarsdóttir, FC Rosengård	70/15
Katrín Ómarsdóttir, Liverpool	61/10
Rakel Hönnadóttir, Breiðabliki	59/3
Dagný Brynjarsdóttir, Selfossi	40/4
Þórunn Helga Jónsdóttir, Avaldsnes	13
Ásgerður S. Baldursdóttir, Stjörnunn	3
Framherjar:	
Fannís Friðriksdóttir, Arna-Björn	47/3
Harpa Þorsteinsdóttir, Stjörnunn	38/3
Hólmfríður Magnúsdóttir, Avaldsnes	87/32
Guðmunda Brynja Óladóttir, Selfossi	2



ALLT AÐ  
**80.000 KR.**  
AFSLÁTTUR



Trans Atlantic býður Vildaráskrifendum uppá allt að 80.000 kr. afslátt af spennandi og ævintýrlegum utanlandsferðum víðsvegar um heiminn. Það eru yfir níu sérferðir í boði

á sérstökum Vildarkjörum sem þú getur kynnt þér nánar á 365.is eða transatlantic.is. Takmarkaður fjöldi þátttakenda er í hverri ferð svo bókaðu strax.

Fríðindakerfi 365

# Skráðu þig í Vild

Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptabjónustu 365 fá nú sjálfvirkan afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.

Einnig drögum við út glæsilega vinninga í hverjum mánuði eins og 46" Samsung-sjónvarp. Hvert skráð kort í VILD gildir sem happdrættismiði.



*Vild*



**30%**  
AFSLÁTTUR

af matseðli mánudaga til fimmtudaga



**30%**  
AFSLÁTTUR

af þriggja mánaða baðstofu- og heilsuræktarkorti



ALLT AÐ  
**150.000**  
KR. AFSLÁTTUR

af hágæða Samsung-sjónvörpum



## Stöð 2 kl. 20.10 Heimsókn

Sindri Sindrason heim-sækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sam-eiginlegt að vera innréttuð af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram það besta í viðmælendum sínum.



## Í KVÖLD



### Léttir sprettir

**STÖÐ 2 KL. 20.30** Friðrika Hjördís Geirsdóttir stýrir skemmtilegum þætti um almennar íþróttir, svo sem hlaup, skíðaíþróttir, hjólríðar, fallgöngur, sund og íþróttir fyrir alla fjölskylduna.



### Forkeppni EM

**SJÓNVARPIÐ KL. 19.20** Bein útsending frá leik Íslands og Frakklands í forkeppni EM kvenna í handbolta.



### Matur og lífsstíll

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.00** Skemmtilegur lífsstílsþáttur með hinni einu sönnu Völu Matt. Í þáttunum heimsækir Vala þekkt fólk og eldar með því gírnilega rétti.

## Bylgjan kl. 10.00 Ívar Guðmundsson

Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 10-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útlarp. Ívar er dagskrárstjóri Bylgjunnar.



## Aðalfundur MATVÍS

Aðalfundur MATVÍS verður haldinn miðvikudaginn 2. apríl n.k kl. 16.00 Fundurinn er haldinn á Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogsmegin.

Fundurinn hefst kl. 16.00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf  
Afhending sveinsbréfa.



## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In the Middle
- 08.30 Ellen
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors
- 10.15 Masterchef USA
- 11.05 Spurningabomban
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Up All Night
- 13.20 Material Girl
- 14.15 Suburgatory
- 14.40 2 Broke Girls
- 15.05 Sorry I've Got No Head
- 15.35 Fjörugi teiknimyndatíminn
- 16.00 Kalli kanína og félagar
- 16.25 UKI
- 16.30 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Svínasúpan
- 19.45 The Middle (18:24)
- 20.10 Heimsókn
- 20.30 Léttir sprettir
- 20.55 Grey's Anatomy (16:24)
- 21.40 Rita (3:8)
- 22.25 Believe (2:13)
- 23.10 22 Bullets
- 01.10 The Blacklist
- 01.55 NCIS
- 02.40 Person of Interest
- 03.25 Arn - The Kingdom at the End of the Road
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 14.00 Anzhi - AZ Alkmaar
- 15.40 Spænsku mörkin 2013/14
- 16.10 Þýsku mörkin
- 16.35 Indiana - Chicago
- 18.20 Dominos deildin - Liðið mitt
- 18.50 Barcelona - Celta (B)
- 20.55 Sevilla - Real Madrid (B)
- 23.00 Stjarnan - Keflavík
- 00.30 Kiel - Göppingen

## SPORT 2

- 07.00 Man. Utd. - Man. City
- 11.15 Cardiff - Liverpool
- 12.55 Norwich - Sunderland
- 14.35 Newcastle - Everton
- 16.15 Arsenal - Swansea City
- 17.55 Ensku mörkin - úrvalsdeildin
- 18.50 Keane and Vieira. The Best of Ene
- 19.50 Liverpool - Sunderland (B)
- 22.20 West Ham - Hull
- 00.00 Man. Utd. - Man. City
- 01.40 Liverpool - Sunderland



20.00 Björn Bjarnason 20.30 Tölvur,tækni og kennsla. 21.00 Fasteignafóran 21.30 Á ferð og flugi

## ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

## STÖÐ 3

- 11.05 Simpson-fjölskyldan
- 11.30 Friends
- 11.55 Mindy Project
- 12.20 Suburgatory
- 12.45 Glee
- 13.30 Hart of Dixie
- 14.15 Gossip Girl
- 15.00 The Carrie Diaries
- 15.40 Pretty Little Liars
- 16.25 American Idol
- 18.35 Bob's Burgers
- 19.00 Junior Masterchef Australia
- 19.45 Baby Daddy (2:16)
- 20.10 Revolution (5:22)
- 20.55 Arrow (16:24)
- 21.40 Tomorrow People (6:22)
- 22.25 The Unit (7:22)
- 23.10 Hawthorne
- 23.55 Supernatural
- 00.40 Junior Masterchef Australia
- 01.25 Baby Daddy
- 01.50 Revolution
- 02.35 Arrow
- 03.20 Tomorrow People
- 04.05 The Unit

## Krakastöðin

07.00 Áfram Diego, áfram! 07.19 Svampur Sveinsson 07.45 Gulla og grænjaxlarnir 07.55 UKI 08.00 Ofurhundurinn Krypto 08.25 Brunabílarnir 08.47 Mamma Mu 08.55 Hello Kitty 09.00 Ljóti and-unginn og ég 09.23 Latibær 09.34 Ævintýraferðin 09.47 Tom and Jerry 09.55 Rasmus Klumpur og félagar 10.00 Dóra könnuður 10.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 10.46 Dóddi litli og Eyrnastór 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.19 Svampur Sveinsson 11.43 Gulla og grænjaxlarnir 11.53 UKI 11.58 Ofurhundurinn Krypto 12.23 Brunabílarnir 12.45 Mamma Mu 12.50 Hello Kitty 13.00 Ljóti and-unginn og ég 13.23 Latibær 13.34 Ævintýraferðin 13.47 Tom and Jerry 13.55 Rasmus Klumpur og félagar 14.00 Dóra könnuður 14.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 14.46 Dóddi litli og Eyrnastór 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.21 Svampur Sveinsson 15.45 Gulla og grænjaxlarnir 15.55 UKI 16.00 Ofurhundurinn Krypto 16.24 Brunabílarnir 16.46 Mamma Mu 16.51 Hello Kitty 17.00 Ljóti and-unginn og ég 17.23 Latibær 17.34 Ævintýraferðin 17.47 Tom and Jerry 17.55 Rasmus Klumpur og félagar 18.00 Dóra könnuður 18.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 18.46 Dóddi litli og Eyrnastór 19.00 Öskubuska í villta vestrinu 20.20 Sögur fyrir svefninn

## GULL

- 17.50 Strákarnir
- 18.20 Friends
- 18.45 Seinfeld
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men
- 20.00 Matur og lífsstíll
- 20.30 Örlagadagurinn (8:14)
- 21.00 Game of Thrones (4:10)
- 21.50 Hustle (6:6)
- 22.45 The Fixer (2:6)
- 23.35 Without a Trace
- 00.20 Curb Your Enthusiasm
- 00.50 Matur og lífsstíll
- 01.20 Örlagadagurinn
- 01.50 Game of Thrones
- 02.45 Hustle
- 03.35 The Fixer
- 04.25 Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

- 09.30 The Best Exotic Marigold Hotel
- 11.30 Hook
- 13.50 Pitch Perfect
- 15.40 The Best Exotic Marigold Hotel
- 17.45 Hook
- 20.05 Pitch Perfect
- 22.00 Interview With the Vampire
- 00.00 The Lucky One
- 01.40 Killer Elite
- 03.35 Interview With the Vampire

## RÚV

- 16.25 Ljósmodúrin
- 17.20 Disneystundin
- 17.21 Finnbogi og Felix
- 17.43 Sígildar teiknimyndir
- 17.50 Herkúles
- 18.10 Táknafréttir
- 18.20 Djöflaeyjan
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Forkeppni EM í handbolta (Ísland - Frakkland) Bein útsending frá leik Íslands og Frakklands í forkeppni EM kvenna í handbolta.
- 21.15 Kiljan Bókabáttur Egils Helgasonar. Stjórn upptöku: Ragnheiður Thorsteinsson.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Veðurféttir
- 22.25 Hlutverk morðingja (Act of Killing) Áhrifamikil heimildamynd sem hlaut BAFTA-verðlaun 2014 um leiðtoga alræmdustu dauðsveita Indónesíu. Í myndinni er leiðtogunum boðið að endurupplifa aftökur fyrri ára með aðstoð kvikmyndagerðarfólks frá Hollywood, tæknibrellum og raunverulegri sviðsmynd. Atriði í þættinum er ekki við hæfi barna.
- 00.20 Fréttir
- 00.35 Dagskrárlok

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.55 Once Upon a Time
- 17.40 Dr. Phil
- 18.20 The Good Wife
- 19.10 Cheers
- 19.35 America's Funniest Home Videos
- 20.00 Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking (11:20) Gættir þú hugs- að þér betri matreiðslukennara en sjálf- an Gordon Ramsay? Meistarakokkurinn tekur þig í kennslustund og hjálpar þér að öðlast raunverulegt sjálfstraust í eld- húsinu.
- 20.25 Sean Saves the World (12:18)
- 20.50 The Millers (12:22)
- 21.15 Ice Cream Girls - NÝTT (1:3) Poppy ákveður að flytja í heimabæ móður sinnar á sama tíma og Serena yfirgefur Leeds ásamt eiginmanni sínum og dóttur til að vera hjá dauðvona móður sinni í sama bæ svo þær stöllur komast ekki hjá því að hittast á ný.
- 22.00 Blue Bloods
- 22.45 The Tonight Show Gestir kvöldsins eru ekki af verri endanum en það eru þau Jude Law og The Voice- þjálfarinn Shakira.
- 23.30 CSI Miami
- 00.10 The Walking Dead
- 00.55 Made in Jersey
- 01.40 Ice Cream Girls
- 02.25 The Tonight Show
- 03.15 Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014 13.30 PGA Tour 2014 - Highlights 14.25 Feherty 15.10 Golfing World 2014 16.00 LPGA Tour 2014 18.00 Golfing World 2014 18.50 PGA Tour 2014 - Highlights 19.45 Golfing World 2014 20.35 Champions Tour 2014 - Highlig 21.30 PGA Tour 2014

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Suðurholt 8 – Hafnarfjörður – Efri sérhæð með bílskúr**  
Opið hús í dag milli kl. 17 og 17.30

Glæsileg efri sérhæð 152 fm með 66 fm tvöföldum bílskúr, samtals 219 fm. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Glæsileg stofa og eldhús. Verönd í garði, pallar, heitur pottur. Glæsilegt útsýni. Verð 44,9 millj.

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

# SMIÐIR VERKAMENN MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,  
VERKAMENN OG MÚRARAR SEM  
ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.  
HANDAFL EHF

**s. 777 2 333**

# SNJALLSJÓNVARP FRÁ Panasonic



Fæst hvítt eða sífurritað!

39"

42"

## GLÆSILEG HÖNNUN

Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan LED skjá. Vandað, umhverfisvænt og í orkuflokki A+

Panasonic TXL39E6

119.990

VERÐ ÁÐUR 149.990

Panasonic TXL42E6

129.990

VERÐ ÁÐUR 169.990

### Framúrskarandi myndgæði

100Hz Backlight Blinking tryggir flóktlausa mynd og Vreal Smart örgjörvinn gerir alla myndvinnslu óaðfínanlega.

### Viera Connect WiFi snjallsjónvarp

Með nýjstu Panasonic tækni er boðið upp á allt það besta í samhæfni við net og tölvur. Með „My Home Screen“ getur notandinn aðlagð að sínum þörfum hvað birtist á

skjánum. Swipe & Share 2.0 gerir svo einfalt að senda myndir og myndbönd frá spjalddölvum og snjallsímum yfir á tækið og Microsoft Smooth Streaming technology hámarkar gæði efnis sem náð er í gegnum netið.



„It offers excellent picture quality with good upscaling, deep black levels and natural colors, and packages it up in an attractively slim design“ cnet – Editors choice

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)

Official 3D Equipment Partner

Panasonic



## BESTA LAGIÐ



Lagið New York með rapparanum Angel Haze er í uppáhaldi.

Anna Tara Andrésdóttir, útvarps- og tónlistarkona

## Einangrun Íslands frá tískuheimi

Prír hæfileikaríkir listamenn sameina krafta sína í sýningunni Línur

„Sýningin fjallar um einangrun Íslands frá alþjóðlega tískuheiminum og veltir því upp hvort og hvernig fjarlægðin útilokar að við Íslendingar getum upplifað og skynjað hátískuna,“ segir þríeykið Ellen Loftsdóttir, Hildur Yeoman og Börkur Sigurþórsson um sýningu sína Línur sem verður opnuð í dag.

Ellen segir hugmyndina hafa kviknað þegar hún kom heim eftir að hafa unnið sem stílisti í London.

„Þegar ég kom heim virtist

ekkert vera til hérna og erfiðara að vinna þessa vinnu,“ segir Ellen. „Þá fékk ég þá hugmynd að taka nektarmyndir af fyrirsætu, velja hátískufatnað af netinu og fá Hildi til þess að teikna fötin á fyrirsætuna,“ segir Ellen en hún fékk ljósmyndarann Börk Sigurþórsson til þess að taka myndir af fyrirsætunni Kolfinnu Kristófersdóttur. Myndlistakonan Hildur Yeoman teiknaði síðan fötin á fyrirsætuna.

„Við tókum myndirnar um

2011 en þar sem við erum öll svo upptekin gerðum við smá hlé á verkefninu sem við byrjuðum síðan aftur á og kláruðum nýlega,“ segir Ellen.

Verkefnið blandar saman tveimur tjáningarformum myndlistar og ljósmyndunar og verður sýningin opnuð í dag kl. 17.00 í Hörpu og verður opin út helgina.

TEIKNAD Á FÖT Kolfinna Kristófersdóttir er fyrirsæta á sýningunni.



## Rokkara-ævintýri á skipi í Karíbahafi

Tónlistarmaðurinn Ragnar Zolberg kom fram með hljómsveit sinni Pain of Salvation á stóru skemmtiferðaskipi fyrir skömmu. „Þetta var mikið ævintýri.“

„Þetta var ótrúlega skemmtilegt og mikið ævintýri. Ég spilaði eitt mitt stærsta gigg þarna sem gekk þrýðilega,“ segir tónlistarmaðurinn Ragnar Zolberg en hann kom fram ásamt hljómsveit sinni Pain of Salvation á tónlistarhátíðinni Progressive Nation at Sea fyrir skömmu. Ekki er um að ræða neina venjulega tónlistarhátíð því hún fór fram um borð í stóru skemmtiferðaskipi. „Skemmtiferðaskipið heitir Norwegian Pearl og er fyrsta skemmtiferðaskipið sem ég hef komið í, ég fékk sjokk yfir stærðinni og leið eins og ég væri í völuhúsi,“ segir Ragnar um upplifunina en um þrjú þúsund manns voru á skipsfjöli.

Ragnar þurfti að bregða sér í hlutverk aðalsöngvara og aðalgítarleikara sænsku rokkhljómsveitarinnar því fyrir skömmu fékk Daniel Gildenlöw, söngvari sveitarinnar, lífs-hættulega streptókokkasýkingu-a og hefur legið á gjörgæslu síðan.

„Það hafði verið mikið talað um að þetta væri ekki alvöru Pain of Salvation án Daniels og það er víst mikið til í því. Við vorum því þínu smeykir yfir því að fólk myndi kannski ekki mæta og horfa á okkur. Eða ef fólk mætti án þess að vita að Daniel væri veikur yrði það fyrir vonbrigðum og kastaði eggjum og tómötum í okkur. Þegar við löbduðum inn á svið sáum við að salurinn var troðfullur og allir sungu með. Fólk virtist sem betur fer ekki of sárt yfir því að hafa fengið óðan Íslending í frontinn. Eftir tónleikana hrundi ég niður



MIKIL GLEÐI Ragnar Zolberg og hljómsveitin hans, Pain of Salvation, spiluðu á stóru skemmtiferðaskipi.

MYND/WILL BYINGTON

Eftir tónleikana hrundi ég niður úr þreytu og spennufalli og lá hreyfingarlaus bak við sviðið í dálitla stund.

úr þreytu og spennufalli og lá hreyfingarlaus bak við sviðið í dálitla stund,“ útskýrir Ragnar. Sveitin fékk þó bara einn dag til þess að æfa fyrir ferðalagið því Ragnar var á Íslandi að spila með Sign skömmu fyrir ferðalagið. „Við læstum okkur inni í herbergi og æfðum allt kvöldið fyrir fyrstu tónleikana, minnisbókin mín var orðin stúf full af textum og minnisþekkingu.“

Ragnar fékk mikið hrós fyrir góða frammistöðu. „Það voru margir mjög forvitnir um hljómsveitina Sign og ég held að Sign hafi grætt fullt af nýjum aðdáendum í þessari ferð.“

Ragnar og félagar fóru í land á nokkrum eyjum sem tilheyra Bahamaeyjum og upplifðu ýmis ævintýri. „Það gerðist margt skemmtilegt í landi eins og einn daginn hoppuðum við upp í hálfónýtan leigubíl og leigubílstjórninn var að drekka bjór þegar hann hleypti okkur inn í bíl og sagði okkur með svakalegu stolti að kalla sig „Party Machine“. Mér fannst þetta ógeðslega myndi, þangað til við mættum lögreglubíl en fulli bílstjórninn gaf allt í botn og brunaði fram úr löggunni, ég hélt að ég yrði ekki eldri en svo sá ég lögguna brosa,“ segir Ragnar um ævintýrið á Bahama-eyjum.

gunnarleo@frettabladid.is

## Hamborgarabúlla opnuð í Berlín

Halda í sömu stemningu og hefur verið á staðnum á Íslandi, segir eigandinn.

„Við erum að fara að opna í Berlín í apríl,“ segir Kristín Gunnarsdóttir, innanhússarkitekt og eigandi Hamborgarabúllu Tómasar. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Búllan opnar útibú utan landsteinanna.

„Við erum nú þegar búin að opna tvær Búllur í London og það hefur gengið vonum fram,“ segir Hildur en Bretarnir virðast kunna vel við Búlluborgarann ef marka má gagnrýni á TripAdvisor. Þar fær hamborgarastaðurinn fjórar og hálfu löngum af fimm mögulegum.

„Þetta er ofboðslega falleg Búlla, staðurinn er tilbúinn en við erum bara að stíga seinustu skrefin

varðandi leyfi og slíkt,“ segir Hildur sem vill meina að gæði borgarans muni ekki skerðast.

„Við viljum halda sömu stemningu og er á staðnum hérna heima,“ segir Hildur og bætir við að hugmyndin á bak við Hamborgarabúlluna sé ekki að hún sé formlegur veitingastaður. „Þetta er meira eins og vinir séu að bjóða í grill,“ segir Hildur og útilokar ekki að Hamborgarabúllan muni opna fleiri staði í öðrum löndum í framtíðinni.

„Við erum bara að byrja, það þarf að sinna hverju barni fyrir sig þegar það er að fæðast.“



EIGANDI OG ARKITEKT Kristín Gunnarsdóttir er þúsund þjala smiður.

BYLGJAN989

#BYLGJAN



NÝLIÐAR ÁRSINS ERU Í LOFTINU

NÝLIÐAR ÁRSINS - PLATA ÁRSINS - SÖNGVARI ÁRSINS

HLUSTENDAVERÐLAUNIN 2014 TIL HAMINGJU KALEO



SJÓNVARP



BYLGJAN.IS



ÚTVARPIÐ



FM 98.9

HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER

BYLGJAN 989



Way of Life!

# SX4 S-CROSS



## Nýr fjórhjóladrifinn sjálfskiptur Suzuki S-Cross. Verð aðeins kr. 4.880.000



SX4 S-Cross er nýjasti jepplingurinn frá sérfræðingum fjórhjóladrifsbíla Suzuki. Einstaklega rúmgott farþega og farangursrými, öflug og sparneytin vél. Eyðsla aðeins 5.7 l/100 km í blönduðum akstri.



### MEÐAL RÍKULEGS STAÐALBÚNAÐAR:

- All Grip, eitt fullkornasta fjórhjóladrifskerfi sem völ er á
- Garmin leiðsögukerfi með íslenskum kortum
- Bakkmyndavél
- Lykillaut aðgengi og ræsing
- Tvískipt loftkæling
- 7 öryggisloftþúðar
- Hraðastillir (cruise control)
- Fullkomið hljómkerfi með 7 hátölurum og BlueTooth
- Álfelgur
- Dökkan rúður

## Komið og reynsluakið

SUZUKI SPARNEYTNI



TRAUST UMBOÐ Í YFIR  
40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Skrýtnar stelpur safna

Listakonan **Kitty Von-Sometime** setti í gær af stað söfnun á vefsíðunni KarolinaFund fyrir verkefni sitt **The Weird Girls Project**. Markmið Kittyar er að safna 5.000 evrum eða tæplega 800 þúsund krónum til að geta tekið upp vídeólistaverk með 25 konum.

The Weird Girls Project hefur um nokkurra ára skeið búið til stuttmyndir með það að markmiði að efla konurnar sem bjóða sig fram til listsköpunarinnar. Þær koma fram í litríkum búningum í einstökum aðstæðum. -ssb



### Fyndnir í Finnlandi

Tveir af skemmtilegri mönnum landsins, þeir **Ari Eldjárn** og **Hugleikur Dagsson**, luku fyrir skömmu ferðalagi um Finnland þar sem þeir skemmtu Finnum með uppistandi. „Við tókum sjö gigg á túrnun, í fimm borgum á fimm dögum, undir nafninu Icelandic Comedy Invasion. Það var troðið á alla atburðina og gekk alltaf ógeðslega vel,“ segir Hugleikur um ferðalagið. Hann segir það hafa verið lærdómsríkt að ferðast með Ara og taka efnið á ensku. „Þetta var mikil keyrsla og maður var nett lúinn eftir þetta,“ bætir Hugleikur við. Þetta var í annað skiptið sem

Hugleikur fer utan að skemmta. „Ég fór líka með Ara í fyrra til Finnlands. Finnar eru með svipaðan hómur og Íslendingar og jafnvel myrkari. Ég hef gaman af Finnum,“ segir Hugleikur. -gfp



### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Upplifði sig sem annars flokks borgara hjá tannlækninum
- 2 Hafþór öruggur áfram í úrslitin | Myndband
- 3 Dujshævaev neitar sök | Gæti fengið þunga refsingu
- 4 Krabbamein afgreitt á svipaðan hátt og Facebook-leikir
- 5 Icebody olli usla í atriði Frikka Dórs

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð **Blaðberann þinn** í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

# WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS

## EYDDU Í FRÍIÐ EKKI FLUGIÐ

## EVROPA

FRÁ

## 12.990 kr.

## ÓDÝRSTA

&

## STUNDVÍSASTA FLUGFÉLAGIÐ



15 áfangastaðir í sumar

wowair.is